

Félags- og mannvísindadeild

MA-ritgerð

Fyrning kynferðisbrota gegn börnum

Refsipólítískar forsendur laga nr. 61/2007



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Svala Ísfeld Ólafsdóttir

Febrúar 2009

Umsjónarkennari: Dr. Helgi Gunnlaugsson, prófessor

Nemandi: Svala Ísfeld Ólafsdóttir

Kennitala: 191263-4489

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni til meistaraþrófs í félagsfræði við félags- og mannvísindadeild félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Hún fjallar frá refsipólítísku sjónarmiði um breytingar sem vorið 2007 voru gerðar á fyrningarreglum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með breytingarlögum nr. 61/2007. Samkvæmt þeim skulu tilgreind alvarleg kynferðisbrot gegn börnum ekki fyrnast.

Það sem gerir breytinguna sérstaklega athyglisverða frá þessu sjónarmiði er að með henni vék löggjafinn í veigamiklum atriðum frá áður markaðri stefnu sem gerði ráð fyrir að eingöngu afbrot er varðað gætu ævilöngu fangelsi skyldu ekki fyrnast. Í þessu ljósi taldi ég það áhugavert sem sjálfstætt fræðilegt rannsóknarefni að grafast fyrir um aðdraganda þessarar grundvallarstefnubreytingar, réttmæti hennar og rökin sem hún styðst við.

Umsjónarkennari minn var Helgi Gunnlaugsson prófessor og kann ég honum bestu þakkir fyrir leiðsögnina, holl ráð og ekki síst fyrir að bregðast ætíð skjótt við er ég þurfti á aðstoð hans að halda.

Ég vil jafnframt þakka öðrum sem veittu mér liðsinni og þá einkum dómurunum sex sem fúsir veittu mér viðtal við framkvæmd eigindlegu rannsóknarinnar sem gerð er grein fyrir í VII. kafla. Eðli málsins samkvæmt verður nafna þeirra ekki getið. Vegna reynslu þeirra og þekkingar er mikill fengur í því að hafa kynnst persónulegum viðhorfum þeirra til ýmissa hliða kynferðisbrota gegn börnum, nýrra fyrningarreglna og reksturs slíkra mála fyrir dómstólum. Hafa má í huga að persónuleg viðhorf dómara verða ekki lesin úr dómum sem þeir hafa kveðið upp. Störf þeirra gera ríkar kröfur til óhlutdrægni og þess að þeir fari að lögum og viðurkenndri lögfræðilegri aðferðafræði. Af kröfum lögfræðinnar leiðir að rétt saminn dómur er ekki heimild um persónuleg viðhorf dómaranna.

Loks vil ég sérstaklega þakka Thelmu Ásdísardóttur fyrir að leyfa mér að fylgjast með sér við vinnu sína í Stígamótum einn sólríkan vordag í apríl og birta mér þannig sýn inn í hið mikilvæga starf sem fram fer á vegum samtakanna.

Reykjavík, janúar 2009

Útdráttur

Í ritgerð þessari er rakinn aðdragandi breytinga, sem gerðar voru á fyrningarreglum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, vegna kynferðisbrota gegn börnum vorið 2007, með lögum nr. 61/2007 og refsipólítískar forsendur þeirra. Ein þeirra fól í sér að alvarleg kynferðisbrot gegn börnum fynast nú ekki. Í henni felst frávik frá þeirri stefnumörkun löggjafans til langs tíma að fækka ófyrnanlegum brotum og að einungis þau brot sem geta varðað ævilöngu fangelsi skuli vera ófyrnanleg. Ekkert þeirra kynferðisbrota sem breytingin tekur til getur varðað svo þungri refsingu.

Til að varpa ljósi á aðdraganda löggjafarinnar og þær röksemdir sem hún er reist á hafa verið skoðuð opinber gögn, einkum löggjöfin sjálf og gögn um meðferð málsins á Alþingi (lögskýringargögn), auk annarra opinberra gagna og skýrslna. Til að rannsaka nánar einstakar röksemdir sem fram komu fyrir breytingunni hefur erlend löggjöf verið könnuð til samanburðar. Þá er gerð grein fyrir innlendum og erlendum rannsóknum á skammtíma- og langtímaáhrifum brotanna fyrir þolendur. Einnig var framkvæmd eiginleg rannsókn í formi viðtala við sex starfandi dómara, sem hafa viðtæka reynslu af meðferð kynferðisbrota gegn börnum, í því skyni að grafast fyrir um viðhorf þeirra til þessara breytinga sem og annarra atriða sem tengjast meðferð þessara brota. Þá er að lokum gerð grein fyrir viðamikilli athugun á dómaframkvæmd, einkum með tilliti til þeirra gagna sem liggja fyrir í slíkum málum um afleiðingar brotanna fyrir þolendur og upplýsinga sem í þeim er að finna um það efni.

Fram kemur að breytingin átti sér langan aðdraganda þótt svo mætti virðast af ferli málsins á Alþingi vorið 2007 að hana hafi borið brátt að. Fjöldi frumvarpa sem að þessu snýr hefur verið lagður fram á Alþingi síðari ár og umræður á þeim vettvangi um eðli kynferðisbrota gegn börnum, rannsóknir fagfólks og reynslusögur fórnarlamba kynferðisbrota og lýsingar þeirra á afleiðingum brotanna á lífshlaup sitt, skýra þetta frávik frá meginstefnu löggjafans að verulegu leyti. Ákvörðunin var tekin eftir mikil skoðanaskipti og umræður. Aðdragandinn sýnir að breytingin byggist á sérstöku eðli þessara brota og felur í sér áherslu á alvarlegar og langvarandi afleiðingar þeirra fyrir fórnarlömbin, sem taldar eru vega þyngra en almenn rök að baki fyrningarreglum um réttarstöðu brotamanns, erfiðleika við rannsókn brotanna og sönnun. Þótt réttarstaðan á Íslandi sé nokkuð sérstök í samanburði við önnur lönd er niðurstaðan engu að síður sú að rök þau sem breytingin er reist á eru í samræmi við niðurstöður fjölda rannsókna á skammtíma- og langtímaafleiðingum brotanna fyrir lífshlaup þolenda. Hún virðist einnig eiga sér nokkuð sterkan hljómgrunn meðal þeirra dómara sem viðtöl voru tekin við, auk þess að vera í góðu samræmi við gögn sem oft eru lögð fram í dómsmálum um áhrif brotanna fyrir þolendur. Rök þau sem breytingin studdist við eru þannig studd traustum gögnum. Á hinn bóginn má vera að vegna fyrrnefndra vandkvæða feli breytingin fyrst og fremst í sér táknræna viðurkenningu löggjafans á alvarleika brotanna, fremur en að hún eigi eftir að hafa mikla raunhæfa þýðingu.

Abstract

This thesis examines amendments to the Icelandic Penal Code No. 19/1940 by Act No. 61/2007 concerning the abolishment of statutory limitations for certain serious sex offences against children. The thesis aims to examine the criminal policy considerations leading to these amendments. The policy change on behalf of the legislature reflected in these amendments is interesting since the legislature's overall policy has, over the last decade, been to reduce the number of offences where no statutory limitation applies and that this should only apply with regard to offences that can lead to life imprisonment. However, none of the relevant sexual offences can lead to life imprisonment.

To cast light on this legislation and the main reasons and arguments leading to it, the official documents the underlying the proposed bill are examined – mainly the legislation itself and travaux préparatoires (explanatory reports) and other official reports. To further examine the individual arguments leading to the amendments, a special chapter of the study is devoted to a comparison of the Icelandic legislation in this regard and the legislation of selected European countries. This is followed by a chapter on research and studies on the short and long term effects of sexual offences on the victims. Furthermore, the results are presented of a qualitative research that was undertaken through interviews of six judges of the Icelandic courts. These judges have long working experience in handling cases concerning sexual offences against children. The aim was to obtain their personal views in regard to the above amendments and in relation to other issues concerning the handling and proceedings of such cases. Finally, the thesis offers a study of case law of Icelandic courts in this field, mainly with regard to the judgments of Supreme Court of Iceland. The cases are specifically analysed in terms of the types of expert reports that have been submitted in relation to the effects that the alleged offence have had on the victim; additionally, the the information contained in expert reports is discussed.

This study reveals that these amendments were were based on a long preparation process, although it may seem that the proposal of the bill in spring 2007 at Parliament happened rather rapidly. Over the past years, many proposals relating to this have been submitted to Parliament by individual politicians. Furthermore, general and academic discussions on the nature of sexual offences against children, scientific research, testimonies and accounts by victims of the effects of sexual offences on their life all help to explain this policy change. The decision was taken after a long and thorough preparation and lengthy discussions. It shows that the policy changes are rooted in the specific nature of these offences and based on the emphasis on the long-term serious effects of these offences on the victims. The legislation reflects the view of the legislator that these arguments that relate to the rights of the alleged offender and problems relating to evidence and proof should weigh heavier than traditional arguments relating to statutory limitations,

Although the legal situation in Iceland is somewhat different from other countries studied, a conclusion can be drawn that the arguments that led to these legislative amendments are coherent with studies conforming to the serious short-term and long-term effects of sexual offences on the victims. The amendments would also seem to have a fairly strong support among the judges interviewed. On the other hand, because of the difficulties relating to the collection of evidence and proof in such cases, sometimes even many years after an offence has been committed, the amendments seem to have limited practical consequences in the long run, but rather turn out to represent a symbolic recognition on behalf of the legislator of the serious nature of these offences.

Efnisyfirlit

I. Inngangur	7
II. Fyrning kynferðisbrota gegn börnum	11
1. Almenn um fyrningu sakar	11
2. Rök að baki fyrningarreglum	14
3. Fyrning kynferðisbrota gegn börnum	15
4. Raunhæf þýðing fyrningarreglna	20
4.1. Tölulegar upplýsingar frá embætti ríkissaksóknara	20
4.2. Dómar um fyrningu	21
III. Aðdragandi breytinganna	24
1. Frumkvæði umboðsmanns barna	24
2. Lögleiðing sérreglu um upphaf sakarfyrningarfrests vegna kynferðisbrota gegn börnum	26
3. Þingmannafrumvörpin fjögur	28
IV. Rök með og á móti lagabreytingunum 2007	31
1. Rök gegn lagabreytingunum	31
2. Rök með lagabreytingunum	34
V. Erlendur samanburður	37
VI. Áhersla á brotaþola	47
1. Almenn	47
2. Upplýsingar frá Stígamótum	49
3. Aðrar vísindalegar rannsóknir	52
4. Dagur með Thelmu Ásdísardóttur	55
4.1. Thelma	56
4.2. Viðtölin	58
4.3. Ályktanir	60
4.4. Önnur atriði	61

VII. Viðhorf dómara til fyrningar sakar í kynferðisbrotum gegn börnum	63
1. Inngangur	63
2. Framkvæmd rannsóknarinnar	65
2.1. Rannsóknarspurningar	65
2.2. Rannsóknaraðferðir	66
2.3. Þátttakendur	67
2.4. Gagnasöfnun og úrvinnsla	68
2.5. Trúnaður	69
3. Viðhorf dómara	70
3.1. Afnám fyrningarfrests	70
3.2. Helstu sérkenni kynferðisbrota gegn börnum	72
3.3. Refsingar fyrir gróf kynferðisbrot gegn börnum	74
3.4. Miskabætur og staða brotaþola	75
3.5. Minnisstæðasta málið	76
3.6. Kynjasamsetning dómstóls	78
3.7. Rannsókn kynferðisbrota gegn börnum	78
3.8. Persónuleg upplifun dómara	79
4. Samantekt og lokaorð	79
VIII. Dómar vegna kynferðisbrota gegn börnum	82
1. Inngangur	82
2. Dómar um alvarleg kynferðisbrot gegn börnum, sem nú eru ófyrnanleg	83
3. Ályktanir um alvarleg kynferðisbrot gegn börnum	90
4. Dómar um kynferðisbrot gegn börnum sem sæta fyrningu	92
5. Ályktanir um önnur kynferðisbrot gegn börnum en þau sem eru ófyrnanleg	99
6. Dómar þar sem ekki liggja fyrir skýrslur um brotaþola eða þær ekki sérstaklega raktar	100
IX. Samantekt á efni ritgerðar	103
X. Helstu niðurstöður	110
Heimildaskrá	113
Dómaskrá	115

I.

Inngangur

Nei ég skal aldrei gleyma því að það varst þú sem eyðilagðir alt gott og hreint og fallegt sem ég átti í sálinni, með því að troðast einsog viðbjóðslegt kvikindi uppí rúmið okkar mömmu þegar við komum hingað alslausar í fyrsta sinn, - hún var það eina sem ég átti, og þú tókst hana frá mér og eyðilagðir hana og gerðir hana að sömu skepnunni og þú ert sjálfur, og síðan ætlaðirðu að leika sama leikinn við mig, sem var þá ekki annað en barn á tólfta ári, og ég er ekki búin að ná mér eftir það enn og næ mér aldrei meðan ég lifi, - þessi andstygð hefur ásótt mig í vöku og svefni altaf síðan, og þegar mig dreymir djöfulinn á næturnar þá ert það þú, þú, þú, - þú ert djöfullinn sjálfur og ég lifi aldrei, aldrei glaðan dag fyren ég veit að þú ert dauður.

Salka Valka

Í því skyni að styrkja og efla réttarstöðu barna sem þolendur kynferðisbrota samþykkti löggjafinn vorið 2007 þýðingarmiklar breytingar á fyrningarreglum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.¹ Breytingarnar eru tvenns konar. Hin fyrri felur í sér að sakir vegna alvarlegra kynferðisbrota gegn börnum fynast ekki, en hin síðari að kynferðisbrot sem þykja ekki jafnalvarleg skuli lúta almennum sakarfyringarfrestum, sem þó byrji ekki að líða fyrr en brotþoli hefur slitið barnsskónum.

Í upphaflegu frumvarpi dómsmálaráðherra til breytinga á kynferðisbrotakafli hegningarlaganna, sem fyrst var lagt fram á Alþingi vorið 2006 og síðan aftur um haustið og varð að lögum nr. 61/2007, var miðað við að sakarfyringarfrestir byrjuðu ekki að líða fyrr en brotþoli hefði náð 18 ára aldri. Ekki var gert ráð fyrir afnámi fyrningarfrests fyrir alvarlegri brot og í greinargerð með frumvarpi til laganna voru færð fram sérstök rök gegn því að bregða út af venjunni og afnema fyrningarfrest vegna þeirra.

¹ Hér eftir skammstafað hgl. Nánar er fjallað um fyrningu og réttaráhrif hennar í II. kafla (1).

Segja má að þá mikilvægu breytingu, sem felst í afnámi fyrningar sakar fyrir alvarleg kynferðisbrot gegn börnum, hafi borið brátt að, enda kom hún fram sem breytingartillaga við framangreint frumvarp á allra síðustu dögum þingsins. Var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Breytingin er á margan hátt athyglisverð, en nefna má sérstaklega tvennt í því sambandi. Í fyrsta lagi gengur hún gegn þróun undanfarinna áratuga hér á landi, þar sem stefnan hefur verið að fækka ófyrnanlegum brotum. Er sú framvinda í samræmi við réttarþróun annars staðar á Norðurlöndum. Í öðru lagi hefur sú regla gilt að öll afbrot fyrnist nema þau sem geta varðað ævilöngu fangelsi, eins og t.d. landráð og manndráp af ásetningi. Ekkert þeirra kynferðisbrota sem lýst er í XXII. kafla almennra hegningarlaga getur varðað ævilöngu fangelsi og hafa þau því öll verið háð fyrningu. Með breytingarlögum nr. 61/2007 hefur þannig verið gerð sú undantekning að alvarleg kynferðisbrot gegn börnum fyrnast ekki, þrátt fyrir að varða ekki þyngstu mögulegu refsingu.²

Meginmarkmið ritgerðarinnar er að fjalla um réttmæti þessarar breytingar og greina nánar þau rök sem hún studdist við. Vegna þess frávíks sem hún felur í sér frá áður markaðri stefnu löggjafans um fyrningu brota er það refsipólítískt áhugavert rannsóknarefni að kanna rökin sem færð hafa verið fyrir breytingunni og hvort þau eigi að veða þyngra en þau rök sem teft var fram gegn henni. Til að ná þessu markmiði er byrjað á því að rekja þróun og umræður um fyrningarreglur hegningarlaganna vegna kynferðisbrota gegn börnum, einkum að því leyti sem þær skýra aðdraganda breytinganna sem gerðar voru með lögum nr. 61/2007.

Í öðru lagi er þess freistað að varpa ljósi á þau sjónarmið sem fram komu í umræðunni og aðdraganda hennar og réðu mestu um sinnaskipti löggjafans og rakin þau rök sem fram komu með og á móti þessari breytingu. Í reynd er þess freistað að kafa dýpra í efnið og er einkum ástæða til að nefna eftirfarandi: a) Fjallað er um fyrningarreglur í öðrum löndum og áhrif þeirra og þær bornar saman við íslenskan rétt, eins og hann er eftir umræddar lagabreytingar. Telja verður að þetta skipti máli þar sem breytingarnar hafa m.a. verið gagnrýndar fyrir að vera í ósamræmi við fyrirkomulag í öðrum löndum sem byggja á áþekktum réttarhugmyndum og gert er á Íslandi. Leitast verður við að meta hvort og þá

² Sbr. 1. gr. laga nr. 61/2007.

hversu mikið frávík er um að ræða. b) Gerð er grein fyrir rannsóknum sem gerðar hafa verið á skammtíma- og langtímaáhrifum kynferðisbrota gegn börnum á sálarheill og lífshlaup þolenda. Þetta er einnig mikilvægt, þar sem meginröksemdir fyrir breytingunni fólu einmitt í sér vísan til alvarlegra og langvarandi áhrifa brotanna á brotaþolana. Á hinn bóginn skorti einnig talsvert á að í umræðunni væri vísað til viðurkenndra vísindarannsókna eða fræðilegra greinargerða um slíkar rannsóknir þessu til staðfestingar. Verður hér gerð grein fyrir slíkum rannsóknum, m.a. með það að markmiði að meta réttmæti þessarar röksemdar. c) Höfundur framkvæmdi eigindlega viðtalsrannsókn til að fá innsýn í viðhorf nokkurra dómara, sem allir búa yfir reynslu af meðferð mála er varða kynferðisbrot gegn börnum, í þeim tilgangi að kanna hug þeirra til þessara breytinga. Vegna þeirra mikilvægu röksemda sem fram komu gegn umræddri breytingu, verður að telja að viðhorf dómara sé þýðingarmikið innlegg í umræðuna. Rannsókninni og framkvæmd hennar er nánar lýst í VII. kafla. d) Í framhaldi af greinargerð um vísindalegar rannsóknir á afleiðingum brota af þessu tagi fyrir fórnarlömbin, verður gerð grein fyrir þátttökuathugun sem gerð var hjá Stígamótum. e) Gerð er grein fyrir rannsókn á dómaframkvæmd frá árinu 1998, þar sem dómur Hæstaréttar í málum sem varða kynferðisbrot gegn börnum eru athugaðir með tilliti til þeirra gagna sem liggja frammi í slíkum málum og gefa upplýsingar um skammtíma- og langtímaáhrif brotanna fyrir þolendur þeirra. Telja verður að dómarnir séu mikilvæg heimild um þetta efni þar sem oft liggja frammi gögn um sérstaka skoðun á þolanda brots, einkum til að styðja kröfur um miskabætur, þótt þau geti einnig oft haft þýðingu við ákvörðun refsingar.

Efni einstakra kafla ritgerðarinnar er sem hér segir:

Í *II. kafla* er gerð almenn grein fyrir fyrningu kynferðisbrota gegn börnum. Fjallað er um hugtakið „fyrningu“ og þau refsipólítísku rök sem búa að baki reglum um fyrningu afbrota yfirleitt. Þá er gerð sérstök grein fyrir reglum um fyrningu kynferðisbrota gegn börnum og stuttlega fjallað um nokkur álitamál sem varða skýringu þeirra, sem og raunhæfa þýðingu. Þessi kafli er fyrst og fremst unninn úr frumgögnum, einkum almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. og breytingarlög nr. 61/2007, en einnig hafa verið skoðaðar einstakar dómsúrlausnir. Þá er einnig stuðst við útgefið efni fræðimanna í lögfræði.

Í *III. kafla* er gerð grein fyrir aðdraganda breytinganna sem gerðar voru á fyrningarreglum almennra hegningarlaga vorið 2007, þar sem mælt var svo fyrir að tiltekin alvarleg kynferðisbrot gegn börnum skyldu ekki fyrnast. Kaflinn varpar ljósi á að

breytingin á áður markaðri stefnu löggjafans um fyrningu brota átti sér talsvert langan aðdraganda. Í *IV. kafla* er síðan gerð grein fyrir þeim meginröksemdum sem fram komu í aðdraganda setningar breytingarlaga nr. 61/2007 og þær dregnar saman. Báðir þessir kaflar eru fyrst og fremst byggðir á frumgögnum, einkum þingskjölum og opinberum skýrslum.

Í *V. kafla* eru hinar íslensku reglur, eins og þær hljóða eftir umrædda lagabreytingu, bornar saman við réttarstöðuna í öðrum löndum. Þrettán lönd voru skoðuð í þessu skyni. Í átta tilfellum voru lögin sjálf í viðkomandi landi athuguð, en í öðrum tilfellum er byggt á tveimur samanburðarránsóknum sem gerðar voru fyrir franska þingið (2004 og 2007) þegar reglur er að þessu líta voru til endurskoðunar þar í landi.

Í *VI. kafla*, sem heitir „Áhersla á brotþola“, eru skoðuð nánar rökin að baki lagasetningunni sem vísa til stöðu brotþolans og sérstakra afleiðinga brotsins fyrir hann. Leitast er við að meta réttmæti þessara röksemda og hvort þær styðjast í nægilega miklum mæli við niðurstöður vísindalegra rannsókna á þessu sviði. Kaflinn er aðallega byggður á útgefnu efni, en ekki rannsóknum höfundar sjálfs. Rétt er þó að taka fram að kaflinn er að hluta til unninn upp úr vettvangsnótum höfundar sem urðu til er hann fylgdist með Thelmu Ásdísardóttur að störfum hjá Stígamótum einn dag í apríl 2007.

Í *VII. kafla* er gerð grein fyrir eigindlegri rannsókn sem höfundur framkvæmdi á viðhorfum dómara til kynferðisbrota gegn börnum. Tekin voru viðtöl við sex dómara sem hafa reynslu af meðferð sakamála af þessu tagi og starfa við dómstóla landsins. Nokkrar spurningar voru lagðar fyrir dómarana í því skyni að fá fram afstöðu þeirra til hinna ýmsu þátta í meðferð slíkra mála. Niðurstöður rannsóknarinnar eru dregnar saman í lok kaflans.

Í *VIII. kafla* er gerð grein fyrir dómum í málum vegna kynferðisofbeldis gegn börnum. Meginmarkmið kaflans er að skoða dóma með hliðsjón af þeim gögnum sem lögð eru fram í málunum um afleiðingar brota á brotþola til skemmri eða lengri tíma. Skoðaðir voru dómar Hæstaréttar Íslands frá árinu 1998 til loka árs 2008 og þeir lesnir með tilliti til þess sem þar er að finna um áhrif brotanna á þolendur. Kaflinn er eingöngu unnin úr frumgögnum, þ.e. umræddum dómum eins og þeir birtast í dómasafni Hæstaréttar. Sumir þeirra eru reifaðir, vísað er til annarra sem niðurstöður kaflans eru byggðar á í neðanmálgreinum, en aðra hefur ekki þótt ástæða til að nefna þótt skoðaðir hafi verið.

Loks er í tveimur síðustu köflunum, *IX. og X. kafla*, dregnar saman meginniðurstöður ritgerðarinnar.

II.

Fyrning kynferðisbrota gegn börnum

1. Almenn um fyrningu sakar

Hin almenna merking hugtaksins *fyrning* er sú að ríkisvaldið glatar að ákveðnum tíma liðnum rétti til að koma fram refsingu eða öðrum viðurlögum fyrir afbrot. Fyrning er tvenns konar, annars vegar *fyrning sakar* og hins vegar *fyrning refsingar og annarra viðurlaga*.

Fyrning sakar felur í sér að málshöfðunarréttur ríkisvaldsins fyrnist vegna refsiverðrar háttsemi. Þetta má orða svo að sök manns í refsiréttarlegum skilningi fyrnist og verður hann þar af leiðandi ekki sakfelldur fyrir háttsemi sína. Þegar aftur á móti er talað um *fyrningu refsingar og annarra viðurlaga* er átt við að refsikennd viðurlög, sem ákveðin hafa verið með dómi, sátt (sektargerð) eða úrskurði, falli niður, án þess að það hafi áhrif á sjálfa sakfellinguna og önnur réttaráhrif tengd henni. Eftir það verður refsing ekki fullnustuð. Í þessari ritgerð er eingöngu fjallað um fyrningu sakar.

Um fyrningu sakar er fjallað í IX. kafla hgl., sbr. 80.-82. gr. Sök fyrnist ýmist á 2 árum, 5 árum, 10 árum eða 15 árum og fer lengd fyrningarfrests eftir hámarksrefsingu sem getur legið við broti, sbr. 81. gr. Fram að gildistöku breytingarlaga nr. 61/2007 var það í þeim tilvikum einum sem brot gat varðað allt að ævilöngu fangelsi að sök fyrntist ekki.

Í 82. gr. er að finna nákvæmar reglur um tímamarkið sem ber að miða upphaf fyrningarfrests við. Aðalreglan er að fyrningarfrestur telst frá þeim degi er refsiverðum verknaði eða refsiverðu athafnaleysi lauk. Áhrif þess að lögum að sök er fyrnd eru þau að ríkisvaldið glatar rétti til að krefjast þess að brotamaður sæti refsingu eða öðrum viðurlögum fyrir brot sín. Eftir það þarf brotamaður ekki að óttast að verða dreginn til refsíabyrgðar fyrir misgjörðir sínar. Sakarfyrning er *refsilokaástæða* og leiðir til sýknu af refsikröfu ef mál er höfðað og kemur til dóms.³

³ Ítarlegri umfjöllun um fyrningarreglur almennra hegningarlaga og fræðilegt umhverfi þeirra má finna í bók Jónatans Þórmundssonar (1992): *Viðurlög við afbrotum* (sjá tífunda þátt).

Í 4. mgr. 82. gr. hgl. kemur fram að fyrningarfrestur rofni þegar rannsókn opinbers máls hefst fyrir rannsóknara (lögreglu) gegn manni sem sakborningi. Þá kemur fram í 5. mgr. sömu greinar að rannsókn rjúfi ekki fyrningarfrest ef henni er hætt, ákærandi ákveður að höfða ekki opinbert mál gegn sakborningi eða ákærandi afturkallar ákæru. Þá segir að stöðvist rannsókn máls um óákveðinn tíma rjúfi rannsóknin heldur ekki fyrningarfrest. Ef rannsókn máls stöðvast aftur á móti af þeirri ástæðu að sakborningur hefur komið sér undan rannsókn, rýfur rannsóknin fyrningarfrest, en sá tími sem rannsóknin stóð yfir telst ekki til fyrningartímans. Ef máli er vísað frá héraðsdómi og ekki er hafist handa við að bæta úr ágöllum á málatilbúnaði innan 6 mánaða frá þeim degi er málinu var vísað frá, rýfur undangengin rannsókn ekki fyrningarfrest. Í þessum ákvæðum eru nokkur matsatriði, en inntak ákvæðanna hefur nánar verið mótað í fræðikenningum og réttarframkvæmd, m.a. í dómsúrlausnum, og verður að hafa það í huga við lestur þeirra og skýringu. Ekki þykir ástæða til að fjalla frekar um þessi matsatriði í þessari ritgerð.

Þá eiga sérstök sjónarmið við um upphaf fyrningar þegar um svonefndar brotaeindir er að ræða. Við þessar aðstæður miðast upphaf fyrningar við lok brotastarfseminnar. Í dómum hefur verið litið svo á að tíð kynferðisleg misnotkun sem nær yfir langt tímabil beri að líta á sem framhaldsbrot og miða upphaf fyrningar við síðasta verknað.⁴ Þetta getur þannig haft raunhæfa þýðingu þegar um slík brot ræðir, eins og rakið verður í næsta kafla. Almennt gera dómstólar nokkuð strangar kröfur í þessum efnum. Þá má nefna að sú meginregla gildir í refsirétti að refsilögum verður ekki beitt afturvirk, a.m.k. ekki ef hin nýju lög eru sakborningi óhagfelldari en hin eldri, sbr. 2. gr. hgl. Af þessari meginreglu leiðir að nýjum fyrningarreglum verður ekki beitt um brot sem framin hafa verið fyrir gildistöku þeirra. Hafi þannig fyrningarfrestur byrjað að líða í tíð eldri laga

⁴ Í *H 454/2001* var ákærði dæmdur í fangelsi í 5 ár og 6 mánuði fyrir kynferðisbrot gegn stjúpdóttur sinni um árabíl þegar hún var á aldrinum 9-14 ára. Í dómi Hæstaréttar segir: „Eins og atferlinu var háttað verður að líta á það sem framhaldandi röð brota, sem samkvæmt ákæru verður að miða við að lokið hafi á árinu 1987.“ Jafnframt má nefna *H 658/2007* í þessu sambandi. Í því máli var maður sakfelldur fyrir kynferðisbrot gagnvart sex ungum stúlkum, þar af voru þrjár frænkur hans. Gagnvart stúlkunni D var hann ákærður fyrir kynferðisbrot um árabíl, eða frá því stúlkan var 4 ára þar til hún varð 10 ára. Í fjölskipuðum dómi héraðsdóms er talað um „brotahrinu“ í þessu samhengi. Þar segir orðrétt: „Með hliðsjón af framburðum fjölda vitna verður slegið föstu að það brot hafi átt sér stað á árinu 1993 og að þá hafi jafnframt lokið brotahrinu gagnvart D.“ Í *H 32/2004* var maður ákærður fyrir kynferðisbrot gagnvart stúlkubarni, m.a. fyrir að hafa margsinnis á árunum 1985-1989 fengið stúlkuna til tiltekinna kynferðisathafna með sér. Í niðurstöðu fjölskipaðs héraðsdóms segir að líta beri á háttsemi ákærða „sem samfelld brot, þannig að sök vegna einstakra tilvika teljist ekki fyrnd nema háttsemi í heild sinni hafi lokið fyrir upphaf fyrningarfrestsins“. Ákærði var sýknaður af refsikröfu ákæruvaldsins vegna fyrningar. Dómurinn er nánar reifaður í II. kafla (4.2).

eiga tímafrestir þeirra laga við um brotið þótt frestinum ljúki ekki fyrr en eftir gildistöku hinna nýrri. Af þessu kunna að leiða álitæfni um það hvenær hinar nýju reglur um fyrningu fá raunhæfa þýðingu, eins og rakið er í II. kafla (4.2) hér á eftir.

Að síðustu er vert að hafa í huga að þótt sök sé fyrnd er unnt að dæma sakborning til greiðslu miskabóta hafi slík krafa verið gerð ef eingöngu er sýknað á grundvelli fyrningar. Í þessu felst að brotþoli getur fengið nokkra uppreist. Í dómasafni Hæstaréttar er að finna nokkur dæmi um þetta. Af dómum þar sem um er að ræða kynferðisbrot gegn börnum má nefna *H 334/2004*:

X var ákærður fyrir kynferðisbrot gegn stúlkunni B á árunum 1990 til og með 1994, þá er hún var 9 til 13 ára gömul. Var X sýknaður af brotunum utan að talið var sannað að hann hefði áreitt B kynferðislega á árinu 1994. Brotið var aftur á móti talið fyrnt þegar rannsókn hófst fyrir lögreglu á árinu 2003. Dómur var lagður á kröfu B um miskabætur þar sem X var eingöngu sýknaður á grundvelli fyrningar. Var X gert að greiða B 800.000 kr. í bætur ásamt vöxtum og dráttarvöxtum. Um þetta segir orðrétt í dómi Hæstaréttar: „*Ákærvaldið hefur gert kröfu til miskabóta af hálfu stúlkunnar að kröfu hennar. Samkvæmt 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 þykir mega leggja dóm á þá kröfu þar sem ákærði er eingöngu sýknaður af refsikröfu vegna fyrningar.*”

Með lögum nr. 20/1981 voru gerðar verulegar breytingar á fyrningarreglum hegningarlaga í kjölfar heildarendurskoðunar sem fram hafði farið á þeim á vegum hegningarlaganefndar. Meðal annars var mörkuð sú stefna, sem er í samræmi við lagaþróun í Danmörku og Noregi, að öll brot væru háð fyrningu, nema þau sem gætu varðað ævilöngu fangelsi.⁵ Þessi stefna er áréttuð í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 20/1981, en ekki er að því vikið að sérstakar fyrningarreglur kynnu að eiga við um kynferðisbrot gegn börnum.⁶ Frá og með gildistöku laga nr. 20/1981 hefur stefna löggjafans falist í að fækka brotategundum sem ævilangt fangelsi getur legið við og þar með ófyrnanlegum brotum.

⁵ Fram að gildistöku laga nr. 20/1981 fyrntust ekki eftirtalin brot: a) Brot í opinberu starfi, sbr. XIV. kafla almennra hegningarlaga, ef refsing sem til var unnið fór fram úr sektum. b) Brot þar sem þyngsta refsing sem við broti lá fór fram úr sex ára fangelsi og refsing sú sem til var unnið var þyngri en átta mánaða fangelsi.

⁶ Safn greinargerða við almenn hegningarlög 1989, bls. 129-130.

2. Rök að baki fyrningarreglum

Þess má spyrja hvort réttlætanlegt sé að alvarleg afbrot eigi yfirleitt að fyrnast þótt þau varði ekki ævilöngu fangelsi. Er það sanngjarnt og eðlilegt að afbrotamenn komist hjá refsingu þegar brot þykir sannað vegna þess tíma sem liðinn er frá því að það var framið? Ýmis rök hafa verið talin mæla með fyrningu og eru þau m.a. rakin í riti Jónatans Þórmundssonar, *Viðurlög við afbrotum*.⁷ Þar er bent á eftirfarandi:

a) Eftir því sem tíminn líður eykst hættan á að sönnunargögn glatist. Vitni týna tölunni, atburðir gleymast og gögn fara forgörðum. Þetta gerir það að verkum að sönnunarstaðan verður erfið og hefur áhrif á bæði sókn málsins af hálfu ákærvalds og möguleika sakbornings til að verja sig.

b) Fyrningarreglur hafa aðhaldshlutverk. Þannig veita þær lögreglu, ákærvaldi og dómstólum ákveðið aðhald um að reka refsimál með hæfilegum hraða.

c) Varnaðaráhrif eru mikilvægur tilgangur refsingar, bæði gagnvart sökunauti, sem og út í frá. Varnaðarsjónarmiðin verða veikari er fram líða stundir, einkum þegar sökunautur hefur ekki brotið af sér aftur. Þannig dregur úr refsipörf og almennir þjóðfélagshagmunir af því að refsa manni verða minni með tímanum. Þessu til viðbótar minnkar þörfin fyrir útrás vanþóknunar og fordæmingar smám saman.

d) Að síðustu má nefna að tillit til stöðu sakbornings mælir almennt með því að brot fyrnist. Ljóst er að málssókn, dómur eða fullnusta refsingar löngu eftir að brot var framið getur valdið mikilli röskun á lífi manns og fjölskyldu hans.

Rökin sem Jónatan tilgreinir eru vel þekkt í refsiréttarlegri umræðu og mikilvæg frá refsipólítísku sjónarmiði. Þau mæla raunar sterklega með því að brot fyrnist, sem er meginregla í refsirétti. Athygli vekur þó að í umfjöllun sinni um rök með og á móti fyrningu vísar Jónatan ekki sérstaklega til brotaþola og afleiðinga brots.

Tillitið til brotaþola kann þó að mæla með því að a.m.k. tiltekin alvarleg brot fyrnist ekki eða fyrnist á mjög löngum tíma. Má í því sambandi benda á að þolandi brots kann að sitja uppi með alvarlegar afleiðingar brots í mjög langan tíma, jafnvel það sem

⁷ Jónatan Þórmundsson 1992, einkum bls. 302-303.

hann á eftir ólifað. Þessar afleiðingar geta verið fjárhagslegar, líkamlegar (jafnvel andleg eða líkamleg fötlun) eða varanlegir erfiðir sálrænir og geðrænir kvillar sem raktir verða til brots. Spyrja má hvort tillitið til brotþola eigi að leiða til þess að hann kunni að eiga kröfu, siðferðilega kröfu eða réttlætiskröfu, á því að brotamaður sæti refsingu fyrir gjörðir sínar, jafnvel eftir mjög langan tíma. Brotamaður megi gera ráð fyrir að axla ábyrgð á gjörðum sínum, ef hægt er að sanna sök á annað borð, löngu síðar, jafnvel þótt hann að hafa snúið frá villu síns vegar, rétt eins og þolandi brots kann að þurfa að sitja uppi með afleiðingar brotsins til langframa. Þetta er mikilvægt atriði þegar metið er réttmæti þeirra breytinga sem gerðar voru með lögum nr. 61/2007, sem kveða á um að nánar tiltekin alvarleg kynferðisbrot gegn börnum fyrnist ekki. Langvarandi og alvarlegar afleiðingar brotanna fyrir brotþola voru mikilvæg rök fyrir breytingunum eins og síðar verður rakið, sbr. einkum VI. kafla. Má nefna að vel er mögulegt að það geti skipt máli fyrir þolanda og auðveldað honum að komast yfir afleiðingar brots ef hann veit að unnt er að draga geranda til ábyrgðar eða hann veit að það hefur verið gert þótt langur tími sé liðinn frá verknaði. Hér má vísa til VII. kafla, þar sem einn dómara kemur inn á þetta. Hann teflir fram þeim rökum til réttlætningar afnámi fyrningar sakar vegna alvarlegra kynferðisbrota gegn börnum að það geti verið liður í bataferli þolandans að eiga möguleika á að kæra þrátt fyrir að langur tími sé liðinn.

Áhersla af þessu tagi, þ.e. á mögulega sértæka hagsmuni þolenda, hefur ekki fengið mikið rými í hefðbundinni refsiréttarlegri umræðu hér á landi um fyrningarreglur og réttmæti þeirra, fyrr en e.t.v. með breytingunum sem gerðar voru á fyrningarreglum hegningarlagna árið 1998, þegar upphaf fyrningarfrests vegna tilgreindra kynferðisbrota var miðað við 14 ára aldur þolanda⁸, og síðan með lögum nr. 61/2007, sem eru meginviðfangsefni þessarar ritgerðar.

3. Fyrning kynferðisbrota gegn börnum

Rétt þykir áður en lengra er haldið að lýsa þeim breytingum sem gerðar voru á fyrningarreglum almennra hegningarlaga varðandi kynferðisbrot gegn börnum með lögum

⁸ Sbr. lög nr. 63/1998, um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (fyrning sakar).

nr. 61/2007. Fyrst má nefna að þegar talað er um „alvarleg kynferðisbrot gegn börnum” í þessari ritgerð er skilgreiningin á alvarlegu broti fremur formleg en efnisleg. Þegar hér er talað um „alvarleg kynferðisbrot gegn börnum” er þannig ekki vísað til mats dómstóla á hversu alvarlegt brot er sem ákært er fyrir hverju sinni, en við mat á því lítur dómari til margvíslegra þátta eins og verknaðaraðferðar, aðstæðna á brotavettvangi, andlegra og líkamlegra afleiðinga brots, aldurs brotþola og brotamanns, aldursmunar brotþola og brotamanns og tengsla brotþola við brotamann. Öll þessi atriði geta haft áhrif á ákvörðun refsingar innan þeirra marka sem einstök refsíákvæði hafa að geyma, sem og við ákvörðun miskabóta, en þau hafa ekki áhrif á fyrningarreglur sem gilda um brotið. Fyrning brots ræðst af því lagaákvæði sem refsiverð háttsemi fellur undir.

Með „alvarlegum kynferðisbrotum gegn börnum“ er nánar tiltekið átt við þau brot sem lýst er í 194. gr., 1. mgr. 200. gr. og 1. mgr. 201. gr. hgl. Ákvæðin eru nánar þessi, eins og þau hljóða eftir breytingarnar sem gerðar voru með lögum nr. 61/2007:

194. gr.

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögumatri nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.

Það telst einnig nauðgun og varðar sömu refsingu og mælt er fyrir um í 1. mgr. að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans.

1. mgr. 200. gr.

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja skal sæta fangelsi allt að 8 árum og allt að 12 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

1. mgr. 201. gr.

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 18 ára, sem er kjörbarn hans, stjúp barn, fósturbarn, sambúðarbarn eða tengt honum þannig fjölskylduböndum í beinan legg eða barn, sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, skal sæta fangelsi allt að 8 árum og allt að 12 ára fangelsi sé barn yngra en 16 ára.

Fyrir breytinguna fyrntust hliðstæð eða sambærileg brot ýmist á 10 eða 15 árum, en fyrningarfresturinn byrjaði ekki að líða fyrir en barn hafði náð 14 ára aldri. Með breytingunni sem gerð var á hegningarlögunum með lögum nr. 61/2007 er gert ráð fyrir að brot samkvæmt 194. gr., 1. mgr. 200. gr. og 1. mgr. 201. gr., eins og þeim er lýst hér að framan, fyrnist ekki þegar brotið bitnar á barni undir 18 ára aldri.

Önnur kynferðisbrot gegn börnum, þ.e. brot gegn 197.-199. gr., 2.-3. mgr. 200. gr., 2. mgr. 201. gr. og 202. gr. hgl., eru áfram fyrningu háð, en fyrnast á mislöngum tíma eftir alvarleika. Sú breyting var þó gerð með lögum nr. 61/2007 að fyrningarfresturinn byrjar aldrei að líða fyrir en brotþoli hefur náð 18 ára aldri í stað 14 ára aldurs áður.⁹

Til samanburðar er rétt að geta þess að brot sem varða við 197.-199. gr. fyrnast á 5 árum. Sérreglu til verndar börnum er þó að finna í 198. gr. Samkvæmt henni liggur þyngri hámarksrefsing við broti gegn ákvæðinu ef þolandinn er yngri en 18 ára, sem leiðir til þess að fyrningarfresturinn verður 10 ár í stað 5 ára. Ákvæði 197.-199. agr. hljóða svo eftir breytingarnar sem gerðar voru á þeim með lögum nr. 61/2007:

197. gr.

Ef umsjónarmaður eða starfsmaður í fangelsi, annarri stofnun á vegum lögreglu, fangelsisýfirvalda eða barnaverndaryfirvalda, geðdeild sjúkrahúss, heimili fyrir andlega fatlað fólk eða annarri slíkri stofnun hefur samræði eða önnur kynferðismök við vistmann á stofnuninni varðar það fangelsi allt að 4 árum.

198. gr.

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að misnota freklega þá aðstöðu sína að hann er honum háður fjárhagslega, í atvinnu sinni eða sem skjólstæðingur hans í trúnaðarsambandi skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða, sé maðurinn yngri en 18 ára, allt að 6 árum.

199. gr.

Hver sem gerist sekur um kynferðislega áreitni skal sæta fangelsi allt að 2 árum. Kynferðisleg áreitni felst m.a. í því að strjúka, þukla eða káfa á kynfærum eða

⁹ Sbr. 2. gr. laga nr. 61/2007.

brjóstum annars manns innan klæða sem utan, enn fremur í táknrænni hegðun eða orðbragði sem er mjög meiðandi, ítrekað eða til þess fallið að valda ótta.

Brot gegn 2.-3. mgr. 200. gr., 2. mgr. 201. gr. og 202. gr. eru ólík innbyrðis að alvarleika. Þau fynast því ýmist á 5 árum, 10 árum eða 15 árum. Þegar horft er til þeirrar refsingar sem liggur við þessum brotum sést að brot gegn 1. mgr. 202. gr. er álitnið alvarlegast og stendur nú jafnfætis nauðgun að þessu leyti. Eftir að lög nr. 61/2007 tóku gildi er lágmarksrefsing fyrir brot gegn ákvæðinu fangelsi í 1 ár og hámarksrefsing 16 ár. Þá var einnig ákveðið að breyta aldri barnsins sem miðað var við og er hann nú 15 ár í stað 14 ára áður.

Ákvæðin hljóða svo eftir breytingarnar sem á þeim urðu með lögum nr. 61/2007:

2. og 3. mgr. 200. gr.

Önnur kynferðisleg áreitni manns gagnvart barni sínu eða öðrum niðja en sú er greinir í 1. mgr. varðar allt að 4 ára fangelsi og allt að 6 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Samræði eða önnur kynferðismök milli systkina varða fangelsi allt að 4 árum. Hafi annað systkina eða bæði ekki náð 18 ára aldri þegar verknaður átti sér stað má ákveða að refsing falli niður að því er þau varðar.

2. mgr. 201. gr.

Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 4 árum og allt að 6 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

202. gr.

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 15 ára, skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Lækka má refsingu eða láta hana falla niður, ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi.

Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 6 árum.

Hver sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir barn yngra en 18 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Hver sem greiðir barni yngra en 18 ára endurgjald gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök skal sæta fangelsi allt að 2 árum.

Þótt brot þau sem hér voru rakin fyrnist, ber að hafa í huga að sum þeirra eru ekki síður alvarleg að mati löggjafans. Má benda á að brot gegn 1. mgr. 202. gr. hgl. (kynferðismök við barn undir 15 ára aldri) getur varðað allt að 16 ára fangelsi, á meðan brot gegn bæði 1. mgr. 200. gr. og 1. mgr. 201. gr. geta að hámarki varðað 8 ára fangelsi, nema ef barn er yngra en 16 ára, þá geta þau varðað allt að 12 ára fangelsi. Af refsímörkunum að dæma er því brot gegn 1. mgr. 202. gr. mjög alvarlegt og gróft að mati löggjafans. Fyrir gildistöku breytingarlaga nr. 61/2007 gat brot gegn 1. mgr. 202. gr. varðað að hámarki 12 ára fangelsi. Með 11. gr. nefndra breytingarlaga var refsihámarkið hækkað úr 12 árum í 16 ár. Til viðbótar var lögfest sérstakt refsilágmark, 1 árs fangelsi, sem er undantekning frá þeirri almennu stefnu, sem mörkuð var í frumvarpinu, að ekki væri gert ráð fyrir að lögfest yrðu refsilágmörk í ákvæðum um einstakar brotategundir. Í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 61/2007 segir, að með þessari breytingu verði refsímörk 1. mgr. 202. gr. hin sömu og refsímörk nauðgunarákvæðisins. Segir síðan orðrétt:¹⁰ „Með því er lögð áhersla á hve alvarleg þau kynferðisbrot eru sem beinast gegn börnum.“

Þetta gefur tilefni til að spyrja hvers vegna ekki var einnig gert ráð fyrir að brot gegn 1. mgr. 202. gr. yrðu ófyrnanleg. Líklega skýrist það af muninum sem er á þessum brotum, en hann varpar jafnframt ljósi á meginástæður breytinganna sem hér eru gerðar að umtalsefni. Ákvæði 1. mgr. 200. gr. og 1. mgr. 201. gr. eiga það sameiginlegt að til viðbótar við verknaðinn og þá þjáningu og niðurlægingu sem hann veldur, fela brotin í sér alvarlegan trúnaðarþrest. Trúnaður gagnvart barninu er gróflega brotinn, en það er ekki sérstakur þáttur í verknaðarlýsingu 1. mgr. 202. gr. Þegar verknaður brýtur gegn 1. mgr. 200. gr. eða 1. mgr. 201. gr. er í báðum tilvikum um að ræða brot af hálfu einstaklings sem á að bera hag barns og velferð fyrir brjósti. Auk þeirra þjáninga og niðurlægingar sem börn verða fyrir vegna verknaðarins sem slíks bætist þannig ofan á að barnið er svipt öryggiskennd og trúnaðartrausti sem það ætti að geta borið til sinna nánustu eða annarra sem falin hefur verið umsjá þess. Það er einmitt við þessar kringumstæður sem mest hætta er á að brot standi lengi yfir án þess að barn segi frá því. Þá er einnig við þessar aðstæður sú hætta fyrir hendi að barn fái ekki nauðsynlegan stuðning frá öðrum fjölskyldumeðlimum ef það segir frá broti og tilhneiging til að þagga mál niður til að rjúfa ekki fjölskyldubönd

¹⁰ Ragnheiður Bragadóttir 2006, bls. 123-124.

eða valda uppnámi innan fjölskyldunnar verður ríkari en ella. Voru þetta raunar mikilvæg rök fyrir þeirri ákvörðun að brotin skyldu ekki fyrnast, eins og nánar er lýst í IV. kafla.

4. Raunhæf þýðing fyrningarreglna

Eins og fyrr segir eru réttaráhrif þess að sök er fyrnd að ríkisvaldið glatar rétti til að krefjast þess að brotamaður sæti refsingu eða öðrum refsikenndum viðurlögum fyrir brot sín. Sakarfyrning er, eins og áður hefur komið fram, svonefnd refsilokaástæða sem leiðir til sýknu af refsikröfu ef mál er höfðað. Fyrningarreglur hafa almennt talsvert raunhæfa þýðingu sem kemur fram á mismunandi stigum meðferðar sakamáls.

Í fyrsta lagi má telja nokkuð víst að fjölmörg meint brot séu ekki kærð til lögreglu vegna þess að þau eru fyrnd. Kærandi, sem gerir sér grein fyrir því, kærir brot einfaldlega ekki vegna þess að hann telur það ekki þjóna tilgangi. Það verður m.ö.o. aldrei til neitt sakamál vegna fyrningarreglnanna.

Í öðru lagi má gera ráð fyrir í mörgum tilfellum að lögregla hefji ekki rannsókn þótt brot hafi verið kært eða felli niður rannsókn sem hafin er þegar í ljós kemur að brot er fyrnt. Sama á við ef rannsókn sem hafin er stöðvast, sbr. II. kafla (1) að framan.

Sjaldgæft er að fullrannsökuð mál séu felld niður hjá embætti ríkissaksóknara vegna fyrningar. Þá kemur það sjaldan fyrir að dómstólar sýkni vegna sakarfyrningar, þótt nokkur dæmi séu til um það, m.a. þegar um er að ræða kynferðisbrot gegn börnum, sbr. II. kafla (4.2) hér á eftir.¹¹

4.1. Tölulegar upplýsingar frá embætti ríkissaksóknara

Í töflunni hér á eftir er að finna yfirlit yfir fjölda mála vegna kynferðisbrota gegn börnum, sem hafa borist embætti ríkissaksóknara frá lögreglu yfirvöldum frá 1999 til og með 2007. Eingöngu er um að ræða mál vegna meintra brota gegn 200.-202. gr. hgl.¹² Ríkissaksóknari hefur fram til þessa einn farið með ákærvald vegna brota gegn þessum ákvæðum hinna

¹¹ Jónatan Þórmundsson 1992, bls. 303-304.

¹² Þessar upplýsingar má nálgast í ársskýrslum ríkissaksóknara frá og með árinu 2001, en það ár kom sú fyrsta út. Ársskýrslurnar eru aðgengilegar á slóðinni <http://www.saksoknari.is>.

almennu hegningarlaga,¹³ en samkvæmt nýjum lögum um meðferð sakamála sem tóku gildi 1. janúar 2009, er gert ráð fyrir að hlutverk ríkissaksóknara breytist verulega og nýtt embætti svonefnds héraðssaksóknara, sem stefnt er á að koma á fót, fari með ákærvald í þessum málaflokki.¹⁴

Ár	Fjöldi mála	Ákært	Sakfellt í héraði
1999	30	15	14
2000	24	12	10 (-1)*
2001	49	28	17 (-1)
2002	34	13	10
2003	60	27	21 (-2)
2004	58**	29	21 (-1)
2005	35***	16	9
2006	59****	24	21 (-1)
2007	66	37	29*****

* Tölur innan sviga sýna sýknudóma í HR.

** Einu máli var lokið með ákærufrestun.

*** Fallið var frá saksókn í einu máli og öðru var lokið með ákærufrestun.

**** Fallið var frá saksókn í einu máli.

***** Á árinu 2007 bárust 66 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Ákært var í 37 málum og voru í sex ákærum fleiri en eitt mál. Vakin er athygli á því að þau mál eru í töflu hvert um sig talin sem sér ákæra. Samtals voru 27 mál felld niður og tvö mál eru enn óafgreidd. Af þeim 37 málum sem ákært var í var sakfellt í 29 málum, sýknað í fjórum og enn er ódæmt í fjórum málum.

Af þeim samtals 125 málum sem bárust ríkissaksóknara á árunum 2006 og 2007 voru einungis tvö þeirra felld niður vegna fyrningar.¹⁵

4.2. Dómar um fyrningu

Ekki hefur verið gerð tæmandi úttekt á dómum Hæstaréttar Íslands þar sem sýknað er af kynferðisbrotum gegn börnum vegna fyrningar. Hér verður eingöngu rakinn einn dómur, *H 32/2004*, en vísað til annarra í neðanmálsgrein þar sem þeir eru sambærilegir. Þessir dómar

¹³ Sbr. c-lið 3. mgr. 27. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

¹⁴ Sbr. d-lið 1. mgr. 23. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

¹⁵ Upplýsingar fengnar hjá embætti ríkissaksóknara 16. september 2008.

varpa ljósi á beitingu þessara reglna fyrir dómstólum og gefa vísbendingu um raunhæfa þýðingu þeirra.¹⁶

X var borinn sökum um að hafa brotið gegn 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með nánar tilgreindri háttsemi gagnvart Y, fæddri 1979. Samkvæmt ákæru var um að ræða eitt brot framið 1985 eða 1986 og annað brot framið 1988 eða 1989. Að auki var X ákærður fyrir að hafa, margsinnis á árunum 1985 til 1989, fengið stúlkuna til tiltekinna kynferðisathafna með sér. Á þeim tíma sem um ræðir hefðu ætluð brot X getað varðað allt að 12 ára fangelsi og um fyrningu þeirra gildi því 15 ára fyrningarfrestur. Eins og 1. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga hljóðaði á þeim tíma byrjaði fyrningarfrestur að líða á þeim degi sem refsiverðum verknaði lauk. Talið var að breyting sem gerð var á umræddu ákvæði með lögum nr. 63/1998 gæti ekki breytt upphafi fyrningarfrests sem byrjaður var að líða við gildistöku þeirra. Fyrning taldist ekki hafa verið rofin fyrr en með skýrslutöku yfir ákærða 7. maí 2003 og þar sem ekki þótti sannað að ætluð brot ákærða hefðu verið framin eftir 7. maí 1988 var talið að sakir þær sem X var borinn í málinu væru fyrndar. Var hann því sýknaður.¹⁷

Auk þess að varpa ljósi á almenna þýðingu fyrningarreglna, þar sem fyrning leiðir til sýknu af refsikröfu, jafnvel þótt brot sé sannað, varpar dómurinn einnig ljósi á annað mikilvægt atriði við mat á raunhæfri þýðingu þeirra breytinga sem hér eru gerðar að umtalsefni. Í

¹⁶ Dóma Hæstaréttar Íslands frá og með 1. janúar 1999 er að finna á vef réttarins á slóðinni <http://www.haestirettur.is>. Eldri dóma er að finna í prentuðum útgáfum dómasafns Hæstaréttar.

¹⁷ Sjá einnig *H 4/2003*. X var ákærður fyrir kynferðisbrot gegn þremur stúlkum. Var hann sakfelldur fyrir brot gegn fyrri málslíð 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, vegna tveggja stúlkanna en síðari málslíð sömu greinar vegna þeirrar þriðju. Aftur á móti var hann sýknaður af refsikröfu vegna síðast nefnda brotsins þar sem sök hans var fyrnd. Var dómur héraðsdóms um 18 mánaða fangelsi, skilorðsbundið að hluta, og miskabætur til stúlkanna staðfestur. Rökstuðning fyrir fyrningu er að finna í héraðsdómi, en niðurstaða um þetta atriði var staðfest í Hæstarétti. Sjá nánari reifun á dómi þessum í VIII. kafla (4). Rökstuðningur er sambærilegur við það sem fram kemur í *H 32/2004* og rakinn er að framan. Einnig má benda á *H 334/2004* (sjá rökstuðning í dómi Hæstaréttar), *H 356/2004* (sjá rökstuðning í héraðsdómi) og *H 329/2006* (sjá rökstuðning í sératkvæði eins héraðsdómarans).

dóminum skiptir máli að atvik málsins áttu sér stað fyrir gildistöku laga nr. 63/1998, sem gerðu ráð fyrir að 15 ára fyrningarfrestur vegna brots á 1. mgr. 202. gr. hgl. skyldi ekki byrja að líða fyrir en brotþoli væri orðinn 14 ára. Af þessum sökum giltu eldri fyrningarreglur um brotin sem miðuðu upphaf fyrningar við framningu brots, enda var brotið framið í gildistíð þeirra. Afleiðingin var sú að brotið var talið fyrnt.

Sé þetta heimfært upp á hinar nýju reglur er ljóst að brot sem framin voru fyrir gildistöku þeirra þann 4. apríl 2007 fyrnast samkvæmt lögum nr. 63/1998. Af þessum sökum getur ekki reynt á raunhæfa þýðingu breytingarinnar að fullu fyrir en að liðnum allt að fimmtán árum frá gildistöku laganna. Þó tekur breytingin að sjálfsögðu gildi að því er varðar öll brot sem framin eru eftir lagabreytinguna. Þó getur ekki reynt á samanburð á raunhæfri þýðingu þess að brot fyrnast ekki og þess að hafa frestinn 15 ár fyrir en að allt að 15 árum liðnum.

III.

Aðdragandi breytinganna

1. Frumkvæði umboðsmanns barna

Á árinu 1997 bar hátt umræðu um ofbeldi á Íslandi og beindist hún ekki síst að kynferðisbrotum gegn börnum og ungmennum. Gagnrýnin laut einkum að meðferð þessara mála hjá lögreglu og fyrir dómi, sér í lagi stöðu fórnarlamba og rétt þeirra til aðstoðar og stuðnings meðan á málsmeðferð stæði. Fram komu sjónarmið um að efla þyrfti meðferðarúrræði fyrir börn sem hefðu þurft að þola kynferðislega misnotkun, þar sem rannsóknir hefðu leitt í ljós hversu alvarlegar og langvarandi afleiðingar brot þessi hefðu á sálarlíf og geðheilsu þeirra. Ennfremur var talið að tryggja þyrfti betur rétt þessa hóps þolenda til bótagreiðslna.¹⁸

Umboðsmaður barna brást við þessari umræðu með því að láta taka saman skýrslu sem hafði það meginmarkmið að bera ákvæði íslenskra hegningarlaga sem vörðuðu kynferðisbrot gegn börnum, meðferð slíkra mála og framkvæmd þeirra saman við réttarstöðuna í þessum málaflokki í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Skýrslan kom út í apríl 1997.¹⁹ Í henni voru m.a. raktar gildandi reglur um fyrningu kynferðisbrota gegn börnum. Reglurnar gerðu ráð fyrir að fyrningarfræstur sakar hæfist á þeim degi er refsiverðri háttsemi lauk, sbr. 1. mgr. 82. gr. hgl. eins og hún hljóðaði þá. Af þeim sökum komu reglulega upp tilvik þar sem barn var enn ólögráða fyrir æsku sakir þegar brotið sem framið hafði verið gegn því var fyrnt. Þá var bent á að í Noregi hefði löggjöf verið breytt nokkrum árum áður þannig að refsihámark fyrir alvarlegustu kynferðisbrotin gegn börnum hefði verið hækkað í þeim tilgangi að lengja fyrningarfræst og fyrntust allra alvarlegustu brot á 25 árum. Með þessu væri a.m.k. tryggt að brotþoli hefði náð fullorðinsaldri áður en sakarfyringarfræstir rynnu út.²⁰

¹⁸ Um þetta vitna meðal annars umræður utan dagskrár á Alþingi 5. febrúar 1997, sbr. Alþingistíðindi B-deild 1996-1997, bls. 3282 (121. löggjafarþing).

¹⁹ Skýrslan, sem umboðsmaður nefnir *Heggur sá er hlífa skyldi*, ber heitið: Um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum og var unnin af höfundi þessarar ritgerðar.

²⁰ Í tengslum við þessar breytingar á norsku refsilöggjöfinni á sínum tíma komu upp hugmyndir um hvort rétt væri að lögfesta sérstakar fyrningarreglur um kynferðisbrot gegn börnum, þótt sú leið yrði ekki fyrir valinu, sbr. Svölu Ólafsdóttur 1997, bls. 28-29.

Umboðsmaður barna sendi dómsmálaráðherra skýrslu sína, ásamt bréfi dags. 15. september 1997.²¹ Í bréfinu kemur fram að umboðsmaður telji, í ljósi samanburðar á réttarstöðu barna hér á landi, sem orðið hefðu fórnarlömb kynferðisofbeldis, við réttarstöðu barna í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, að brýnna úrbóta sé þörf í þessum efnunum í íslenskri löggjöf. Þá gerði umboðsmaður margvíslegar tillögur til breytinga á íslenskum lögum sem hann taldi aðkallandi og nauðsynlegar. Ein þeirra var sú að í almenn hegningarlög yrði tekið upp ákvæði sem mælti svo fyrir að kynferðisbrot gegn börnum fyrntust ekki eða til vara að tekinn yrði upp sérstakur fyrningarfrestur um þessi brot, t.d. 25 ára frestur. Í bréfi sínu vitnar umboðsmaður til ummæla dómsmálaráðherra sem féllu í utandagskrárumræðu á Alþingi í febrúar 1997. Þar sagði ráðherra að kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum væri einhver allra alvarlegasti glæpur sem framinn væri og því mjög mikilvægt að samfélagið reyndi að taka fast og skynsamlega á þeim málum.²²

Frumkvæði umboðsmanns barna leiddi til þess að frumvarp til breytinga á fyrningarreglum hegningarlagna var lagt fram á Alþingi í mars 1998. Þar var lagt til að sett yrði sérregla um upphaf sakarfyrningarfrests vegna tiltekinna kynferðisbrota.²³ Í almennum athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til laganna segir að tilefni þess verði m.a. rakið til erindis umboðsmanns barna til dómsmálaráðherra frá september 1997 varðandi ákvæði hegningarlaga um fyrningu kynferðisbrota gegn börnum.²⁴ Frumvarpið var samþykkt og varð að lögum nr. 63/1998. Samkvæmt þeim skyldi fyrningarfrestur vegna brota á ákvæðum 194.-202. gr. hgl. eigi teljast fyrir en frá þeim degi er brotþoli næði 14 ára aldri.

Með þessu var að nokkru leyti komið til móts við tillögur umboðsmanns barna, þótt sú megintillaga hans að sök vegna kynferðisbrota gegn börnum skyldi ekki fyrnast næði ekki fram að ganga. Hafa ber í huga að í tillögum umboðsmanns var ekki gerður greinarmunur á alvarleika brotanna.

²¹ Bréfið til dómsmálaráðherra er birt framan við skýrsluna. Þar er einnig að finna bréf umboðsmanns barna til félagsmálaráðherra, dagsett sama dag, þar sem hann vekur athygli á ýmsu sem hann telur ábótavant hér á landi í sambandi við meðferðarúrreiði fyrir börn sem þolendur kynferðisofbeldis.

²² Alþingistíðindi B-deild 1996-1997, bls. 3282 (121. löggjafarþing, umræður utan dagskrár 5. febrúar 1997, kynferðisleg misnotkun á börnum).

²³ Alþingistíðindi A-deild 1997-1998, bls. 3690-3696 (122. löggjafarþing, þskj. 892, 521. mál). Í greinargerð er sérstaklega vísað til tillagna umboðsmanns barna og þeirra röksemda sem þær byggðust á.

²⁴ Sama heimild, bls. 3692.

2. Lögleiðing sérreglu um upphaf sakarfyrningarfrests vegna kynferðisbrota gegn börnum

Í greinargerð með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 63/1998 segir að breytingunni sem lögð er til í a-lið 2. gr. frumvarpsins sé ætlað að laga fyrningarreglur hegningarlaganna að þeim aðstæðum sem upp geta komið þegar kynferðisbrot beinast gegn börnum.²⁵ Breytingin fól í sér að nýr málsliður, 2. másl., bættist við 1. mgr. 82. gr. hgl. Samkvæmt honum skyldi fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.-202. gr. hgl. aldrei teljast fyrir en frá þeim degi er brotþoli næði 14 ára aldri. Þetta fól í sér frávik frá meginreglunni í 1. másl., sem kvað á um að fyrningarfrestur teljist frá þeim degi er refsiverðri háttsemi lauk.

Í greinargerð er sérreglan rökstudd með því að þegar kynferðisbrot beinist gegn börnum sé hætt við að fyrningarfrestur sé liðinn þegar börnin hafi náð þeim þroska sem þarf til þess að gera sér grein fyrir að um refsivert brot hafi verið að ræða. Þá sé og hætt við að börn hafi takmarkaða möguleika á að kæra slík brot.²⁶

Sú regla að miða upphaf sakarfyrningarfrests við 14 ára aldur brotþola var talin hafa þá þýðingu að barn sem yrði fyrir kynferðisofbeldi fyrir 14 ára aldur hefði náð lögræðisaldri þegar sakarfyrningarfrestur rynni út. Kynferðisbrot gegn börnum, sem vörðuðu allt að 4 ára fangelsisrefsingu og fyrntust þar af leiðandi á 5 árum, gátu, eftir þessa breytingu, aldrei fyrnst fyrir en brotþoli hefði náð 19 ára aldri. Brot sem gátu varðað allt að 10 ára fangelsisrefsingu fyrntust ekki fyrir en brotþoli væri orðinn 24 ára og brot sem gátu varðað þyngri refsingu en 10 ára fangelsi fyrntust ekki fyrir en brotþoli væri orðinn 29 ára. Stæði verknaður aftur á móti fram yfir 14 ára aldur barns eða ætti sér stað eftir að þeim aldri var náð skyldi fresturinn teljast frá þeim degi er verknaði lauk í samræmi við meginregluna um upphaf fyrningarfrests, sbr. 1. másl. 1. mgr. 82. gr. hgl.

Um rökin fyrir því að miða upphaf sakarfyrningarfrests við 14 ára aldur þolandans segir í greinargerð:²⁷

²⁵ Sama heimild, bls. 3693.

²⁶ Sama heimild, bls. 3693.

²⁷ Sama heimild, bls. 3693.

Almennt má ætla að brotaþoli hafi innan þess frests náð nægilegum þroska til þess að gera sér grein fyrir afbrotinu og haft möguleika á að kæra það. Þá ber að taka tillit til lagaraka fyrir fyrningu sakar sem viðurkennd eru í refsirétti. Þau rök varða til dæmis öflun sönnunargagna og aðrar forsendur rannsóknar, hraða rannsóknar og breytta hagi sakbornings.

Því má halda fram að tímamót hafi orðið í afstöðu löggjafans til kynferðisbrota gegn börnum þegar lög nr. 63/1998 voru samþykkt á Alþingi. Með samþykkt þeirra viðurkenndi löggjafarvaldið að eðlilegt væri að taka sérstakt tillit til ungs aldurs fórnarlambanna og láta sérreglu gilda um upphaf fyrningarfrests kynferðisbrota gegn þeim. Þar með var vikið frá meginreglum refsilaga um upphaf sakarfyringarfrests. Í þessu felst einnig að hin sérstöku rök að baki fyrningarreglum almennt, sem vísa til réttarstöðu hins brotlega annars vegar og rannsóknarhagsmuna hins vegar, víkja að nokkru fyrir sjónarmiðum sem varða stöðu brotaþola. Sérstaða þessa þolendahóps var dregin fram í dagsljósið og viðurkennt að möguleikar hans á að kæra brot af þessu tagi væru skertir í ljósi aðstæðna. Með sérreglunni, sem lögfest var í 2. málsl. 1. mgr. 82. gr. hgl., var a.m.k. séð til þess að þolendahópurinn væri kominn í hóp fullorðinna, þ.e. orðinn lögráða, þegar frestir vegna kynferðisbrota gegn þeim rynnu út, þótt sakarfyringarfrestur vegna vægustu brotanna, þ.e. 5 ára fyrningarfresturinn, liði að mestu leyti á meðan þolendur væru enn ólögráða börn.

Í þessu sambandi er vert að geta þess að í framhaldi af fyrirnefndri skýrslu umboðsmanns barna kom fram frumvarp af hálfu fjögurra stjórnarandstöðuþingmanna um sama efni á Alþingi í byrjun febrúar 1998.²⁸ Frumvarpið, sem aðeins var tvær greinar auk gildistökuákvæðis, laut að kynferðisbrotum gegn börnum, þar af önnur þeirra að fyrningarreglum hegningarlaga. Var lagt til að fyrning sakar vegna brota gegn 200.-202. gr. hgl. byrjaði ekki að líða fyrr en brotaþoli hefði náð sjálfræðisaldri, sem var 18 ár. Frumvarpið dagaði uppi, en á sama löggjafarþingi afgreiddi Alþingi sem lög áður nefnt frumvarp dómsmálaráðherra, sem miðaðist við 14 ára aldursmark. Lögin gengu þó lengra en þingmannafrumvarpið að því leyti að sérreglan um upphaf fyrningarfrests var látin taka til fleiri kynferðisbrota hegningarlaga en frumvarp þingmannanna fjögurra gerði ráð fyrir.

²⁸ Alþingistíðindi A-deild 1997-1998, bls. 3160-3165 (122. löggjafarþing, þskj. 778, 451. mál).

3. Þingmannafrumvörpin fjögur

Þingmenn Samfylkingarinnar lögðu fram á fjórum löggjafarþingum í röð ár (130. - 133. löggjafarþingi) frumvarp til breytinga á fyrningarreglum hegningarlagna. Í frumvörpunum, sem voru samhljóða, var gert ráð fyrir að sök vegna kynferðisbrota samkvæmt ákvæðum 194.-202. gr. hgl. fyrntist ekki þegar brot væri framið gagnvart barni undir 14 ára aldri. Ekki var gerður greinarmunur á alvarlegum kynferðisbrotum og veigaminni brotum. Einnig þarf að hafa í huga að vísað var til ákvæðanna eins og þau voru fyrir breytinguna sem gerð var með lögum nr. 61/2007.

Fyrsta frumvarpið var lagt fram á 130. löggjafarþingi 2003-2004.²⁹ Því var vísað til allsherjarnefndar sem leitaði eftir umsögnum fjölmargra aðila, m.a. frá refsiréttarnefnd. Nefndin tók undir þá forsendu frumvarpsins að sérstakt eðli kynferðisbrota gegn börnum réttlætti sérreglu um fyrningu sakar vegna slíkra brota. Á hinn bóginn taldi hún að þegar hefði verið komið til móts við þau sjónarmið með breytingunni sem gerð var á fyrningarreglum hegningarlagna með lögum nr. 63/1998, þar sem gert var ráð fyrir að sakarfyringarfrestur vegna kynferðisbrota gegn börnum sem varða við 194.-202. gr. hgl. teljist aldrei fyrir en frá þeim degi er barnið nær 14 ára aldri. Í ljósi þess að frumvarp þingmanna Samfylkingarinnar var „í sjálfu sér ekki rökstutt á grundvelli eðlisólíkra sjónarmiða en lágu til grundvallar lagabreytingunni frá 1998“, taldi nefndin ekki tímabært, aðeins tæpum sex árum síðar, að gera grundvallarbreytingu á sama réttatriði.³⁰ Frumvarpið var ekki afgreitt úr allsherjarnefnd og dagaði uppi.

Samhljóða frumvarp var öðru sinni lagt fram á 131. löggjafarþingi 2004-2005 og vísað til allsherjarnefndar.³¹ Nefndin klofnaði í afstöðu sinni. Meirihlutinn féllst ekki á efni frumvarpsins óbreytt heldur lagði til að aldursmörkin í þágildandi ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 82. gr. hgl. yrðu hækkuð úr 14 árum í 18 ár. Rökin voru einkum þau að brotapolar undir 18 ára aldri væru enn börn í skilningi laga og óeðlilegt að þeir þyrftu að þola upphaf fyrningar við 14 ára aldur, auk þess sem breytingin væri í samræmi við það sem gengur og gerist í þeim ríkjum sem íslenskt réttarkerfi tæki helst mið af.³²

²⁹ Alþingistíðindi A-deild 2003-2004, bls. 3206-3209 (130. löggjafarþing, þskj. 794, 520. mál).

³⁰ Umsögn refsiréttarnefndar 2004, bls. 4.

³¹ Alþingistíðindi A-deild 2004-2005, bls. 689-693 (131. löggjafarþing, þskj. 72, 72. mál).

³² Sama heimild, bls. 5808-5809 (þskj. 1362).

Þá teflir meirihlutinn fram þremur röksemdum því til áréttingar að ekki þyki rétt eða tímabært að afnema fyrningarfrestinn. Í fyrsta lagi sé ekki enn komin nægileg reynsla á ákvæðið til að rétt sé að afnema fyrningarfrest í kynferðisbrotum gegn börnum með öllu, enda séu mál þar sem reynir á þessa fyrningarreglu tæpast komin til kasta dómstóla sjö árum eftir að breytingin 1998 var gerð. Í öðru lagi gangi þetta gegn þeirri grundvallarreglu að einungis brot sem varða hámarksrefsingu fyrnist ekki. Í þriðja lagi geri frumvarpið ekki greinarmun á þeim brotum sem vægari refsingu sæta og þeim sem þyngri refsing liggur við.³³

Þannig lagði meirihluti allsherjarnefndar til að frumvarpið yrði samþykkt með þeim breytingum á 2. másl. 1. mgr. 82. gr. hgl., að fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.-202. gr. teldist eigi fyrr en frá þeim degi er brotþoli næði 18 ára aldri.³⁴ Minnihluti allsherjarnefndar, þrír þingmenn, sem voru í hópi þeirra sem stóðu að frumvarpinu, vildu eðlilega samþykkja það óbreytt.³⁵

Í fyrrnefndu álitni meirihluta allsherjarnefndar, dags. 6. maí 2005, kemur fram að hann telji endurskoðun þurfa fara fram á kynferðisbrotakafli hegningarlaganna og í lok álitsins beinir meirihlutinn því til dómsmálaráðuneytisins að sú endurskoðun fari fram svo fljótt sem verða megi. Í álitinu vekur sérstaka athygli að þrátt fyrir að meirihlutinn hafi ekki komist að þeirri niðurstöðu með óyggjandi hætti, eins og það er orðað, að breyta þurfi fyrningarreglum kynferðisbrota gegn börnum frekar en hann leggur til, þ.e. að miða upphaf fyrningarfrestsins við 18 ára aldur brotþola í stað 14 ára, „þá telur meirihlutinn koma til álita að afnema fyrningu í alvarlegustu málunum.“³⁶ Hér er því öllum kostum haldið opnum og má segja að með þessum orðum hafi meirihluti allsherjarnefndar gefið hugmyndum um afnám fyrningarfrests frekara líf.

Hér er rétt að geta breytingartillögu við breytingartillögu meirihluta allsherjarnefndar, sem kom fram örfáum dögum síðar frá einum nefndarmanna, sem hafði staðið að álitni meirihlutans. Breytingartillagan fól í sér tvennt.³⁷ Í fyrsta lagi að sakir vegna grófra kynferðisbrota gagnvart börnum yngri en 18 ára (þ.e. brot gegn 194. gr., 1. mgr.

³³ Sama heimild, bls. 5809 (þskj. 1362).

³⁴ Breytingartillögur allsherjarnefndar er að finna á þskj. 1363, sbr. Alþingistíðindi A-deild 2004-2005, bls. 5810.

³⁵ Alþingistíðindi A-deild 2004-2005, bls. 5787-5790 (þskj. 1352).

³⁶ Sama heimild, bls. 5809 (þskj. 1362).

³⁷ Breytingartillögun er að finna á þingskjali 1408, sbr. Alþingistíðindi A-deild 2004-2005, bls. 6064-6065.

200. gr., 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr.) yrðu ófyrnanleg og í öðru lagi að fyrningarfrestur vegna vægari kynferðisbrota gegn börnum (þ.e. brot gegn 195.-199. gr., 2.-3. mgr. 200. gr., 2. mgr. 201. gr. og 2.-4. mgr. 202. gr.) byrjaði ekki að líða fyrir en barn hefði náð 18 ára aldri.

Breytingartillagan, þar sem gengið var svo langt að leggja til að fyrningarfrestir vegna grófra kynferðisbrota gegn börnum yngri en 18 ára yrðu afnumdir, og ummæli meirihluta allsherjarnefndar, sem taldi „koma til álita að afnema fyrningu í alvarlegustu málunum”, gáfu hugmyndum um afnám sakarfyrningarfrests í brotum af þessu tagi byr í seglin.

Eftir að frumvarp þingmanna Samfylkingarinnar var afgreitt úr allsherjarnefnd dagaði það uppi á Alþingi. Á næstu tveimur þingum var frumvarpið tvisvar lagt fram í óbreyttri mynd og dögudu þau bæði uppi.³⁸

³⁸ Sjá Alþingistíðindi A-deild 2005-2006, bls. 915-921 (132. löggjafarþing, þskj. 209, 209. mál) og Alþingistíðindi A-deild 2006-2007, bls. 1687-1693 (133. löggjafarþing, þskj. 304, 291. mál).

IV.

Rök með og á móti lagabreytingunum 2007

1. Rök gegn lagabreytingunum

Sem fyrr segir markaði löggjafinn þá skýru stefnu með lögum nr. 20/1981 að öll brot skyldu lúta fyrningu sakar, nema sérstök rök stæðu til annars. Þótt komið hafi verið til móts við þau sjónarmið með lögum nr. 63/1998 að sérreglur ættu við um kynferðisbrot gegn börnum um upphaf sakarfyringarfrests var haldið í það meginsjónarmið að öll brotin, óháð alvarleika þeirra, skyldu eftir sem áður fynast eins og önnur sem ekki liggur við ævilangt fangelsi.

Í framhaldi af áliti allsherjarnefndar, sem rakið er í III. kafla (3) hér að framan, þar sem fram kemur að nefndin telji að endurskoða þurfi kynferðisbrotakafla hegningarlaganna „svo fljótt sem verða má“, fékk dómsmálaráðherra Ragnheiði Bragadóttur lagaprófessor til að semja drög að frumvarpi sem endurskoðun af þessu tagi kallaði á.³⁹ Endurskoðunin skyldi byggð á traustum refsiréttarlegum grunni og taka mið af alþjóðlegri þróun á þessu sviði, auk íslenskrar lagahefðar.⁴⁰ Jafnframt væri nauðsynlegt að fá yfirlit yfir beitingu þessara lagaákvæða á þeim þrettán árum sem liðin væru frá samþykkt þeirra.⁴¹ Vorið 2006 lagði dómsmálaráðherra fram drög Ragnheiðar sem frumvarp á Alþingi, en í ljósi umfangs þess, skiptra skoðana meðal þingmanna um einstök atriði og hins skamma tíma sem var til stefnu áður en þingi yrði slitið, náðist ekki að afgreiða það.⁴² Frumvarpið var því lagt fram óbreytt að nýju haustið 2006.⁴³

³⁹ Frumvarpsdrögin eru birt sem fylgiskjal með ritgerð Ragnheiðar Bragadóttur um kynferðisbrot og kom út í ritinu *Kynferðisbrot* á vegum Lagastofnunar Háskóla Íslands árið 2006.

⁴⁰ Ragnheiður Bragadóttir 2006, bls. 89-90.

⁴¹ Hér er vísað til umfangsmikilla breytinga sem gerðar voru á kynferðisbrotakafla hegningarlaganna í kjölfar heildarendurskoðunar á ákvæðum hans og leiddu til breytingarlaga nr. 40/1992. Höfðu ákvæðin þá staðið óbreytt frá gildistöku hegningarlaganna árið 1940. Nánari fróðleik um efni og forsendur þeirra breytinga er lög nr. 40/1992 innleiddu, má finna í skýrslu nauðgunarmálanefndar frá árinu 1989. Einnig er gerð grein fyrir þessari þróun í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpi dómsmálaráðherra, sbr. áðurnefnt rit Ragnheiðar Bragadóttur 2006, bls. 89 og áfram.

⁴² Alþingistíðindi A-deild 2005-2006, bls. 4434-4482 (132. löggjafarþing, þskj. 1048, 712. mál).

⁴³ Alþingistíðindi A-deild 2006-2007, bls. 515-563 (133. löggjafarþing, þskj. 20, 20. mál).

Í frumvarpinu, sbr. 1. gr., var gert ráð fyrir að upphaf sakarfyringarfrests vegna kynferðisbrota gegn börnum miðaðist við herra aldursmark. Þannig gerði frumvarpið ráð fyrir að fyrningarfrestur vegna kynferðisbrota sem talin voru upp í 2. málsl. 1. mgr. 82. gr. hgl., þ.e. brot gegn 194.-202. gr., skyldi ekki byrja að líða fyrr en brotþoli hefði náð 18 ára aldri, í stað 14 ára aldurs eins og þágildandi lög gerðu ráð fyrir. Ekki var lagt til að fyrningarfrestir yrðu afnumdir á þann hátt sem áður nefnd þingmannafrumvörp gerðu ráð fyrir og var það stutt margvíslegum rökum. Þau rök verður að skoða í því ljósi að þau beinast fyrst og fremst að tillögum sem fram komu í áður nefndum frumvörpum þingmanna Samfylkingarinnar. Rökin voru einkum þrenns konar.⁴⁴ Í fyrsta lagi yrði sönnunarstaðan erfiðari. Eftir því sem lengri tími liði frá afbroti yrði erfiðara fyrir ákærvaldið að sanna það. Sönnunargögn glötuðust og minni manna brysti. Á sama hátt yrði staða sökunauts til að verja sig erfiðari. Í öðru lagi gæti þetta dregið úr málshraða innan refsivörslukerfisins. Rannsóknaraðilar, ákærvald og dómstólar þyrftu aðhald til þess að reka mál með eðlilegum og nægilegum hraða. Í þriðja lagi var þetta rökstutt með því að tíminn drægi úr refsipörf. Þá var til þess tekið að mjög þungbært væri fyrir einstakling og fjölskyldu hans að geta jafnvel eftir marga áratugi átt von á því að gamlar syndir kollvöpuðu lífi þeirra. Þetta ætti einkum við ef hinn brotlegi hefði séð að sér og ekki brotið af sér frekar.⁴⁵

Í greinargerðinni voru færð fram fleiri rök sem mæltu gegn því að kynferðisbrot gegn börnum yrðu ófyrnanleg og voru sum þeirra sótt til áður nefndrar umsagnar refsiréttarnefndar frá 2004, er hún hafði annað frumvarp þingmanna Samfylkingarinnar til meðferðar. Ein þessara röksemda var að lagaákvæði sem mælti fyrir um að tiltekin brot gætu ekki fyrnst stangaðist á við réttarþróun hér á landi síðustu áratugi og réttarþróun annars staðar á Norðurlöndum þar sem stefnan hefði verið sú að fækka ófyrnanlegum brotum. Þá væri regla um að kynferðisbrot gegn börnum skyldu ekki fyrnast í ósamræmi við þá grundvallarreglu almennra hegningarlaga að einungis brot er varða ævilöngu fangelsi væru ófyrnanleg. Þá var nefnt að kynferðisbrot væru alvarleg afbrot, en misalvarleg frá sjónarhóli refsiréttar. Það væri ljóst ef litið væri á refsihámark fyrir einstakar brotategundir þeirra. Nauðgun væri augljóslega alvarlegra brot en káf utan klæða. Væri því óeðlilegt að þessi tvö brot fyrntust á sama tíma, hvað þá að hið vægara væri ófyrnanlegt. Þá var einnig á það bent að reglum um fyrningu kynferðisbrota hefði nýlega

⁴⁴ Röksemdir með og á móti afnámi fyrningarfrests eru raktar í almennum athugasemdum við frumvarpið, sbr. nánar Ragnheiði Bragadóttur 2006, bls. 125-128.

⁴⁵ Ragnheiður Bragadóttir 2006, bls. 125.

verið breytt (árið 1998) og hefði því ekki enn fengist næg reynsla af þeirri breytingu. Þá væri umræða um kynferðisbrot orðin mun meiri og upplýstari nú en fyrir fáum árum og myndi það stuðla að því að þolendur þeirra kærðu þau fyrr, en byrgðu ekki inni reynslu sína árum og áratugum saman.⁴⁶

Þrátt fyrir þessar röksemir gegn afnámi fyrningarfrests var í frumvarpi dómismálaráðherra talið rétt að koma til móts við veigamikil rök sem mæla með því að sérstakt tillit væri tekið til séreðlis þessara brota. Í frumvarpinu var því gert ráð fyrir tveimur breytingum á fyrningarreglum varðandi kynferðisbrot gegn börnum. Annars vegar yrði 14 ára aldursmarkinu í 2. másl. 1. mgr. 82. gr. hgl. breytt í 18 ár, og væri það sama aldursmark og í dönsku, norsku, sænsku og þýsku hegningarlögunum. Hins vegar yrði refsihámark fyrir kynferðislega áreitni gagnvart börnum hækkað um tvö ár, sem leiddi til þess að fyrningarfrestir lengdust fyrir brot sem bitna á yngstu börnunum, þ.e. börnum yngri en 16 ára. Þessi brot myndu þá fyrnast á 10 árum í stað þess að fyrnast á 5 árum eins og þau gerðu samkvæmt þágildandi lögum og það frá 18 ára aldri í stað 14 ára.

Í ritstjórnargrein í Tímariti lögfræðinga frá 2005 er einnig tekið undir almenna stefnumörkun löggjafans.⁴⁷ Hafa verður í huga að greinin er skrifuð sem andsvar við frumvarpinu sem lagt var fram á Alþingi 2004-2005, þar sem lagt var til afnám fyrningarfresta vegna kynferðisbrota sem framin eru gegn börnum yngri en 14 ára, óháð alvarleika þeirra. Um það frumvarp er fjallað hér að framan. Í upphafi ritstjórnargreinarinnar er vísað til þess að umboðsmaður barna, Barnaverndastofa, barnaverndarnefnd Reykjavíkur, Barnaheill, Samtök um kvennathvarf, Femínistafélag Íslands, Mannréttindaskrifstofa Íslands og átakshópurinn Blátt áfram hafi stutt frumvarpið eða lýst sig jákvæð gagnvart því. Kemur það höfundur ritstjórnargreinarinnar síst á óvart í ljósi stöðu og hlutverks þessara aðila. Telur hann að viðbrögð þeirra hafi verið næsta fyrirsjáanleg. Þetta verður naumast skilið á annan veg en að höfundur pistilsins hafi talið að umsagnir þessara aðila um frumvarpið gætu ekki ráðið úrslitum um framgang málsins.

Þá telur höfundur að frumvarpið feli í sér veruleg frávik frá meginreglum og gangi nánast þvert á meginreglur sem „menningarlegur refsiréttur” á að lúta, eins og það er orðað. Falla rök hans að öðru leyti að þeim röksemdum sem fram komu í greinargerð með frumvarpi dómismálaráðherra og álitu refsiréttarnefndar. Hann bætir þó við þeirri röksemd

⁴⁶ Ragnheiður Bragadóttir, bls. 127-128.

⁴⁷ *Breyting á fyrningarákvæðum almennra hegningarlaga*. Ritstjórnargrein. Tímarit lögfræðinga 2005:2, bls. 129-131.

að ætlandi sé að einstaklingar sem orðnir eru 24 og 29 ára séu færir um að taka ákvörðun um hvort kæra skuli eða ekki og það kunni að vera „betra fyrir brotapolana að vita af tímamarki og taka ákvörðun með það í huga og láta svo við búið standa í stað þess að hugsa um það árum eða áratugum saman hvort kæra eigi eða ekki”.

2. Rök með lagabreytingunum

Þegar rök gegn fyrningu sakar vegna kynferðisbrota gegn börnum eru skoðuð kemur í ljós að þau eru einkum af þrennum toga spunnin. Í fyrsta lagi lúta þau að stöðu hins meinta brotamanns, í öðru lagi að vandkvæðum við sönnun og mögulegum skorti á aðhaldi við rannsókn brotanna og í þriðja lagi að samræmi og samkvæmni í refsilöggjöfinni í heild. Sérstök rök sem lúta að brotþola fá þó einnig nokkurt rými þar sem þau eru talin leiða til þess að upphaf fyrningarfrests eigi að miðast við aldur brotþola, fyrst 14 ár samkvæmt lögunum frá 1998 og nú 18 ár, þótt þau eigi ekki að leiða til þess að hann verði afnuminn með öllu fyrir alvarlegri brot. Í fyrrnefndri ritstjórnargrein í Tímariti lögfræðinga virðist gefið í skyn að sjónarmið ýmissa aðila sem sérfróðir eru um málefni barna hafi takmarkaða þýðingu. Þá er vikið að hagsmunum brotþola og látið að því liggja að vitund um fyrningu brotanna sé brotþolanum hafgelfd að því leyti að það reki á eftir honum að gera upp hug sinn til þess hvort kæra skuli. Sé honum sjálfum líklega fyrir bestu að taka ákvörðun um það sem fyrst.

Rökin sem færð hafa verið fram fyrir breytingum sem gerðar voru með lögum nr. 61/2007, einkum þau sem lúta að afnámi fyrningar sakar vegna alvarlegra kynferðisbrota gegn börnum, eru á hinn bóginn í eðli sínu ólík og veita ekki bein andsvör við framangreindum rökum nema að hluta til. Ástæðan er að þau taka nánast eingöngu mið af sérstakri stöðu barna sem brotþola og afleiðingum brotanna fyrir lífshlaup þeirra. Samkvæmt lögskýringargögnum og öðrum gögnum sem hér hafa verið athuguð eru rökin aðallega eftirfarandi: 1) Börn hafa almennt ekki getu til að gera sér grein fyrir aðstæðum eða til að átta sig á að um refsivert athæfi hefur verið að ræða. Þau eiga oft litla eða enga möguleika á að kæra innan lögmæltra fyrningarfresta. Þótt fyrningarfrestir byrji ekki að

líða fyrir en barn er orðið 14 ára eru þeir of skammir fyrir stóran hóp brotþola.⁴⁸ 2) Brotin koma oft ekki fram í dagsljósið fyrir en mörgum árum eftir að þau hafa verið framin og jafnvel ekki fyrir en börnin hafa náð fullorðinsaldri, ekki síst þegar brotamaður tengist brotþola fjölskylduböndum.⁴⁹ 3) Þá er byggt á röksemdum sem lúta að alvarleika brotanna og langvarandi afleiðingum þeirra fyrir þolendur. 4) Því er hafnað að ákvörðun um að tiltekin kynferðisbrot skuli ekki fyrnast raski samkvæmni í refsiréttinum, þar sem allmörg brot séu ófyrnanleg, hvert með sínum rökum. 5) Ákvörðun um hvaða brot séu talin alvarleg og um fyrningarfrest fyrir einstök brot eða afnám hans sé refsipólítísk ákvörðun. Ennfremur er því hafnað að erfið sönnunarstaða geti staðið sem sérstök röksemd. Sönnunarstaðan sé alltaf erfið í málum af þessu tagi.⁵⁰

Þessu til viðbótar er vert að geta þeirra raka sérstaklega sem ætla má af Alþingistíðindum að hafi ráðið mestu um þá ákvörðun sem tekin var á vordögum 2007 og endurspeglast í lögum nr. 61/2007. Fyrst skal rifjað upp að í álitni meirihluta allsherjarnefndar um frumvarp til breytinga á kynferðisbrotakafli hegningarlaganna, sem var lagt fram af þingmönnum Samfylkingar haustið 2004 en dagaði uppi, segir m.a. um hækkun aldursmarka í tengslum við upphaf fyrningarfrests vegna kynferðisbrota gegn börnum:⁵¹

Meiri hlutinn bendir á að brotþolar undir 18 ára aldri eru enn börn í skilningi laga og óeðlilegt að þeir þoli upphaf fyrningar við 14 ára aldur. Þessi breyting er einnig í samræmi við það sem gengur og gerist í þeim ríkjum sem íslenskt réttarkerfi tekur helst mið af.

Í álitni allsherjarnefndar Alþingis um frumvarp dómsmálaráðherra, dags. 17. mars 2007, kemur fram að nefndin hafi rætt einstök ákvæði frumvarpsins ítarlega á fundum sínum og eitt af þeim atriðum sem ítarlegast hafi verið skoðað hafi verið fyrningarfrestur kynferðisbrota.⁵² Þar hafi þrjár leiðir komið til greina. Í fyrsta lagi leiðin sem farin væri í 1. gr. frumvarpsins, að miða fyrningarfrest við þann dag er brotþoli nær 18 ára aldri í stað 14

⁴⁸ Hér má geta þess að með lögum nr. 40/2003 var hámark refsingar fyrir tiltekin kynferðisbrot gegn börnum hækkað í þeim tilgangi að lengja sakarfyrningarfresti [?] og auka þannig réttarvernd barna.

⁴⁹ Svala Ólafsdóttir 1997, bls. 28-29.

⁵⁰ Ágúst Ólafur Ágústsson 2006, bls. 199-203.

⁵¹ Alþingistíðindi A-deild 2004-2005, bls. 5808 (131. löggjafarþing, þskj. 1362, 72. mál).

⁵² Alþingistíðindi A-deild 2006-2007, bls. 6513-6518 (133. löggjafarþing, þskj. 1151, 20. mál).

ára aldurs eins og gildandi lög gerðu ráð fyrir. Í öðru lagi leiðin sem umboðsmaður barna lagði til í umsögn sinni, að upphafstími fyrningarfrests allra kynferðisbrota gegn börnum væri í 15 ár frá 18 ára afmælisdegi þeirra óháð alvarleika brotanna. Í þriðja lagi að brotin yrðu ófyrnanleg, eins og áður hefði verið lagt til í sérstöku frumvarpi.

Nefndin tekur fram í álitinu sínu að hún telji þá leið sem lögð er til í frumvarpinu, að upphaf fyrningarfrests kynferðisbrota gegn börnum hefjist ekki fyrr en við 18 ára aldur, mikið framfaraskref. Kynferðisbrot gegn börnum séu meðal alvarlegustu glæpa sem framdir eru. Á hinn bóginn telji hún ekki rétt að láta öll kynferðisbrot gegn börnum lúta sama fyrningarfresti þar sem þau séu misalvarleg þótt öll eigi þau sammerkt að vera ógeðfelld. Þrátt fyrir þá meginreglu almennra hegningarlaga að eingöngu brot sem varða hámarksrefsingu geti talist ófyrnanleg telur nefndin rétt að *stíga það skref að gera alvarlegustu kynferðisbrot gegn börnum ófyrnanleg*. Er það rökstutt með því að þolendur brotanna eigi að jafnaði erfitt með að koma fram og greina frá því ofbeldi sem þeir hafa þurft að þola í því skyni að leita sér hjálpar og séu oft ekki færir um það fyrr en mörgum árum eða jafnvel áratugum eftir að ofbeldinu linnir. Þá segir að jafnvel þótt fyrningin hefjist ekki fyrr en við 18 ára aldur sé ekki að mati nefndarinnar með öllu tryggt að komið sé að fullu til móts við þessi sjónarmið.

Á grundvelli framangreindra röksemda lagði allsherjarnefnd til að frumvarpi dómismálaráðherra yrði breytt á þann hátt að sök fyrir brot gegn ákvæðum 194. gr., 1. mgr. 200. gr. og 1. mgr. 201. gr. hgl. yrði ófyrnanleg, en fyrningarfrestur vegna brota gegn öðrum ákvæðum kynferðisbrotakafla hegningarlaganna byrji á hinn bóginn að líða við 18 ára aldur brotþola. Með þessari breytingu væri tekið tillit til sérstöðu réttarstöðu barna sem yrðu fyrir grófu kynferðisofbeldi. Í þessu sambandi bendir nefndin á að á árinu 1997 hafi umboðsmaður barna lagt til við dómismálaráðherra að tekið yrði upp ákvæði í almenn hegningarlög um að kynferðisbrot gegn börnum fyrntust ekki. Börn hefðu eðlilega ekki sömu hæfileika til að gera sér grein fyrir aðstæðum eða átta sig á að um refsivert athæfi hefði verið að ræða þegar þau voru beitt kynferðislegri misnotkun og hefðu oft enga möguleika á að kæra brot innan þess fyrningarfrests sem gildi samkvæmt lögum. Þá bendir nefndin á að sönnun í kynferðisbrotamállum hafi hingað til verið erfið og verði það áfram þrátt fyrir afnám fyrningarfrests á grófustu brotum gegn börnum. Sönnunarbyrðin verði eftir sem áður í höndum ákærvaldsins sem meti hvort fram komnar upplýsingar séu nægilegar eða líklegar til sakfellis. Frumvarpið var samþykkt með þessum breytingum og varð að lögum nr. 61/2007. Löggin tóku gildi 4. apríl 2007.

V.

Erlendur samanburður

Í aðdraganda og umræðu um breytingar á fyrningarreglum hinna almennu hegningarlaga sem gerðar voru með lögum nr. 61/2007 var, eins og fyrr er rakið, talsvert vísað til réttarstöðunnar í öðrum löndum. Þetta er eðlilegt, enda má það heita fastur liður í undirbúningi lagabreytinga á sviði refsiréttar og við refsipólitíska stefnumörkun hér á landi, sem og raunar á mörgum öðrum sviðum réttarins, að leita fanga í rétti annarra ríkja og sækja þangað hugmyndir og fyrirmyndir að lagasetningu. Einkum hefur verið horft til Norðurlandanna í þessu skyni, enda samfélagsgerðin þar áþekk og hér á landi. Þetta er skynsamlegt og haganlegt af ýmsum ástæðum og má fyrst nefna í því sambandi að oft er erfitt að sjá fyrir réttaráhrif lagaregna. Því er mikilvægt að kynna sér reynslu annarra landa, oftast mun fjölmennari samfélaga, af framkvæmd tiltekinna regna, bæði um það sem vel hefur tekist sem og hitt sem ekki hefur gefið góða raun. Í annan stað vitnar refsipólitísk stefnumörkun og löggjöf í ríkum mæli um viðurkenndar meginhugmyndir og siðferðileg viðhorf í hlutaðeigandi landi, en þetta er vitaskuld mikilvægt þegar ræðir um lönd sem búa við áþekk viðhorf og við eiga hér á landi. Það felur því í sér vissa löghelgan og er sjálfstæð röksemd frá refsipólitísku og refsiréttarlegu sjónarmiði að vísa til þess að reglur hér á landi séu samrýmanlegar því sem talið er eiga við í þeim löndum sem Ísland ber sig helst saman við.

Vegna þessa hefur sjálfstæða þýðingu að skoða hvernig fyrningarreglum sem eiga við um kynferðisbrot gegn börnum er hagað í öðrum löndum. Komi í ljós mikill munur á reglum hér á landi og í þeim löndum sem Ísland ber sig helst saman við, þarf það þó ekki að merkja að reglur hér á landi verði ekki réttlættar. Mikill munur kallar þó á að ríkari gaumur sé gefinn að rökum að baki frávíkunum.

Til að kanna hvar Ísland stendur á þessu sviði miðað við löggjöf erlendis hafa fyrningarreglur í þrettán löndum verið skoðaðar. Meðal þeirra eru Danmörk, Svíþjóð, Noregur og Finnland. Þá hafa verið athugaðar reglur í Englandi, Þýskalandi, Hollandi, Belgíu, Sviss, Frakklandi, Spáni og Ítalíu. Þá er einnig litið til Póllands, til að fá samanburð við lönd í Austur-Evrópu. Í sex tilfellum hafa lögin sjálf í þessum löndum verið

meginheimildin,⁵³ en í öðrum tilfellum er byggt á tveimur samanburðarrannsóknnum sem gerðar voru fyrir franska þingið þegar reglur voru endurskoðaðar þar í landi.⁵⁴ Í hverju tilfalli hafa ákvæði um kynferðislega misnotkun barna verið borin saman við ákvæði um nauðgun þar sem þolandinn er fullorðinn einstaklingur. Þá er borin saman þyngd mögulegrar fangelsisrefsingar í öllum tilfellum og fyrningarfrestur fyrir hvert brot og upphaf hans. Tekið er fram frá hvaða tíma lögin eru og „kynferðislegur lögaldur“ í hlutaðeigandi landi. „Kynferðislegur lögaldur“ (stundum nefnt „kynferðislegur lágmarksaldur“) er sá aldur sem einstaklingur þarf að hafa náð til að talið verði að hann geti veitt gilt samþykki fyrir kynlífsathöfnum.

Niðurstöður þessarar athugunar má setja fram í eftirfarandi töflum:

TAFLA 1: Samanburður á nauðgun og kynferðisbroti gegn barni: Hámarksrefsing og fyrningarfrestur og upphafstími hans. Kynferðislegur lögaldur.

DANMÖRK		Refsing	Fyrning	Upphaf fyrningar ef þolandi er barn	Kynferðislegur lágmarksald.
Nauðgun		8 ár	10 ár	18 ára afmælisdagur	15 ár
Gróft nauðgunarbrot		12 ár	15 ár		
Samræði við barn	Undir 12 ára	12 ár	15 ár	18 ára afmælisdagur	
	Undir 15 ára	8 ár	12 ár		
	Undir 15 ára + þvingun	12 ár	15 ár		
15-18 ára Sérstakar aðstæður		4 ár	10 ár		

⁵³ Í töflunum er ekki vísað til einstakra laga, númera þeirra eða einstakra greina. Ártal í sviga vísar til þess hvenær breytingar voru gerðar á refsilögum hlutaðeigandi landa. Einstakir lagabálkar eru annars eftirfarandi: Danmörk: Straffeloven nr. 438 frá 31. maí 2000 með síðari breytingum, sbr. 93.-94. gr., 216. gr. og 222.-223. gr. (www.retsinfo.dk); Svíþjóð: Brottsbalken (1962,700) með síðari breytingum, sbr. 1. gr. 6. kafla og 4. gr. 35. kafla (www.notisum.se/rnp/SLS/LAG/19620700.htm); Noregur: Straffeloven nr. 10 frá 22. maí 1902 með síðari breytingum, sbr. 67.-68. gr., 192. gr., 195.-196. gr. (www.lovdato.no); Finnland: Strafflagen nr. 39 frá 19. desember 1889 með síðari breytingum, sbr. 1.-2. gr. og 6.-7. gr. 20. kafla og 1. gr. 8. kafla (www.finlex.fi/sv/); Frakkland: Code Pénal frá 1. mars 1994 með síðari breytingum, sbr. 222.-224. gr. (www.legifrance.gouv.fr) og Code de Procédure Pénal frá 2. mars 1959 með síðari breytingum (www.legifrance.gouv.fr); Sviss: Code Pénal frá 21. desember 1937 (með síðari breytingum), einkum 187. og 190. gr., (www.admin.ch/ch/f/).

⁵⁴ Báðar skýrslurnar er að finna vef franska þingsins. Hina fyrri, „Les infractions sexuelles commises sur les mineurs“, frá mars 2004, á vefslóðinni <http://www.senat.fr/lc/lc133/lc133.pdf>. Hina seinni, „La prescription de l'action publique en matière de viol“, frá október 2007, á vefslóðinni <http://www.senat.fr/lc/lc178/lc178.pdf>.

SVÍPJÓÐ		Refsing	Fyrning	Upphaf fyrningar ef þolandi er barn	Kynferðisl. lágmarksal.
Nauðgun		2-6 ár	10 ár	18 ára afmælisdagur	15 ár
Gróft nauðgunarbrot		4-10 ár	15 ár		
Nauðgun á barni	Undir 15 ára	2-6 ár	10 ár	18 ára afmælisdagur	
	og gróft	4-10 ár	15 ár		
	15 -18 ára og sérstakar aðstæður og gróft	2-6 ár 4-10 ár	10 ár 15 ár		

NOREGUR		Refsing	Fyrning	Upphaf fyrningar ef þolandi er barn	Kynferðisl. lágmarksal.
Nauðgun		2-10 ár	10 ár	Verknaðarstund ef barn er 16 ára eða eldra	16 ár
Gróft nauðgunarbrot		Hámark 21 ár	25 ár		
Samræði við barn	Undir 10 ára	Hámark 21 ár	25 ár	Yngra en 16 ára	
	Undir 14 ára	2-10 ár	10 ár		
	og gróft	Hámark 21 ár	25 ár	18 ára afmælisdagur	
	14 - 16 ára	5 - 15 ár	10 eða 15 ár		

FINNLAND		Refsing	Fyrning	Upphaf fyrningar ef þolandi er barn	Kynferðisl. lágmarksal.
Nauðgun		1-6 ár	10 ár	Fyrnist ekki fyrr en þolandi er 28 ára	16 ár
Gróft nauðgunarbrot		2-10 ár	20 ár		
Samræði við barn	Undir 16 ára án valdbeitingar	Hámark 4 ár	Sjá næsta dálk	Fyrnist ekki fyrr en þolandi er 28 ára	
	16 -18 ára og sérstakar aðstæður	Hámark 4 ár			
	Gróft	1-10 ár			

FRAKKLAND		Refsing	Fyrning	Upphaf fyrningar ef þolandi er barn	Kynferðisl. lágmarksal.
Nauðgun		15 ár	10 ár	18 ára afmælisdagur	15 ár
Gróft nauðgunarbrot		20 ár	20 ár		
Gróft nauðgunarbrot	Undir 15 ára eða sérstakar aðstæður	20 ár	20 ár	18 ára afmælisdagur	
	15-18 ára	10 ár	20 ár		

ÞÝSKALAND		Refsing	Fyrning	Upphaf fyrningar ef þolandi er barn	Kynferðisl. lágmarksal.
Nauðgun		Hámark 15 ár	20 ár	18 ára afmælisdagur	14 ár
Nauðgun á barni		Hámark 15 ár	20 ár		

ENGLAND		Refsing	Fyrning		Kynferðisl. lágmarksal.
Nauðgun		Ævilangt fangelsi	Fyrmast ekki (ef ákærandi fellir ekki mál niður)		16 ár
	Samræði við barn undir 13 ára	Ævilangt fangelsi			
	Samræði við barn 13-18 ára	Hámark 14 ár			

BELGÍA		Refsing	Fyrning	Upphaf fyrningar ef þolandi er barn	Kynferðisl. lágmarksal.
Nauðgun		5-10 ár	10 ár	18 ára afmælisdagur	16 ár
Gróft nauðgunarbrot		10-20 ár	10 ár		
Samræði við barn	Undir 10 ára	20-30 ár	10 ár		
	10-14 ára	15-20 ár	10 ár		
Nauðgun á barni	Nauðgun á barni 14 - 16 ára	15 - 20 ár	10 ár		
	Nauðgun á barni 16 - 18 ára	10 - 15 ár	10 ár		

SPÁNN		Refsing	Fyrning	Upphaf fyrningar ef þolandi er barn	Kynterðisl. lágmarksal.
Nauðgun		6-12 ár	15 ár	18 ára afmælisdagur	13 ár
Gróft nauðgunarbrot		12-15 ár	15 ár		
	Nauðgun á barni undir 13 ára án valdbeitingar	4-10 ár	10 ár		
	Nauðgun á barni undir 13 ára	12-15 ár	15 ár		
	Nauðgun á barni undir 18 ára	6-15 ár	15 ár		

ÍTALÍA		Refsing	Fyrning	Upphaf fyrninga ef þolandi er barn	Kynterðisl. lágmarkal.
Nauðgun		5-10 ár	10 ár	Verknaðarstund	14 ár
Gróft nauðgunarbrot		6-12 ár	12 ár		
Nauðgun á barni	Undir 10 ára	7-14 ár	14 ár		
	10 - 14 ára	6-12 ár	12 ár		

HOLLAND		Refsing	Fyrning	Upphaf fyrningar ef þolandi er barn	Kynterðisl. lágmarkal.
Nauðgun		Hámark 12 ár	20 ár	18 ára afmælisdagur	16 ár
Samræði við barn	Án valdbeitingar og barn er undir 12 ára	12 ár	20 ár		
	Án valdbeitingar og barn er 12-16 ára	8 ár	12 ár		
	Gróf brot	12 ár	20 ár		
	Valdbeiting og barn er 12-18 ára	12 ár	20 ár		

SVISS

		Refsing	Fyrning	Upphaf fyrningar ef þolandi er barn	Kynferðisl. lágmarkal.
Nauðgun Kona er þolandi		1-10 ár	15 ár	Verknaðarstund Fresturinn rennur ekki út fyrir en þolandi er orðinn 25 ára (þ.e. fyrningarfrestur verður lengri ef barn er undir 10 ára)	16 ár
Gróft brot		Minnst 3 ár	15 ár		
Karlmaður er þolandi		Hámark 10 ár	15 ár		
Gróft brot		Minnst 3 ár	15 ár		
Samræði við barn	Barn undir 16 ára	5 ár	15 ár		
	Ef aldursmunur er meiri en 3 ár				
	Barn eldra en 16 ára, en sérstakar aðstæður	Hámark 3 ár			
	Nauðgun barns undir 16 ára	Hámark 15 ár	15 ár		

PÓLLAND

		Refsing	Fyrning	Upphaf fyrningar ef þolandi er barn	Kynferðisl. lágmarkal.
Nauðgun		2-12 ár	15 ár	Verknaðarstund*	15 ár
Gróft nauðgunarbrot		minnst 3 ár	20 ár		

*Tillaga liggur fyrir um að
fresturinn skuli byrja að liða þegar
þolandi er orðinn 23 ára

Tafla 2: Kynferðisbrot gegn börnum

	Fyrningarfrestir	Upphaf sakarfyrningarfrests	Lög frá	Kynferðisl. Lágmarksal.
DANMÖRK	10 - 15 ár eftir aldri þolanda og alvarleika brots	18 ára afmælisdagur þolanda	2000	15
SVÍPJÓÐ	10 - 15 ár eftir aldri þolanda og alvarleika brots	18 ára afmælisdagur þolanda	2005	15
NOREGUR	10 - 25 ár eftir aldri þolanda og alvarleika brots	18 ára afmælisdagur þolanda	2000	16
FINNLAND		Fyrnast ekki fyrr en þolandi er 28 ára	2006	16
FRAKKLAND	20 ár ef þolandi er undir kynferðislegum lögaldri, annars 10 ár	18 ára afmælisdagur þolanda	2004	15
ÞÝSKALAND	20 ár	18 ára afmælisdagur þolanda	2003	14
ENGLAND	Fyrnast ekki		2003	16
BELGÍA	Alltaf 10 ár	18 ára afmælisdagur þolanda	1995	16
SPÁNN	10 - 15 ár eftir aldri þolanda og alvarleika brots	18 ára afmælisdagur þolanda	1999	13
ÍTALÍA	10 - 14 ár eftir aldri þolanda	Verknaðarstund	2005	14
HOLLAND	12 - 20 ár eftir aldri þolanda og alvarleika brots	18 ára afmælisdagur þolanda	1994/2004	16
SVISS	Alltaf 15 ár	Framning brots, en lýkur þegar þolandi hefur náð 25 ára aldri	2002	16
PÓLLAND	15 - 20 ár	Verknaðarstund		15

Ýmis vandkvæði eru á samanburði milli landa af því tagi sem hér er gerður. Hinn helsti er að uppbygging lagaákvæða í einstökum löndum er ólík, sem og afmörkun, skilgreining og flokkun brotanna. Þá mótast nánara inntak af lagaframkvæmd í heild, einkum dómaframkvæmd, sem varpar ljósi á hvernig einstakar athafnir eru heimfærðar til lagaákvæða, en þetta kann einnig að vera mismunandi eftir löndum. Nákvæmur heildarsamanburður er því tæpast gerlegur. Í athugasemdum hér á eftir verður athyglinni einkum beint að þeim brotum sem alvarlegust teljast í hverju landi fyrir sig, enda tekur sú breyting sem hér er gerð að umtalsefni eingöngu til þeirra brota sem alvarlegust teljast samkvæmt íslenskum rétti.

Athygli vekur að í öllum löndunum, að Englandi undanskildu, lúta kynferðisbrot gegn börnum fyrningu. Skiptir þá ekki máli hvort brotin teljast minniháttar eða meiriháttar (alvarleg eða gróf). Fresturinn er þó mismunandi langur eftir aldri brotaþola, refsingu sem liggur við broti lögum samkvæmt og alvarleika brotanna að öðru leyti.

Eins og fram kemur í II. kafla fyrnast nánar tiltekin kynferðisbrot gegn börnum ekki lengur samkvæmt íslenskum lögum, en með því er vísað til brota sem lýst er í 194. gr., 1. mgr. 200. gr. og 1. mgr. 201. gr. hgl. Önnur kynferðisbrot gegn börnum, þ.e. brot gegn 197.-199. gr., 2.-3. mgr. 200. gr., 2. mgr. 201. gr. og 202. gr. hgl., fyrnast á mislöngum tíma eftir alvarleika þeirra. Sú breyting var þó gerð með lögum nr. 61/2007 að fyrningarfresturinn byrjar ekki að líða fyrr en brotaþoli hefur náð 18 ára aldri í stað 14 ára aldurs áður. Samkvæmt 1. mgr. 81. gr. hgl. fyrnist sök á þeim tíma sem hér segir:

Á 2 árum, þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 1 árs fangelsi eða refsing sú, sem til er unnið, fer ekki fram úr sektum.

Á 5 árum, þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 4 ára fangelsi.

Á 10 árum, þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 10 ára fangelsi.

Á 15 árum, þegar þyngsta refsing við broti er meira en 10 ára tímabundið fangelsi.

Samkvæmt þessu ræðst fyrningarfrestur af hámarks lengd fangelsisrefsingar. Þetta merkir að fyrningarfrestir vegna brota á 197.-199. gr., 2.-3. mgr. 200. gr., 2. mgr. 201. gr. og 202. gr. hgl. eru frá 5 árum og upp í 15 ár. Reglur að þessu leyti eru í samræmi við þær reglur sem gilda í þeim löndum sem skoðuð voru og vitna um áþekk viðhorf til þessara brota og eiga við hér á landi. Þessi samanburður gefur því ekki sérstakt tilefni til athugasemda.

Önnur atriði, eins og reglur um upphaf fyrningarfrests og kynferðislegan lágmarksaldur, eru einnig sambærileg. Algengast er að upphaf fyrningarfrests sé miðað við 18 ára aldur brotaþola, en þetta á við um Danmörku, Svíþjóð, Noreg (ef brotaþoli er undir 16 ára aldri þegar brot er framið), Frakkland, Þýskaland, Belgíu, Spán og Holland. Reglur í Finnlandi eru sérstakar að því leyti að brotin fyrnast ekki fyrr en brotaþoli hefur náð 28 ára aldri. Þetta merkir að brot gegn barni fyrnist á minnst 10 árum, en fresturinn verður lengri eftir því sem barnið er yngra. Má sem dæmi nefna að ef brotaþoli er 10 ára þegar brotið er gegn honum verður fyrningarfresturinn 18 ár, 23 ár ef barn er 5 ára o.s.frv. Reglur í Sviss eru áþekkar og í Finnlandi að öðru leyti en því að miðað er við að frestur renni ekki út fyrr

en þolandi er orðinn 25 ára. Á Ítalíu og í Póllandi miðast upphaf fyrningarfrests við framningu brots, sem er hin almenna meginregla í refsirétti og var gildandi réttur hér á landi til ársins 1998.

Kynferðislegur lágmarksaldur skiptir einnig máli í þessu sambandi. Átt er við þann aldur þegar einstaklingur er talinn hafa náð þeim þroska að geta gefið gilt samþykki til kynlífsathafna. Hann var 14 ár á Íslandi þar til lög nr. 61/2007 tóku gildi, en samkvæmt a-lið 11. gr. þeirra var hann hækkaður í 15 ár. Lægstur er hann á Spáni 13 ár, en hæstur 16 ár í nokkrum löndum. Í þessum löndum er kynferðislegt samneyti við börn undir kynferðislegum lágmarksaldri ólöglegt og refsivert þótt valdi eða þvingun hafi ekki verið beitt. Kynferðislegt samneyti við barn, eftir að kynferðislegum lágmarksaldri er náð, er einnig oft ólöglegt og refsivert vegna sérstakra tengsla brotþola við geranda og aðstæðna að öðru leyti, svo sem þegar þolandi er háður geranda á einhvern hátt eða í umsjá hans. Í Sviss er þó áskilið að a.m.k. þriggja ára aldursmunur sé á geranda og þolanda.

Þótt reglur á Íslandi um hin veigaminni brot falli vel að því sem almennt gerist í samanburðarlöndunum er ljóst að Ísland sker sig talsvert úr þegar kemur að fyrningu sakar fyrir hin alvarlegri brot. Í öllum löndunum, nema Englandi, fynrast sakir einnig í hinum alvarlegri brotum. Óhjákvæmilegt er að líta svo á íslenskur réttur sé að þessu leyti í ósamræmi við það sem talið er rétt og eðlilegt í þeim löndum sem Ísland sækir helst fyrirmyndir til í löggjafarmálefnum, m.a. á sviði refsiréttar.

Við mat á því hversu afdrifaríkt þetta frávik er í reynd þarf að hafa tvennt í huga. Í fyrsta lagi er staðan hér á landi hin sama og í Englandi, þar sem brotin fynrast ekki. Þannig er það talið viðunandi í Englandi að þessi brot fynrist ekki, þrátt fyrir að mikilvæg rök mæli með að þau fynrist. Við þennan samanburð milli Íslands og Englands ber þó að hafa í huga að enskur réttur er talsvert frábrugðinn því sem almennt gerist í meginlandsrétti, að því leyti að sakir, óháð brotategundum, fynrast almennt ekki, þótt auðvitað séu líkur á saksókn minni eftir því sem lengra er liðið frá broti vegna erfiðleika við sönnun. Þetta ber því fremur að rekja til ólíkra réttarhugmynda í enskum rétti en eiga við í meginlandsrétti og í rétti Norðurlanda. Á Englandi tengist þetta því ekki sértækum viðhorfum um eðli eða alvarleika kynferðisbrota gegn börnum. Í öðru lagi ber að hafa í huga að brotin sem um ræðir varða ævilöngu fangelsi í enskum rétti. Með þetta í huga er ljóst að fyrirvara verður að hafa á því að sækja beinan stuðning fyrir breytingunni hér á landi í þá staðreynd að sambærileg brot fynrast ekki samkvæmt enskum rétti, þótt réttaráhrifin séu að öðru leyti sambærileg.

Hitt atriðið sem þarf að hafa í huga við samanburð af þessu tagi er möguleg raunhæf þýðing þeirra reglna sem gilda á Íslandi, þar sem brotin fyrnast ekki, og reglna sem gera ráð fyrir að brotin fyrnist á löngum tíma og fyrningarfrestur hefst við 18 ára afmælisdag þolanda. Hún getur verið áþekk þótt reglurnar virðist á yfirborðinu mismunandi. Hér skiptir máli að hafa í huga að algeng rök gegn breytingunni á Íslandi voru m.a. að ekki væri sanngjarnt að gerendur yrðu dregnir fyrir dóm mörgum áratugum eftir framningu brots. Yfirlitið hér að framan sýnir skýrlega að staðan á Íslandi er að þessu leyti ekki svo frábrugðin því sem upp getur komið í öðrum löndum. Má nefna sem dæmi Noreg, þar sem fyrningarfrestur getur orðið 25 ár og byrjar ekki að líða fyrir en viðkomandi er 18 ára (ef þolandi var yngri en 16 ára þegar brot var framið). Í Noregi gildir sú regla að samræði við barn undir 10 ára aldri getur varðað allt að 21 árs fangelsi, auk þess sem brotið fyrnist á 25 árum. Gerum ráð fyrir að fertugur karlmaður gerist sekur um slíkan verknað gagnvart 7 ára gömlu barni. Ellefu árum síðar byrjar 25 ára fyrningarfrestur að líða. Þetta merkir að brotið fyrnist á 36 árum, en þá er gerandinn orðinn 76 ára og þolandinn 43 ára. Í reynd leiðir þessi regla til þess að í mörgum tilfellum fyrnist brotið ekki meðan gerandinn er á lífi. Líkur á því aukast augljóslega eftir því sem gerandinn er eldri þegar brot er framið.⁵⁵ Annað dæmi er Frakkland, Þýskaland og Holland, en í þessum löndum getur fresturinn orðið 20 ár og byrjar ekki að líða fyrir en við 18 ára aldur þolandans. Brot sem framið er gegn 7 ára gömlu barni fyrnist þar með á 31 ári. Brotþoli er þá orðinn 38 ára og gerandi 71 árs.

Niðurstaða þessa samanburðar er að Ísland sker sig talsvert úr um fyrningu hinna alvarlegri kynferðisbrota gegn börnum. Aðeins í einu samanburðarlandanna fyrnast brotin ekki, þ.e. Englandi. Er það vissulega umhugsunarefni og vekur spurningar um hvort of langt hafi verið gengið í þessum breytingum ef tekið er mið af þeim löndum sem helst eru sóttar fyrirmyndir til við lagasetningu á sviði refsiréttar. Þó má hafa í huga að lengd frestsins í einstökum löndum og reglur um upphaf hans verða til þess að í reynd verða afleiðingarnar í mörgum tilfellum sambærilegar og ef brotin fyrntust ekki. Rök þau gegn breytingunni, sem fram komu í umræðu hér á landi og nefnd eru hér að framan, geta að því leyti átt við í mörgum þeirra landa sem skoðuð voru, án þess þó að þau hafi ráðið úrslitum í þessum löndum.

⁵⁵ Ef gerandi er fimmtugur fyrnist brotið þegar hann er 86 ára o.s.frv. Þó ber þess að gæta að eftir því sem gerandinn er yngri aukast líkur á að 25 ára fyrningarfrestur hafi þýðingu fyrir hann.

VI.

Áhersla á brotþola

I. Almenn

Mikilvægt er að hafa í huga að breytingarnar sem gerðar voru á fyrningarreglum hegningarlagna vegna kynferðisbrota gegn börnum með lögum nr. 61/2007 eru aðeins hluti viðamikilla breytinga sem gerðar voru á kynferðisbrotakaflanum í heild sinni. Sé litið á þær í því samhengi eiga þær rætur að rekja til víðtækari umræðu um æskilega skipan þess brotaflokks í almennum hegningarlögum.

Í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu sem varð að breytingarlögum nr. 61/2007 er fjallað um tilefni frumvarpsins. Þar er lögð áhersla á að umræða í þjóðfélaginu um kynferðisbrot sé mun opinskárr en áður og engum blandist lengur hugur um hve algeng þau eru og skaðleg, bæði fyrir þann sem fyrir þeim verður og samfélagið í heild. Þótt dómum fyrir sumar tegundir kynferðisbrota hafi fjölgað sé ljóst að fjöldi brota komi aldrei fram í dagsljósið og að sakfellingardómar séu fáir að tiltölu. Fram kemur einnig að á undanförunum árum hafi komið fram vaxandi gagnrýni á sum ákvæðanna. Þau þyki ekki veita brotþolum næga réttarvernd, auk þess sem sumir telja að hugsanlega leynist þar enn gömul og úrelt viðhorf í afstöðu til kvenna. Sérstaklega er nefnt að skilgreining á hugtakinu „nauðgun“, sem byggt er á í gildandi lögum, sé ekki í samræmi við hugmyndir fólks almennt um hvað í slíku broti felst. Þá hafi refsíákvarðanir dómstóla fyrir brotin þótt vera of vægar, ekki síst þegar börn væru þolendur. Enn segir að við samningu frumvarpsins hafi jafnframt verið haft að leiðarljósi að auka réttarvernd kvenna og barna og gera ákvæðin nútímalegri. Áhersla sé lögð á að reyna að tryggja, svo sem framast er unnt með löggjöf, að friðhelgi, sjálfsákvörðunarréttur, kynfrelsi og athafnafrelsi hvers einstaklings sé virt.⁵⁶ Sérstaka athygli vekur að ákvæði hegningarlaga um kynferðisbrot þóttu ekki veita *brotþola* nægilega vernd, en þetta atriði er afar mikilvægt þegar skoðuð eru rökin fyrir breytingu þeirri sem hér er fjallað um.

⁵⁶ Ragnheiður Bragadóttir 2006, bls. 91-92.

Í greinargerð með lögum nr. 61/2007 kemur fram að frumvarpið í heild og breytingar sem þar er gert ráð fyrir taki í auknum mæli tillit til stöðu brotþola og stefni að því að tryggja aukna réttarvernd þeirra. Auk breytinga sem gerðar voru á fyrningarreglunum má nefna að hugtakið „nauðgun“ er rýmkað mjög frá því sem áður var. Þannig er auk annars gert ráð fyrir því í nýju lögnum, sbr. 3. gr., að önnur kynferðisnauðung og misnotkun á bágu andlegu ástandi og því að þolandi getur ekki spornað við verknaði eða skilið þýðingu hans teljist nauðgun. Samkvæmt þessu tekur nauðgunarákvæðið nú til fleiri aðstæðna en áður. Í þessu felst jafnframt að fleiri brot sem framin eru gegn barni undir 18 ára aldri fyrnast ekki en annars myndi vera að óbreyttri skilgreiningu nauðgunarhugtaksins. Ennfremur er að finna ákvæði um nokkur atriði sem verka skulu til þyngingar við ákvörðun refsingar fyrir nauðgun. Eitt þeirra er ungur aldur þolanda, sbr. a-lið 4. gr. laga nr. 61/2007. Þá hefur refsing fyrir samræði eða önnur kynferðismök við barn verið þyngd og eru refsismörkin nú hin sömu og fyrir nauðgun, þ.e. fangelsi frá einu ári og allt að 16 árum, sbr. a-lið 11. gr. Auk þess hefur refsiverndin verið rýmkuð, þannig að hún nær nú til barna undir 15 ára aldri, í stað barna yngri en 14 ára eins og var fyrir breytinguna. Allar þessar breytingar gefa glöggt til kynna hve alvarlegum augum löggjafinn lítur þessi brot. Loks má nefna að lögfest hefur verið almennt ákvæði um refsíabýrgð vegna kynferðislegrar áreitni, sbr. 8. gr. laga nr. 61/2007.

Þessi áhersla á brotþola þegar um ræðir kynferðisbrot gegn börnum er þó ekki nýlunda að öllu leyti. Fyrst má nefna að breytingar sem gerðar voru á fyrningarreglum hegningarlaganna með lögum nr. 63/1998, sbr. nánar III. kafla (1 og 2), voru einnig byggðar á sjónarmiðum sem varða stöðu brotþola og því að rétt væri að gera ráð fyrir að hann hefði náð tilteknum aldri áður en fyrningarfrestrir byrjuðu að líða. Hið sama má segja um breytingar sem gerðar voru á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með lögum nr. 36/1999 og tóku gildi 1. maí 1999, sbr. a-lið 1. mgr. 74. gr. a. laga nr. 19/1991. Þar kemur fram að við rannsókn mála vegna brota á kynferðisbrotakafla hegningarlaganna, þ.e. XXII. kafla, og brotþoli er yngri en 18 ára þegar rannsókn máls hefst, *skuli* skýrslutaka fara fram fyrir dómi. Um er að ræða undantekningu frá meginreglunni um svonefnda milliliðalausa sönnunarfærslu, sem felur í sér að sakborningur og vitni komi fyrir dóm við meðferð máls. Tilgangurinn með þessari sérreglu var að hlífa börnum, sem grunur leikur á að hafi orðið fyrir kynferðisbroti, við því, eftir því sem kostur væri, að

þurfa að gefa skýrslu í sakamáli oftár en einu sinni.⁵⁷ Hér búa að baki sérstök sjónarmið um vernd barna sem þolendur kynferðisbrota og með þessari sérreglu var vikið í veigmiklum atriðum frá mikilvægum meginreglum sakamálaréttarfars. Á móti var ekki talið að með þessu fyrirkomulagi væri hallað á sakborning því réttaröryggis hans væri betur gætt við skýrslutöku fyrir dómi en hjá lögreglu, og því hlytu skýrslur, sem gefnar væru fyrir dómi, almennt að hafa ríkara sönnunargildi en lögregluskýrslur.⁵⁸ Nýju sakamálalögin, sem tóku gildi 1. janúar 2009 og komu í stað laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, miða áfram við að skýrslutaka fari fram fyrir dómi meðan á rannsókn máls stendur ef brotþoli er barn. Þó hefur sú breyting verið gerð að aldursmarkið, sem verið hefur 18 ár, er fært niður í 15 ár og verður þar með það sama og sakhæfisaldur, sbr. 14. gr. almennra hegningarlaga.⁵⁹

Meðal lögfræðinga eru ekki sammæli um hvort þessar breytingar hafi orðið til að bæta réttarstöðu barna sem þolendur kynferðisbrota. Má þar nefna gagnrýni sem fram kom í viðtölum við dómara sem gerð er grein fyrir í VII. kafla. Þá hefur Bogi Nilsson, fyrrverandi rannsóknarlögreglustjóri ríkisins og ríkissaksóknari, gagnrýnt þetta fyrirkomulag.⁶⁰

2. Upplýsingar frá Stígamótum

Eðlilegt er að líta á breytingar á fyrningarreglum um kynferðisbrot gegn börnum í víðu samhengi enda eru þær hluti af víðtækri endurskoðun á ákvæðum almennra hegningarlaga um kynferðisbrot sem almennt hefur þótt löngu tímabær. Ólíkar skoðanir á því hvernig reglur um fyrningu einstakra brota skuli nánar útfærðar verður því að greina frá því grundvallarmarkmiði að bæta stöðu barna sem hafa orðið þolendur kynferðisbrota. Enginn ágeiningur hefur risið um það markmið.

⁵⁷ Alþingistíðindi A-deild 1998-1999, bls. 2288-2322 (123. löggjafarþing, þskj. 482, 354. mál). Sjá athugasemdir í greinargerð með 23. gr. frumvarpsins, bls. 2314-2315.

⁵⁸ Sama heimild, bls. 2314-2315.

⁵⁹ Sbr. a-lið 1. mgr. 59. gr. laga nr. 88/2008. Um þetta atriði er sérstaklega fjallað í greinargerð með frumvarpi til laganna, nánar tiltekið í skýringum með 59. gr., sbr. Alþingistíðindi A-deild 2007-2008 (135. löggjafarþing, þskj. 252, 233. mál), bls. 1430.

⁶⁰ Bogi Nilsson 2007.

Fleira kemur til sem telja má að hafi skipt máli um þá ákvörðun sem að lokum var tekin, þ.e. að afnema fyrningarfresti vegna alvarlegra kynferðisbrota gegn börnum. Má þar geta ársskýrslu Stígamóta 2006, sem telja verður þýðingarmikið innlegg í þessu sambandi. Í skýrslunni er að finna margvíslegar tölulegar upplýsingar um þolendur kynferðisofbeldis sem starfsmenn Stígamóta hafa skráð. Þar kemur fram að á árinu 2006 hafi 474 einstaklingar leitað eftir aðstoð samtakanna, þar af 266 í fyrsta sinn.⁶¹ Þessir 266 einstaklingar voru nánast undantekningarlaust þolendur ofbeldis eða í 98% tilvika.⁶² Tafla þar sem flokkaðar eru ástæður þess að umræddir 266 einstaklingar leituðu til Stígamóta sýnir að tæp 45% gerðu það vegna sífjaspella⁶³ og afleiðinga þeirra (þar af tæp 2% vegna gruns um sífjaspell).⁶⁴ Algengast var að sífjaspellsbrot stæðu yfir í eitt til tvö ár.⁶⁵ Sérstaklega athyglisvert er að skoða á hvaða aldri þessir 266 þolendur voru þegar ætlað kynferðisofbeldi átti sér stað og hve gamlir þeir voru þegar þeir leituðu til Stígamóta vegna afleiðinga þess.⁶⁶ Í ljós kemur að rétt tæplega 80% voru átján ára eða yngri þegar meint kynferðisofbeldi átti sér stað. Þar af voru rétt rúm 65% fimmtán ára eða yngri og 45% tíu ára eða yngri.⁶⁷ Algengast var að þolendur yrðu fyrir kynferðislegu ofbeldi á aldrinum 5-10 ára. Þegar á hinn bóginn er skoðuð tafla um aldurssamsetningu sama hóps, þegar hann leitar til Stígamóta eftir aðstoð, kemur í ljós að flestir eru á aldursbilinu 19-29 ára, eða tæp 40%.⁶⁸ Þá er rétt tæplega helmingur hópsins eldri en 29 ára og rétt um 10% 18 ára eða yngri. Meðfylgjandi súluriti, sem unnið er upp úr áður nefndum tveimur töflum í ársskýrslu Stígamóta 2006, er ætlað að draga enn frekar fram hinn mikla mun á aldri þolenda þegar þeir verða fyrir kynferðisofbeldi og aldri þeirra þegar þeir síðan leita til Stígamóta.⁶⁹

⁶¹ Ársskýrsla Stígamóta 2006, bls. 17.

⁶² Sama heimild, tafla 5, bls. 21.

⁶³ Stígamót hafa sett fram sína eigin skilgreiningu á hugtakinu „sífjaspell“. Samkvæmt henni er það ekki takmarkað við kynferðislegt samneyti einstaklinga sem tengdir eru blóðböndum. Skilgreiningin kemur fram á bls. 25 í ársskýrslu samtakanna 2007 og hljóðar svo: „Sífjaspell skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli á milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.“ Skilgreining Stígamóta fellur hvorki að lögfræðilegri merkingu orðsins, sbr. 200. gr. hgl., né fastmótaðri merkingu orðsins í íslenskri tungu, þar sem blóðbönd eru skilyrði þess að hægt sé að tala um „sífjaspell“. Í íslenskri orðabók er „sífjaspell“ skilgreint svo: „Samræði eða önnur kynferðismök við of náinn ættingja (í beinan ættlegg eða milli systkina), blóðskömm.“

⁶⁴ Ársskýrsla Stígamóta 2006, tafla 4a, bls. 19.


⁶⁵ Sama heimild, töflur 14a og 14b, bls. 27.

⁶⁶ Sama heimild, töflur 6a og 6b, bls. 21.

⁶⁷ Óvissa er um aldur tíu einstaklinga af þessum 266 (2,6%) þegar ætlað ofbeldi átti sér stað.

⁶⁸ Óvissa er um aldur fimm einstaklinga af þessum 266 (1,9%) þegar þeir leituðu til Stígamóta.

⁶⁹ Ársskýrsla Stígamóta 2006, mynd 6c, bls. 22.



Berlega sést af súluritinu að oft líður alllangur tími þar til þolandi kynferðisofbeldis hefur áráði og aðstæður til að stíga fram og greina frá ofbeldi sem hann hefur mátt þola í æsku. Að þessu leyti sker þessi brotategund sig frá öðrum brotum. Einnig sést af skýrslu Stígamóta að tæplega 70% þeirra 266 einstaklinga sem leituðu í fyrsta sinn eftir aðstoð samtakanna á árinu 2006, eða 182 einstaklingar, sögðu ekki frá ofbeldinu.⁷⁰ Áréttá má að súluritið sýnir að oft líður langur tími þar til þolandi greinir frá brotinu. Leiða má að því líkur að jafnvel enn lengri tími líði þar til hlutaðeigandi hefur áráði til að kæra brot til lögreglu, ef hann gerir það yfirleitt, enda má telja líkur á að stór hluti brotanna sé fyrndur hvort eð er og að kæra til lögreglu sé þess vegna augljóslega tilgangslaus, jafnvel fyrir alvarlegri brotin sé tekið mið af eldri fyrningarreglum.

Vert er að huga að aðstæðum þar sem þessi brot eru framin og alvarlegum afleiðingum þeirra á líf og heilsu þolenda. Algengt er að brotin séu framin innan veggja heimilis, þar sem börn ættu að eiga öruggt skjól. Gerendur eru af þeim sökum oft einstaklingar sem börnin treysta skilyrðislaust. Í fyrrnefndri ársskýrslu Stígamóta er að finna upplýsingar sem lúta að vettvangi brots.⁷¹ Þær sýna að í tæplega 70% tilvika á kynferðislegt ofbeldi sér stað inni á heimilum. Oftast, eða í rúmlega 30% tilvika, er

⁷⁰ Sama heimild, tafla 16, bls. 29.

⁷¹ Sama heimild, tafla 15a, bls. 28.

brotavettvangur heimili gerandans, í tæplega 30% tilvika er hann sameiginlegt heimili þess sem fyrir broti verður og gerandans og í tæplega 10% tilvika er hann heimili þolandans.

Þá hafa starfsmenn Stígamóta freistað þess að setja fram með tölulegum hætti afleiðingar kynferðisofbeldis sem viðmælendur þeirra nefndu oftast í viðtölum sem fram fóru á árinu 2006.⁷² Í ljós kom að tilfinningar á borð við skömm (85%), depurð (73%), sektarkennd (71%) og kvíða (66%) voru algengastar. Þá var algengt að þolendurnir ættu í erfiðleikum með nánin tengsl við aðra (61%) og í kynlífi (51%) í kjölfarið. Helmingur þolenda hafði glímt við sjálfsvígshugsanir og tæp 20%, eða 50 einstaklingar, höfðu reynt sjálfsvíg einu sinni eða oftari.⁷³ Í tengslum við sjálfsvígstilraunir þolenda segir í ársskýrslu Stígamóta frá óbirtri íslenskri rannsókn frá 2002 á kynferðisofbeldi gagnvart börnum sem unnin var af Hrefnu Ólafsdóttur, félagsráðgjafa og sérfræðingi í fjölskyldumeðferð. Komst hún að því að 15,5% þolendanna hefði gengið svo langt að hafa reynt að svipta sig lífi.⁷⁴

3. Aðrar vísindalegar rannsóknir

Í aðdraganda og umræðum um fyrningarreglur hinna almennu hegningarlaga var, eins og fyrr greinir, lögð rík áhersla á alvarlegar afleiðingar brotanna fyrir brotaþolana. Þetta er vissulega í samræmi við breytingar á kynferðisbrotakafla hegningarlaga sem gerðar voru með lögum nr. 61/2007. Áhersla á brotaþola að því er varðar fyrningarreglur er þannig í samræmi við þessi markmið breytinganna í heild sinni. Í umræðunni um fyrningarreglurnar var aftur á móti ekki sérstaklega vísað í marktækum mæli til sértækra vísindalegra rannsókna á áhrifum kynferðisbrota gegn börnum á brotaþola eða fræðilegar umræðu um niðurstöður slíkra rannsókna þessum sjónarmiðum til stuðnings. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir slíkum rannsóknum með það að markmiði að athuga hvort þær styðja við þessar breytingar.⁷⁵

⁷² Sama heimild, tafla 17, bls. 29.

⁷³ Sama heimild, tafla 18a, bls. 30.

⁷⁴ Sama heimild, bls. 30.

⁷⁵ Sjá einkum Miller-Perrin og Perrin 2007 (einkum bls. 131-139). Þau vísa til fjölda rannsókna á afleiðingum kynferðisbrota gegn börnum á þolendur. Umfjöllun í þessum kafla um fræðilegar rannsóknir er byggð á þessu riti nema annað sé tekið fram. Ennfremur má benda á Holmes og Holmes 2009, einkum bls. 102-105 (um rannsóknir á áhrifum kynferðislegrar misnotkunar á börn sem hafa verið misnotuð af fjölskyldumeðlimum) og 13. kafla (þolendur kynferðisbrota).

Fræðimenn greinir á um áhrif kynferðislegrar misnotkunar á börn. Sumir ganga svo langt að halda því fram að hún hafi ekki skaðleg áhrif á þau, hvorki í æsku né síðar á ævinni.⁷⁶ Á hinn bóginn benda langflestar rannsóknir til að þolendur kynferðisbrota í æsku hafi ríkari tilhneigingu en aðrir, sem ekki hafa orðið fyrir slíkri reynslu, til að sýna margvísleg líkamleg, sálræn og hegðunarleg vandkvæði, sem og erfiðleika í persónulegum samskiptum við sína nánustu sem og aðra. Þessum áhrifum er gjarnan skipt í skammtímaáhrif annars vegar og langtímaáhrif hins vegar. Með hinum fyrrnefndu er átt við einkenni sem koma fram innan tveggja ára frá því að misnotkunin átti sér stað og með hinum síðarnefndu er átt við einkenni sem koma fram eftir þann tíma.⁷⁷

Rannsóknir sýna að skammtímaáhrifin ráðast talsvert af aldri og þroska þolandans. Fjöldi rannsókna hefur leitt í ljós tvenns konar hegðunarmynstur sem virðast einkenna sérstaklega þennan hóp barna; annars vegar *kynferðisleg hegðun* og hins vegar *áfallaröskun*. Með kynferðislegri hegðun (*e. sexualized behavior*) er m.a. átt við kynferðislega tilburði gagnvart fullorðnum eða öðrum börnum; þráláta sjálfsfróun (*e. excessive masturbation*); óvenjulega mikinn kynferðislegan áhuga (*e. sexual preoccupation*); leiki af kynferðislegum toga (*e. sex play with others*); gróft/klúrt tungutak (*e. sexual language*); að sýna á sér kynfærin (*e. genital exposure*). Þá tengist þessi kynferðislega hegðun oft samförum, svo sem tilhneigingu til að líkja eftir samförum og til að setja aðskotahluti í leggöng eða endaparm. Sumir telja að kynferðisleg hegðun barns sé ein sterkasta vísbendingin um að það hafa sætt kynferðislegri misnotkun.

Áfallaröskun (PTSD) lýsir sér m.a. í martröðum, ótta, fælni, einangrunarkennd (*e. feelings of isolation*), skertri hæfni til að njóta daglegs lífs, kvörtunum undan verkjum (*e. somatic complaints*) og sektarkennd. Margar rannsóknir benda til að börn sem misnotuð hafa verið kynferðislega sýni sterkari einkenni áfallaröskunar en börn sem sætt hafa annars konar illri meðferð.

Rannsóknir benda einnig til að neikvæð sálræn áhrif kynferðislegrar misnotkunar geti náð allt fram á fullorðnisár og jafnvel ævina á enda. Meðal algengra langtímaeinkenna eru tilfinningaleg viðbrögð (*e. emotional reactions*) eins og þunglyndi og kvíði. Sumar rannsóknir benda til þess að algengasta afleiðing kynferðislegrar misnotkunar í æsku sé þunglyndi. Þá hafa rannsóknir sýnt mjög sterk tengsl milli kynferðislegrar misnotkunar og

⁷⁶ Miller-Perrin og Perrin 2007, bls. 131. Höfundar vísa til rannsókna tilgreindra fræðimanna sem halda þessu fram.

⁷⁷ Miller-Perrin og Perrin 2007, bls. 131.

sjálfsvígshugsana og endurtekinna sjálfsvígstilrauna.⁷⁸ Í því sambandi má nefna að samkvæmt óbirtri tíðnirannsókn Hrefnu Ólafsdóttur félagsráðgjafa á kynferðislegri misnotkun barna frá árinu 2002 og áður hefur verið minnst á, sbr. VI. kafla (2) hér að framan, höfðu 15% þeirra sem höfðu upplifað kynferðislega misnotkun í æsku reynt að taka líf sitt miðað við 4% samanburðarhópsins.⁷⁹ Hér má bæta við að samkvæmt upplýsingum frá Stígamótum hafa rúmlega 60% þeirra sem þangað leituðu á árinu 2007 verið haldnir sjálfsvígshugsunum og þar af höfðu tæplega 20% reynt sjálfsvíg einu sinni eða oftár.⁸⁰

Aðrar langtímaafleiðingar sem eru vel þekktar og koma fram í rannsóknum á þessum hópi eru erfiðleikar í nánnum samskiptum, erfiðleikar í kynlífi, ýmis heilsufarsleg vandamál (eins og t.d. stöðugir verkir og offita), misnotkun áfengis, lyfja eða fíkniefna, átraskanir og sjálfskaðandi hegðun (*e. self-mutilation*). Þá hafa langtímarannsóknir sýnt fram á hærri tíðni sjúkdóma/kvilla af geðrænum toga hjá fullorðnum einstaklingum sem upplifðu kynferðislega misnotkun í æsku.

Ennfremur gefa rannsóknir til kynna að neikvæð áhrif á einstaklinga séu breytileg frá einni manneskju til annarrar. Fyrir suma virðast áhrifin mjög alvarleg til skemmri eða lengri tíma, en síður alvarleg fyrir aðra. Þannig benda sumar rannsóknir til að u.þ.b. þriðjungur þeirra sem hafa þurft að þola kynferðsbroti í æsku beri ekki marktæk eða merkjanleg neikvæð einkenni vegna þess. Ástæðurnar geta verið ýmsar, en í því sambandi er gjarnan nefnt mismunandi alvarleiki og tímalengd misnotkunar og möguleikar þolanda á sálrænum og félagslegum stuðningi til að takst á við afleiðingarnar. Þá eru börn mismunandi viðkvæm, sem og geta þeirra til að takast á við erfiðleika. Sum börn virðast búa yfir hæfni og styrk til að komast yfir áföll, sem skaða flest önnur börn til lengri eða skemmri tíma. Er þetta talið ráðast af meðfæddum eiginleikum þeirra annars vegar og

⁷⁸ Hér má benda á skýrsluna *Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979*. Í kafla 12.2.2, „Áhrif illrar meðferðar og ofbeldis“ (bls. 145-148), er vísað til fjölmargra rannsókna sem styðja við það sem fram kemur í riti Miller-Perrin og Perrin 2007, sbr. nmgr. 76.

⁷⁹ Þetta er fyrsta tíðnirannsókn sem framkvæmd hefur verið á Íslandi á kynferðislegri misnotkun barna. Úrtakið (slembiúrtak) var 1.500 manns á aldrinum 18-60 ára sem sendur var spurningalisti í pósti. 746 einstaklingar svöruðu, sem þykir góð þátttaka í könnun um mál af þessu tagi. Sjá nánar: *Fimmta hver stúlka misnotuð og tíundi hver drengur*. Viðtal við Hrefnu Ólafsdóttur í Morgunblaðinu, 17. september 2002.

⁸⁰ Ársskýrsla Stígamóta 2007, bls. 39.

áunnum eiginleikum hins vegar sem tengjast umönnum foreldra og öðrum þáttum í uppeldi þeirra.⁸¹

Að síðustu er rétt að geta rannsóknar Sigrúnar Sigurðardóttur sem hún gerir grein fyrir í meistararitgerð sinni í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri árið 2007.⁸² Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna heilsufar og líðan kvenna sem höfðu orðið fyrir sálrænum áföllum í æsku, eins og kynferðislegri misnotkun og öðru ofbeldi. Tekin voru viðtöl við sjö konur á aldrinum 30-65 ára sem áttu slíka sögu og höfðu leitað til heilbrigðiskerfisins eftir aðstoð. Í niðurstöðum Sigrúnar kemur fram að sálræn áföll í æsku geti haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir líkama og sál.⁸³ Einkennin geti komið fram strax eftir áfallið eða mörgum árum seinna og þróast yfir í einkenni áfallaröskunar með margþættum einkennum og einstaklingar verði berskjaldaðir fyrir endurteknum áföllum síðar á lífsleiðinni. Þátttakendur í rannsókninni upplifðu mikla vanlíðan. Þeim leið mjög illa í æsku og í skóla. Þær lýstu stöðugri hræðslu og áttu við ýmis geðræn og líkamleg einkenni að stríða í æsku. Á fullorðinsárum hafa þær verið þjakaðar af margskonar líkamlegum og geðrænum sjúkdómum og eru fimm þeirra öryrkjar af þeim sökum. Þeim hefur gengið illa að tengjast og njóta snertingar við maka og börn sín, lifa við mikla vanlíðan, eru oft fullar vonleysis og finnst þær vera að gefast upp á lífinu.

Þessar niðurstöður Sigrúnar eiga sterkan samhljóm með niðurstöðum þeirra rannsókna sem getið er hér að framan. Þá benda niðurstöður þeirra rannsókna sem efni þessa kafla er byggt á til þess að þau rök fyrir breytingu á fyrningarreglum sem vísuðu til langvarandi og alvarlegra afleiðinga kynferðisbrota gegn börnum eigi sér styrka stoð í viðurkenndum vísindarannsóknum á þessu sviði.

4. Dagur með Thelmu Ásdísardóttur

Það versta var þegar bekkjarsystur mínar voru að tala um fyrstu kærastana sína.

Það átti að vera sá sem maður hefði gert það fyrst með. Ég hataði þetta tal. Hverju

⁸¹ Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 2008, bls. 147-148.

⁸² Verkefni Sigrúnar Sigurðardóttur til meistaraprófs í heilbrigðisvísindum frá 2007, Kynferðisleg misnotkun og önnur áföll í æsku og áhrif þeirra á heilsufar og líðan kvenna. Þar er m.a. að finna umfjöllun um rannsóknir á þessu sviði og sýnir greinargerð um þær áþekkar niðurstöður og fram koma í þessum kafla, sbr. einkum bls. 13-19. (Vísað er til ritgerðarinnar með leyfi höfundar.)

⁸³ Sama heimild, bls. 81-82.

átti ég að svara? Pabbi minn? Þær gátu hvíslað um rómantískar stundir sem þær höfðu átt með feimnislegum jafnöldrum sínum í plakاتبtrekktum unglíngaherbergjum þegar ég átti bara minningar um viðbjóðslega karla í illa lyktandi íbúðum eða pabba minn að fróa sér framan í mig. Afmeyjunin á að vera falleg stund í lífi hveurrar konu en ég hafði verið afmeyjuð af pabba mínum.

Myndin af pabba. Saga Thelmu

4.1. Thelma

Á árinu 2005 kom út bókin *Myndin af pabba - saga Thelmu*. Bókin er skrifuð af Gerði Kristnýju rithöfundu og varð metsölubók. Í bókinni lýsir Thelma Ásdísardóttir langvarandi og grófu kynferðisofbeldi sem hún og systur hennar máttu sæta í æsku af hendi föður síns og karlmannna á hans vegum.⁸⁴ Í bókinni segir m.a.:⁸⁵

Pabbi hikaði ekki við að misnota okkur einn síns liðs þótt mamma væri heima. Þá fór hann bara varlega. Hann taldi sér trú um að hann væri að „kenna“ okkur. Hann sagði að þegar við yrðum fullorðnar ætlaði hann að sýna okkur hvernig við ættum að stunda kynlíf með mönnum okkar og fylgjast með þegar við svæfum fyrst hjá þeim. Pabbi fór ekki í felur með óra sína og líkti okkur dætrum sínum við kvennabúrið sitt. Stundum líkti hann sjálfum sér líka við karlljón og sagði að við værum ljónynjurnar sem ættu að keppast um ást hans og athygli.

Bók þessi markaði nokkur þáttaskil í umræðu um kynferðisbrot gegn börnum. Með frásögn sinni lauk Thelma upp dyrum að veröld þolenda á hreinskilinn og opinskáan hátt og bauð hinum almenna lesanda að skyggjast inn fyrir. Þjáningar þolenda voru ekki lengur faldar eða illa aðgengilegar í rannsóknargögnum, dómsskjölum eða dómum, heldur skráðar í bók sem boðin var til sölu í verslunum um land allt. Á aðgengilegan og auðskilinn hátt deildi þessi kona reynslu sinni með lesandanum, sem hlaut að finna til samkenndar og samúðar.

⁸⁴ Bókin kom út í Svíþjóð 2008 og heitir á sænsku: *Bilden av pappa*.

⁸⁵ Gerður Kristný 2005, bls. 40.

Pegar Biggi var að misnota okkur vildi hann stundum hætta í miðjum klíðum en það tók pabbi aldrei í mál því hann óttaðist að fá þá ekki borgað. Hann átti það líka til að ýta á Bigga ef honum fannst hann ekki fara nógu lant inn. Mikið sem ég grét meðan á pyntingunum stóð. Mér var illt, mér blæddi og stundum sló pabbi mig.⁸⁶

Bókin vitnar um miklar hörmungar sem Telma upplifði í æsku. Thelma er í huga margra aðdáunarverð kona, holdgervingur trúar á framtíðina og þess að það er líf eftir alvarleg kynferðisbrot í æsku. Hún starfar nú hjá Stígamótum og nýtir þar reynslu þá sem hún býr yfir til að hjálpa öðrum sem eru í sömu eða svipuðum sporum. Mig hafði lengi langað til að fá að vita hvernig hún gæfi af sér og miðlaði reynslu sinni. Ég hafði því samband við hana og spurði hvort ég mætti fylgjast með henni einn dag við vinnu sína og fá þannig smjörþef af því sem hún væri að gera. Thelma tók beiðni minni vel og bauð mig velkomna á vinnustað sinn sólríkan vordag í apríl.

Thelma er fædd árið 1967. Hún sagðist sjálf hafa stigið það skref að leita til Stígamóta árið 1992 eftir ábendingu systur sinnar og fyrir þrábeiðni sambýlismanns síns og barnsföðurs.⁸⁷

Fyrst Lindu hafði liðið betur af að fara þangað hlyti það sama að eiga við um mig. ... Það gæti varla skaðað að athuga hvort ég ætti erindi þangað. Samt stórefaðist ég um það. Mér fannst bernskan ekki vefjast það mikið fyrir mér. Ég hafði lært að lifa með henni. Allir hafa sinn kross að bera. Þetta var minn.

Pegar ég hringdi í Stígamót til að þanta viðtal komst ég í svo mikið uppnám um leið og svarað var á hinum enda línunnar að ég brast í grát og skellti á. Þessi viðkvæmni kom mér algjörlega í opna skjöldu. Það liðu nokkrir dagar áður en mér tókst að safna nægum kjarki til að hringja aftur en til allrar hamingju gerði ég það.

Strax árið 1994 var Thelmu trúað fyrir að leiðbeina sjálfshjálparhópi á vegum samtakanna. Hún hefur nú leitt hópastarf í fjórtán ár, þótt ekki hafi það verið samfellt, og er þar af leiðandi einn reynslumesti leiðbeinandinn sem samtökin hafa á að skipa. Thelma var ráðin í fullt starf hjá Stígamótum í febrúar 2007. Áður hafði hún verið í framkvæmdahópi

⁸⁶ Sama heimild, bls. 45.

⁸⁷ Sama heimild, bls. 208.

Stígamóta um þriggja ára skeið. Starfi sínu sinnir hún í starfsstöð samtakanna að Hverfisgötu 115, en á hverjum mánudegi fer hún ásamt annarri starfskonu að meðferðarheimilinu í Krísvíkurskóla og sinnir þar ráðgjöf. Þarna dvelja einstaklingar sem hafa verið í harðri neyslu ávana- og fíkniefna og sumir afplána refsivistardóma á þessum stað. Þá heldur Thelma utan um hópastarfið hjá Stígamótum. Þeir hittast ýmist einu sinni eða tvisvar sinnum í viku, á kvöldin eða um helgar.⁸⁸

Ég spurði Thelmu hvaða þáttur í starfi hennar hjá Stígamótum væri henni mikilvægastur eða hún hefði mest gaman að. Hún svaraði því til að það væri svo margt. „Mest gaman er þó að sjá framfarir fólks. Sjá fólk sækja kraftinn sinn og fá ljóma í augun“, segir Thelma. „Sjá fólk ná tökum á lífi sínu“, bætir hún við. Henni finnst dýrmætast að fá að taka þátt í þessari baráttu skjólstaðinga sinna og eins finnst henni ómetanlegt að fá að vera rödd Stígamóta.

4.2. Viðtölin

Margt af því sem fram kom í þessari þátttökuathugun hefur ekki beina þýðingu fyrir efni ritgerðarinnar í þengri skilningi, þótt það sé til þess fallið að varpa ljósi á eðli þess mikilvæga starfs sem unnið er á vegum Stígamóta með þolendum kynferðisbrota. Það eru einkum staða og ástand þeirra einstaklinga sem komu í viðtal hjá Thelmu þennan dag sem nota má sem dæmi til varpa ljósi á hve langan tíma það getur tekið fólk að vinna úr afleiðingum kynferðisbrota og eins sýnir hún hve langur tími getur liðið frá því að brot var framið þar til þolendurnir leita sér aðstoðar.

Sá fyrsti sem átti viðtal⁸⁹ hjá Thelmu þennan dag var maður á fimmtugsaldri.⁹⁰ Hann hafði orðið fyrir kynferðislegri misnotkun á aldrinum 11-13 ára af hálfu prests eða, eins og Thelma orðaði það, þá hefði hann orðið fyrir kynferðisofbeldi í æsku „af hendi

⁸⁸ Sjálfshjálparhópar hafa verið kjaminn í starfsemi Stígamóta frá upphafi. Boðið er upp á sérstaka hópa fyrir þolendur sífjaspells og sérstaka hópa fyrir þolendur nauðgana. Innan hvers hóps eru einstaklingar sama kyns. Nokkrir karlahópar hafa starfað. Á árinu 2007 voru þeir tveir og það ár sá karlmaður í fyrsta sinn um að leiðbeina hópnum. Í ársskýrslu Stígamóta 2007, bls. 11, segir að reynslan af hópastarfinu hafi verið mjög góð. Þarna komi brotapolar saman til að sækja styrk til þess að takast á við vandamál sem rekja megi til afleiðinga sífjaspella og nauðgana. Með þátttöku í hópastarfi sé einangrun rofin og þátttakendur veiti hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríki í samskiptum þeirra og markmiðið sé fyrst og fremst sjálfsstyrking. Skyldumæting er í hópastarfið.

⁸⁹ Hvert viðtal stóð yfir í klukkustund.

⁹⁰ Samkvæmt ársskýrslu Stígamóta 2007 eru karlmenn um það bil 10% þeirra sem leita til samtakanna ár hvert, bls. 26.

fagaðila utan heimilis“. Þessi maður hafði notið aðstoðar Stígamóta undanfarin eitt til tvö ár, bæði með því að sækja viðtöl og eins tekið þátt í hópastarfi. Manninum leið afar illa og var í miklum vandræðum með líf sitt, þrátt fyrir að vera í fastri vinnu og um það bil að ljúka háskólanámi. Hann hafði túlkað hina kynferðislegu misnotkun af hálfu prestsins sem hommareynslu og skömmin hefði verið gríðarleg.

Í þessu tilfelli vekur aldur mannsins athygli, en hann rekur raunir sínar til kynlífsreynslu, sem hann lýsir sem kynferðislegri mistnotkun, sem hann segist hafa orðið fyrir á aldrinum 11-13 ára.

Í næsta viðtal kom kona um fimmtugt. Hún hafði þrisvar sinnum orðið fyrir kynferðisofbeldi þegar hún var 9 ára gömul af hálfu nágranna sem bjó við sömu götu. Þegar hún sagði móður sinni frá þessu, skammaði móðir hennar hana og sagði að þetta mætti engum segja. Konan hefur glímt við erfiða geðsjúkdóma og legið talsvert á spítala vegna þess. Hún er fyrst og fremst að vinna úr æsku sinni.

Hér vekur aftur athygli að konan lýsir kynferðisofbeldi sem hún segist hafa orðið fyrir 9 ára gömul. Á fimmtugsaldri glímir hún enn við afleiðingar þess ef marka má þetta viðtal. Þá lýsir þetta dæmi aðstæðum sem oft koma upp í málum af þessu tagi þar sem málið er þaggað niður þegar þolandi greinir frá því og hann fær ekki nauðsynlegan stuðning frá sínum nánustu til að halda máli til haga og kæra viðkomandi, en slíkur stuðningur er vitaskuld nauðsynlegur 9 ára gömlu barni.

Í þriðja viðtalið kom hálf fimmtug kona, en hún hafði komið oft áður. Hún hafði verið vanrækt sem barn og beitt andlegu og líkamlegu ofbeldi af móður sinni. Á unglingsárunum missti hún áhuga á náminu og gekk illa í skóla. Hún kvaðst hafa verið misnotuð af bekkjarbróður sínum þegar hún var 14 ára, hann hefði ítrekað beitt hana kynferðislegu ofbeldi. Síðar var henni nauðgað af fullorðnum manni. Hún sagðist fljótlega hafa fengið á sig hórustimpil og hafi verið litið niður á hana og talað illa um hana. Hún hefði upplifði sjálfa sig sem druslu og að karlmenn notuðu hana. Henni var síðan nauðgað ofurölvi þegar hún var rétt innan við tvítugt af pilti sem hún þekkti. Leiddi það til þungunar og eignaðist hún barnið. Síðar giftist hún og eftir því sem árin liðu fór hún að misnota áfengi og lyf. Hún var margoft lögð inn á sjúkrahús vegna geðrænna vandamála. Fyrir nokkrum árum fór hún frá eiginmanni sínum og í meðferð og dreif sig síðan í nám. Í framhaldinu leitaði hún til Stígamóta.

Hér endurspeglast enn eina ferðina hve fullorðinn einstaklingur er orðinn þegar hann glímir enn við afleiðingar kynferðisofbeldisins og hve ásæknar þær eru.

Í fjórða viðtal dagsins kom rúmlega tvítug kona. Þetta var hennar annað viðtal. „Það ríkir alltaf svolítill óvissa um það hvort einstaklingur kemur í viðtal númer tvö”, segir Thelma. Hún heldur áfram: „Margir meika eitt viðtal, en koma ekki aftur.”

Þessari konu hafði verið nauðgað tvisvar sinnum. Í fyrra sinnið notfærði 17 ára kærasti hennar sér ölvunarástand hennar og hafði við hana mök, en hún var þá aðeins 14 ára, en í síðara skiptið hafði hún orðið fyrir hópnaudgun. Konan kom frá brotnu heimili þar sem hún hefði verið beitt bæði líkamlegu og andlegu ofbeldi. Síðar eignaðist hún kærasta sem beitti hana grófu ofbeldi. Hún leiddist út í neyslu fíkniefna og þegar þarna var komið í lífi hennar var hún að vinna sig út úr því. Hafði farið í meðferð og síðan leitað til Stígamóta.

Í fimmta viðtal dagsins kom fimmtug kona. Þetta var hennar fyrsta viðtal. Thelma sagði að svona helmingslíkur væru á að fólk mætti þegar það væri að koma í fyrsta sinn. Þessi kona hafði verið misnotuð kynferðislega af eldri bróður sínum og tveimur vinum hans er hún var 5 ára. Síðan var hún misnotuð af frænda sínum frá því að hún var sex til sjö ára og allt fram til þrettán ára aldurs. Mágur hennar misnotaði hana síðan 16 ára en henni tókst síðar að stoppa það. Rúmlega tvítug varð hún fyrir því að ráðist var á hana erlendis úti á götu. Tvö ungmenni, piltur og stúlka, komu henni til hjálpar og fóru með hana heim til sín. Um nóttina nauðgaði pilturinn henni. Aðalástæða þess að hún leitaði nú hjálpar Stígamóta var að bróðir hennar, sem var þremur árum yngri en hún, hafði spurt hana hvort hún hefði verið misnotuð í æsku. Hann sagði henni jafnframt að þegar hún hafi verið 12 ára og hann 9 ára hefði hún farið í kynferðislega leiki með sér. Konana tók þetta afar nærri sér og kvaldist af sektarkennd yfir því sem hún hafði gert litla bróður sínum.

Hér vekur enn athygli að kona sem stendur á fimmtugu lýsir kynferðisofbeldi sem hún segist hafa orðið fyrir fyrst 5 ára og síðan árin eftir það, allt fram á þrítugsaldur. Hún glímir enn við afleiðingar þess ef marka má þetta viðtal.

4.3. Ályktanir

Hafa verður margvíslega fyrirvara á því hvaða ályktanir verða dregnar af þessari þátttökuathugun. Fyrst má nefna að ég var aðeins viðstödd eitt þessara viðtala, en hin eru byggð á frásögn Thelmu af þeim að þeim loknum. Þá ber að hafa í huga að eingöngu er byggt á frásögnum skjólstæðinganna sjálfra. Skiptir máli að hafa í huga að Stígamót starfa að því að aðstoða fólk við að vinna sig út úr afleiðingum reynslu sem það telur sig hafa

orðið fyrir og hefur upplifað með þeim hætti sem það lýsir. Ekki er ástæða til að draga í efa að þessir einstaklingar lýsi raunverulegri vanlíðan sinni vegna kynferðislegrar reynslu í æsku óháð málvöxtum að öðru leyti. Hér er því ekki lagður neinn dómur á sannleiksgildi frásagna í smáatriðum. Mestu skiptir að þessir einstaklingar lýsa reynslu sem þeir telja sig hafa orðið fyrir. Að síðustu má nefna að um er að ræða fáa einstaklinga og varast bera af þeim sökum að draga of víðtækar ályktanir af þessu einu og sér um langtímaafleiðingar brotanna fyrir þolendur almennt. Engu síður má hafa tvennt í huga. Í fyrsta lagi starf Stígamóta á þessu sviði, en umfang þess sýnir að margir einstaklingar eiga um sárt að binda vegna reynslu sinnar. Í öðru lagi koma einstakar frásagnir skjólstæðinga Stígamóta þennan dag og lýsing þeirra á líðan sinni í meginatriðum heim og saman við niðurstöður þeirra rannsókna sem raktar eru að framan, sem og því sem fram kemur í dómum, sbr. VIII. kafla hér á eftir. Upplýsingar sem fengust þennan dag styðja þannig ágætlega við efni þessa kafla.

4.4. Önnur atriði

Að lokum má nefna að um það leyti sem umræddar lagabreytingar, sem gerðu ráð fyrir afnámi sakarfyringarfrests vegna alvarlegra kynferðisbrota gegn börnum, áttu sér stað hafði umræðu og umfjöllun um kynferðislega misnotkun barna borið hátt í þjóðfélaginu. Veturinn 2006-2007 tengdist umræðan umönnun barna á heimilum sem starfrækt voru á vegum hins opinbera. Má þar nefna fréttaflutning af kynferðislegri misnotkun barna á heyrnleysingjaheimilum og frásagnir manna sem dvalist höfðu ungir í Breiðavík.⁹¹ Almennungi virðist hafa brugðið við þessar frásagnir um meðferð og þjáningar sem þeir upplifðu þar vestra og hefur litað líf þeirra allar götur síðan. Þótt umræðan um Breiðavík hafi ekki eingöngu snúist um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum sem þar voru vistuð, er ekki ósennilegt að hún hafi aukið almenna vitund um hve alvarleg og djúpstæð áhrif erfið lífsreynsla í æsku getur haft á líf einstaklinga sem í hlut eiga, ekki síst þegar um

⁹¹ Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007: *Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979*. Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007-2008 af forsætisráðherra í febrúar 2008. Þá kom út fyrir jólin 2007 bók með frásögn eins af skjólstæðingum Breiðavíkurheimilisins. Bókin heitir *Breiðavíkurdrengur – brotasaga Páls Elíssonar*. Í henni lýsir Páll dvöl sinni í Breiðavík, en þangað var hann sendur tíu ára gamall ásamt bróður sínum og dvaldist þar í þrjú og hálf ár. Meðan á dvölinni stóð sætti hann kynferðislegri misnotkun, vinnubrælkun og barsmíðum.

kynferðislegt ofbeldi er að ræða. Mönnum varð ljóst að margir þolendur brotanna bera merki þeirra ævina á enda.

Í þessu sambandi má geta tveggja bóka sem telja má líklegt að hafi átt þátt í að móta viðhorf almennings, *Launhelgi lyganna* og *Myndin af pabba - saga Thelmu*, sem áður var nefnd, og vöktu mikla athygli. Fyrri bókin var skrifuð undir dulnefninu Baugalín og kom út árið 2000. Hún lýsir æsku og uppvexti ungrar stúlku sem mátti þola kynferðisbrot árum saman af hendi stjúpa síns. Höfundur bókarinnar kom ekki fram undir nafni og fylgdi bókinni ekki eftir með viðtölum.⁹² Því vakti hún minni athygli heldur en sú síðarnefnda, *Myndin af pabba - saga Thelmu*, sem nánar er gerð grein fyrir framfar í þessum kafla.

Að öðrum frásögnum ólöstuðum má halda því fram að útgáfa bókarinnar *Myndin af pabba - saga Thelmu* hafi valdið straumhvörfum í umræðu um þessi mál. Opinská og hreinskilnisleg frásögn Thelmu, auk fjölmargra viðtala við hana sjálfa og systur hennar í kjölfarið, hleypti af stað þjóðfélagsumræðu um viðkvæm efni sem áður höfðu verið sveipuð þagnarhjúp.

Eðli málsins samkvæmt er ekki hægt að fullyrða að almenn umræða um kynferðisbrot gegn börnum, hvort sem hún er sprottin af einstökum dómsmálum eða reynslusögum þolenda slíkra brota, hafi haft afgerandi þýðingu þegar tekin var ákvörðun um breytingu á fyrningarreglum hegningarlaganna. Því geta þingmennirnir sem studdu breytinguna einir svarað. Hinu verður varla neitað að breytingin fellur vel að þeirri almennu umræðu sem áberandi var á sama tíma og hún var gerð. Þetta býður að sjálfsögðu heim gagnrýni um að breytingarnar hafi ef til vill ekki verið studdar svo traustum gögnum sem æskilegt hefði verið. Ef frá er skilin skýrsla Stígamóta vekur athygli að í þessum umræðum og aðdraganda málsins hefur skort á að vísað væri til viðurkenndra almennra rannsókna og skoðana sérfræðinga sem sýna fram á og styðja almenn viðhorf um alvarlegar og langvarandi afleiðingar kynferðisbrota gegn börnum. Með því hefði ef til vill mátt skjóta frekari stoðum undir réttmæti hennar. Hefur þess m.a. verið freistað í þessum kafla.

⁹² Höfundurinn kom fyrst fram í *Kastljósi* Sjónvarpsins 25. mars 2007.

VII.

Viðhorf dómara til fyrningar sakar í kynferðisbrotum gegn börnum

I. Inngangur

Með breytingum þeim á fyrningarreglum um tiltekin alvarleg kynferðisbrot gegn börnum sem hér um ræðir sveigði löggjafinn af þeirri leið, sem hefur verið fylgt á Íslandi undanfarna áratugi, að fækka ófyrnanlegum brotum. Með henni var tilteknum grófum kynferðisbrotum gegn börnum, að því er fyrningu varðar, skipað á bekk með alvarlegustu afbrotum samkvæmt íslenskum refsilögum sem varðað geta ævilöngu fangelsi, eins og manndrápi og landráðum. Samhliða afnámi fyrningarfrestsins var þó ekki ákveðið að refsihámark fyrir þessi brot skyldi vera ævilangt fangelsi, heldur 8, 12 eða 16 ára fangelsi allt eftir grófleika brots og aldri barns.

Vegna þessa má telja að sérstaka þýðingu hafi frá refsipólítísku sjónarmiði að kanna viðhorf dómara til þessara breytinga, sem og önnur viðhorf þeirra til kynferðisbrota gegn börnum yfirleitt. Hafa má í huga að dómarar tjá sig almennt ekki um mál sem þeir hafa dæmt nema í dóminum sjálfum.⁹³ Kröfur í lögfræði um hlutleysi dómara og sú meginhugmynd að dómarar leysi úr málum á grundvelli laga og viðurkenndra aðferða við beitingu þeirra gera að verkum að óvarlegt er að draga af dómum ályktanir um persónuleg viðhorf dómara. Til að kanna þau viðhorf, m.a. til breytinga á fyrningarreglum, voru tekin viðtöl við sex íslenska dómara í þeim tilgangi að fá fram viðhorf þeirra til kynferðisbrota gegn börnum og réttarreglna sem móta meðferð þessara mála. Meginmarkmið viðtalanna var að komast að því hvort fyrrgreindar breytingar á fyrningarreglum almennra hegningarlaga væru í samræmi við viðhorf dómaranna til þessa brotaflokks, en auk þess var spurt um afstöðu þeirra til annarra atriða sem telja má að skipti máli við mat á sérstöðu þessara brota, og þar með við mat á réttmæti breytinganna. Í þessu skyni voru dómarar m.a. spurðir hvað einkenni þennan brotaflokk sérstaklega að þeirra mati, hvort þeir telja

⁹³ Frá þessu eru þó undantekningar, sjá t.d. Jón Steinar Gunnlaugsson 2008a.

skipta máli hvort karl eða kona sitji í dómi í þessum brotaflokki, hvaða mál af þessu tagi séu þeim minnstæðust og hvers vegna.

Kynferðisbrot gegn börnum hreyfa við þjóðarsálinni. Sú skoðun er algeng að gerendur í þessum málum fari yfir öll siðferðileg mörk og spurt er hvort hægt sé að sökkva dýpra en að misnota saklaus börn. Umfjöllun um þessi mál er algengt fréttæfni og einkennist oft af geðshræringu og tilfinningalegu uppnámi. Vitna má til upphafsorða greinar sem birtist í tímaritinu *Mannlífi* árið 2007 og ber heitið „Hættulegustu barnaníðingar Íslands“. ⁹⁴ Þar segir:

Menn sem haldnir eru barnagirnd eru hataðir í nútímasamfélagi og glæpir þeirra vekja viðbjóð og reiði. Menn sem níðast á börnum eru sér á báti meðal glæpamanna og er óhætt að segja að brot þeirra séu með þeim allra andstyggilegustu. Þjóðfélagið fyrirliður þessa menn en þó eru þeir að mörgu leyti verndaðir. Þeir fremja margir hverjir brot sín í skjóli þagnarinnar sem hefur ríkt um kynferðisbrot um árabil á Íslandi.

Fjölmiðlar og áhugahópar um þessi mál eru gjarnan sakaðir um óvönduð vinnubrögð og æsifréttamennsku.⁹⁵ Við þessar aðstæður er sú hættu fyrir hendi að ákvarðanir um breytingar á lögum eða á dómaframkvæmd í málaflokknum taki fremur mið af því að koma

⁹⁴ Forsíða *Mannlífs* 21. ágúst 2007 var helguð kynferðisbrotamönnum. Yfir hana þvera var skrifað með stóru áberandi lettri: „Fimm hættulegustu níðingarnir. Hverjir eru þeir? Hvað gerðu þeir? Hvar búa barnaníðingarnir?“ Á forsíðunni birtust jafnframt andlitsmyndir af hinum dæmdu mönnum. Inni í blaðinu (bls. 16-24) var ítarlega fjallað um þetta efni. Einnig má benda á forsíðu *DV* 10. janúar 2006. Birt er mynd af kennara, nafn hans tilgreint og skrifað stóru lettri: „Einhentur kennari sagður nauðga piltum.“ Kennarinn fyrirfór sér sama dag. Þá má nefna forsíðu *DV* 21. ágúst 2008. Þar birtist mynd af þekktum kynferðisbrotamanni, hann nafngreindur og skrifað stóru lettri: „Mæður vara við níðingi.“ Loks má nefna að á forsíðu *Morgunblaðsins* 2. febrúar 2007 birtist frétt undir fyrirsögninni „Milduðu dóminn“. Var skýrt frá dómi Hæstaréttar frá því deginum áður yfir manni sem hafði verið sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn þremur stúlkum og jafnframt fyrir að hafa haft í vörslum sínum ljósmyndir sem sýndu börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Héraðsdómur hafði dæmt manninn í 2 ára fangelsi, en Hæstiréttur taldi fangelsi í 18 mánuði hæfilega refsingu. Með fréttinni birtust á forsíðu blaðsins andlitsmyndir af fimm dómurum við Hæstarétt Íslands sem dæmt höfðu í málinu.

⁹⁵ Sjá t.d. grein Hrafn Bragasonar 2008 og grein Freys Ófeigssonar 2007. Í grein Freys segir m.a.: „Dómarar og verk þeirra eru ekki hafin yfir gagnrýni enda vinna dómarar fyrir opnum tjöldum og verk þeirra flest birtast á netinu. Það verður hins vegar að gera þá kröfu til fjölmiðla að gagnrýni þeirra sé málefnaleg og rökstudd. Dómarar eru í þeirri stöðu að geta ekki tekið þátt í opinberri umræðu um dóma sem þeir hafa kveðið upp af augljósum ástæðum, ekki hvað síst af tilliti til málsaðila.“ Hér má einnig benda á áður nefnda forsíðu *DV* 10. janúar 2006, en fréttin og afleiðingar hennar kölluðu fram mikla gagnrýni á fréttáflutning blaðsins af málinu.

til móts við kröfur almennings um að harðar sé gengið fram í slíkum málum, en að hrein fagleg sjónarmið ráði för, hvort heldur þau teljast lögfræðileg eða af öðru tagi.⁹⁶

Í ljósi alls þessa taldi ég fræðilega áhugavert frá refsipólitísku sjónarmiði að fá nokkra dómara til að tjá sig um persónuleg viðhorf sín til þessara breytinga, sem og annarra atriða sem varða löggjöf um kynferðisbrot gegn börnum, sem og meðferð slíkra mála fyrir dómstólum. Hvað finnst þeim sjálfum um þennan brotaflokk óháð lagabókstafnum? Hversu alvarleg eru þessi brot að þeirra mati og hvað einkennir þau öðru fremur? Upplifa þeir þau á annan hátt en almenningur virðist gera? Eru viðhorf þeirra í samræmi við löggjöfina eða telja þeir henni ábótavant? Með því að leita til sex einstaklinga, sem hafa atvinnu af því að dæma í sakamálum og búa þar af leiðandi yfir mikilli þekkingu á þessum tiltekna brotaflokki, auk þess að hafa samanburð við önnur afbrot, var þess freistað að komast að því hvort lagabreytingin frá 2007 væri raunhæft svar við sterkum tilfinningalegum viðhorfum þjóðarinnar og hvort hún ætti sér jafnframt stuðning og hljómgrunn meðal þeirra sem gerst þekkja meðferð þessara mála fyrir dómstólum.

2. Framkvæmd rannsóknarinnar

2.1. Rannsóknarspurningar

Rannsóknin var unnin á tímabilinu mars til maí 2008. Með viðtölum við dómara var þess einkum freistað að leita svara við eftirfarandi spurningum:

- Bera þessi brot einhver sérkenni í samanburði við önnur afbrot?
- Hvaða sjónarmið vegast á þegar metið er hvort afnema eigi fyrningarfrést vegna grófra kynferðisbrota gegn börnum? Hver þessara sjónarmiða veга þyngst á vogarskálunum?

Þess var vænst að með viðtölunum mætti skyggast inn í hugarheim þeirra sem skipa dómaraembætti og leiða í ljós hvaða þættir þessir einstaklingar telja skipta mestu máli í tengslum við kynferðisbrot gegn börnum og alvarleika þeirra. Vonast er til að svörin við

⁹⁶ Heimir Örn Herbertsson 2007 (einkum bls. 25-26).

spurningunum og yfirlýsingar þeirra um önnur skyld atriði sýni hvað þeir sem gegna dómaraembættum telja einkenna þessi brot öðrum fremur og hvaða þættir geri þau alvarlegri en önnur. Er rannsóknin á því byggð að viðhorf dómara sem hafa reynslu af meðferð mála sem varða kynferðisbrot gegn börnum skipti talsverðu máli þegar metið er vægi þeirra röksemda sem leiddu til framangreindra lagabreytinga.

Þrátt fyrir að ákveðnar spurningar hefðu verið lagðar fyrir þátttakendur var yfirbragð viðtalanna frjálst og óformlegt og hikuðu þeir ekki við að setja fram viðhorf sín og gagnrýni á meðferð þessara mála.

2.2. Rannsóknaraðferðir

Markmið rannsóknarinnar er að grafast fyrir um persónuleg viðhorf dómaranna og upplifun þeirra á meðferð mála sem tengjast kynferðisbrotum gegn börnum. Þetta markmið mótar rannsóknaraðferðina og var talið rétt að beita eigindlegri rannsóknaraðferð. Slík aðferð hentar vel til að öðlast dýpri skilning á persónulegum skoðunum þátttakenda, upplifun þeirra og aðstæðum.⁹⁷ Menntun dómara og þjálfun í lögfræðilegum vinnubrögðum felur í sér ríka kröfu um að þeir geri greinarmun á persónulegum skoðunum sínum og tilfinningum og þeim kröfum sem leiðir af lögum og viðurkenndri lögfræðilegri aðferðafræði við beitingu þeirra. Þessi munur er skýr í hugum þjálfara dómara. Lögfræðileg orðræða þeirra um kynferðisbrot gegn börnum getur þannig verið alls ólík því sem fram kann að koma ef þeir eru beðnir að lýsa persónulegum skoðunum sínum, upplifunum og þeim tilfinningum sem með þeim vakna við rekstur þessara mála og töku ákvarðana í þeim. Því var leitast við að haga spurningunum og viðtölunum í heild þannig að forðast spurningar sem gætu talist lögfræðilegar í ströngum skilningi. Þannig fengu þátttakendur tækifæri til að tjá sig opið og frjálst um persónuleg viðhorf sín til þeirra viðfangsefna sem rannsóknin laut að.

Þessi háttur á samtölum við dómarana er talinn skipta máli vegna þess að þrátt fyrir að kröfur um lögfræðilega aðferðafræði setji dómurum skorður geta þeir engu síður haft mótandi áhrif á ýmsa þætti sem varða viðurlög við kynferðisbrotum gegn börnum. Einkum á þetta við sjónarmið sem lögð eru til grundvallar við ákvörðun refsingar og miskabóta. Refsimörk í hegningarlagaákvæðum eru yfirleitt rúm og veita mikið sviðgrúm til

⁹⁷ Taylor og Bogdan 1998 og Helga Jónsdóttir 2003.

að meta hæfilega refsingu í einstökum málum innan lögmæltra refsimarka, þótt dómarrar telji almennt hendur sínar bundnar af refsíákvörðunum í sambærilegum málum. Þá ber að nefna að lög kveða ekki á um fjárhæð skaða- eða miskabótakrafna. Þótt eldri dómafordæmi skipti einnig verulegu máli við slíka ákvörðun geta almennar hugmyndir dómara um afleiðingar brotanna fyrir brotþola skipt talsverðu máli í því sambandi. Upplifun dómara, m.a. á alvarleika brotanna, getur þar með skipt máli þegar refsingar eru ákvarðaðar og bætur dæmdar, þótt þeim beri auðvitað að fylgja viðurkenndum lögfræðilegum aðferðum í þessum efnum og dómafordæmum.

2.3. Þátttakendur

Við val á þátttakendum var tekið tillit til þess að viðhorf fólks til kynferðisbrota gegn börnum kunna að hafa breyst á undanförunum árum og eiga rannsóknir og frásagnir brotþola á alvarlegum og langvarandi afleiðingum þeirra sennilega stóran þátt í því. Af þessum sökum var talið æskilegt að hafa ákveðna fjölbreytni í viðmælendahópnum að því er varðar lífaldur dómara, starfsaldur og kyn. Þátttakendur voru þrjár konur og þrír karlar sem tilheyra bæði „eldri“ og „yngri“ kynslóð dómara. Meðalaldur þeirra var 51 ár og meðalstarfsaldur 16,5 ár. Þátttakendur höfðu ýmist unnið sem dómarafulltrúar eða sem sjálfstæðir dómarrar, settir eða skipaðir, á þeim tíma.

Það liggur í eðli dómarrastarfsins að dómarrar almennt tjá sig ekki um mál sem þeir hafa til meðferðar, nema í formlegum úrskurðum eða endanlegum dómi. Dómarrar standa að öðru leyti utan við almenna umræðu um einstaka dóma sem þeir hafa kveðið upp, þótt þeir taki stundum þátt í fræðilegri umræðu um lögfræðileg málefni.⁹⁸ Þá er þess að geta að

⁹⁸ Um það hvort dómarrar eigi að taka þátt í slíkum umræðum og að hve miklu leyti skoðanir eru skiptar sjá t.d. umfjöllun í *Úfjótí* 2008: „Rökstólar. Þátttaka dómara í almennum umræðum um viðfangsefni dómstóla.“ (bls. 327-334). Þar er að finna þrjár stuttar hugleiðingar: Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari: „Æskilegt að dómarrar taki þátt í almennum umræðum um verkefni dómstóla“, Katrín Jakobsdóttir alþingismaður: „Upplýst umræða forsenda réttarríkis?“ og Eiríkur Tómasson prófessor: „Stjórnarskráin setur skoðana- og tjáningarfrelsi dómara skorður“. Í hugleiðingu sinni lýsir Eiríkur m.a. þeirri skoðun að í því ljósi að dómurum beri að vera óháðir og óhlutdrægir í störfum sínum verði þeir að fara varlega þegar þeir tjá sig um umdeild álitamál opinberlega. Hann telur aftur á móti ekkert vera því til fyrirstöðu að þeir taki þátt í almennum umræðum um viðfangsefni dómstóla, m.a. vegna þekkingar sinnar og reynslu á því sviði. Öðru máli gegni um umfjöllun dómara um einstök dómsmál: „Þannig hefur það til skamms tíma ekki þótt hlýða hér á landi að dómendur taki þátt í umræðum um mál sem þeir hafa sjálfir dæmt, enda verður að telja það farsælast að dómarrar tjái sig um málin með tæmandi hætti í dómsúrlausnum sínum,“ segir Eiríkur orðrétt (sjá nánar bls. 328-329). Einnig má í þessu sambandi vísa til greinar eftir Pál Þórhallsson frá 2007, „Opinber umræða um dómsmál. Hvernig endurreisum við traust til dómstóla?“.

réttarhöld í málum sem varða kynferðisbrot gegn börnum eru í framkvæmd háð fyrir luktum dyrum,⁹⁹ sem þýðir jafnframt að fæst sem þar fer fram kemur fyrir sjónir almennings, nema að svo miklu leyti sem fram kemur í dómi, þar sem nöfn og aðrar persónulegar upplýsingar hafa verið afmáðar úr endurritum til verndar brotapolanum. Þá fylgjast fjölmiðlar og ýmsir áhugahópar og samtök grannt með dómum sem kveðnir eru upp í þessum málaflokki og verða þeir oft, eins og fyrr segir, tilefni harkalegrar gagnrýni á þá sem annast rannsókn slíkra mála, sem og á dómstóla.¹⁰⁰ Reglan er almennt sú að dómstólar eða einstakir dómarmar svara ekki slíkri gagnrýni, þótt þeim kunni stundum að þykja hún ósanngjörn eða byggð á misskilningi.¹⁰¹ Í ljósi þessa var þátttakendum heitið fullum trúnaði og þeir fullvissaðir um að ekki yrði unnt að rekja einstök ummæli eða skoðanir til þeirra.

2.4. Gagnasöfnun og úrvinnsla

Gagnasöfnun fór fram með viðtölum sem var fylgt eftir með tölvupósti ef eitthvað var talið vanta inn í eða nánari skýringa þörf.¹⁰² Í viðtölunum var lögð áhersla á að draga fram sérkenni kynferðisbrota gegn börnum og þar með hugsanlega styðja við réttmæti fyrrnefndra lagabreytinga eða eftir atvikum til að hrinda þeim rökum sem þær voru byggðar á. Viðtölin voru hljóðrituð og síðan afrituð. Tölvupóstur var prentaður út. Rannsóknargögn sem aflað var með þessum hætti spanna samtals um 120 blaðsíður. Öll gögn eru varðveitt, bæði upptökur og afrit þeirra, en þau kunna, eins og síðar greinir, að

⁹⁹ Kolbrún Sævarsdóttir 2006.

¹⁰⁰ Hér vísast til dæma sem nefnd eru í nmgr. 95, en til viðbótar má nefna frétt sem birtist á bls. 18 í *Morgunblaðinu* 4. desember 2008. Fréttin segir frá því að prestur, sem ákærður hafði verið fyrir kynferðisbrot og brot gegn barnaverndarlögum gegn tveimur unglingsstúlkum, hefði verið sýknaður af sakargiftum í héraðsdómi. Í fréttinni er vitnað til yfirlýsingar Femínistafélags Íslands, þar sem félagið fordæmir sýknudóminn. Í yfirlýsingunni segir m.a.: „Femínistafélag Íslands fordæmir kynferðislegt ofbeldi og þar með sýknudóm héraðsdóms Suðurlands. Femínistafélagið gerir þá kröfu að ríkisstjórn Íslands geri það að forgangsatrúnaði að uppræta kynbundið ofbeldi og standi við alþjóðlegar yfirlýsingar. Það nægir ekki að baráttan gegn ofbeldi sé í innantómu orði; hún þarf að vera borin á borð.“

¹⁰¹ Ekki síst af þessari ástæðu var sumarið 2008 nokkuð áberandi umræða um hvort dómstólar ættu að koma sér upp sérstökum talsmanni, nokkurs konar upplýsingafulltrúa, sem myndi fylgja dómnsniðurstöðum eftir. „Dómari á að vera búinn að rökstyðja sína niðurstöðu þannig að hann þurfi ekki að segja neitt meira, dómnsniðurstaðan er endanleg,“ er haft eftir Símoni Sigvaldasyni, formanni dómstólaráðs, í *Morgunblaðinu*. Sjá nánar: „Dómstólar ráði til sín fjölmiðlafulltrúa“ og „Talsmenn dómstóla“ í *Morgunblaðinu* 13. ágúst 2008.

¹⁰² Bogdan og Biklen 1998.

gefa tilefni til frekari rannsókna á öðrum þáttum sem varða viðhorf dómara til kynferðisbrota gegn börnum en áhersla er á lögð í þessari rannsókn.

Gögnin hafa verið athuguð og greind. Einkum voru þau greind út frá eftirtöldum þáttum, sem einnig endurspeglar þær spurningar sem helst voru ræddar: Viðhorfum dómara til afnáms fyrningarfrests, viðhorfum til afnáms fyrningarfrests vegna annarra kynferðisbrota gegn börnum, mati þeirra á helstu sérkennum kynferðisbrota gegn börnum í samanburði við önnur brot, sjónarmiðum sem þeir töldu eiga við um hæfilegar refsingar fyrir gróf kynferðisbrot gegn börnum, viðhorfum til miskabóta og stöðu brotþola, athugasemdum þeirra um minnisstæðasta málið, afstöðu þeirra til kynjasamsetningar dómstóls og viðhorfum þeirra til rannsókna kynferðisbrota gegn börnum.

2.5. Trúnaður

Í störfum sínum fjalla dómarar fyrst og fremst um mál á lögfræðilegum forsendum. Þeir meta hvað telst sannað og hvað ekki og undir hvaða refsilagaákvæði háttsemi sem telst sönnuð fellur, eftir þeim lagareglum og lögfræðilegu sjónarmiðum sem við eiga. Hugmyndir þeirra um áhrif afleiðinga brotanna á brotþola til lengri eða skemmri tíma hafa helst áhrif þegar þeir taka ákvörðun um refsingu og bætur, þótt fordæmi í svipuðum málum hafi áhrif við slíka ákvörðun.

Gerðar eru ríkar kröfur um að dómarar tjái sig ekki um dómsmál sem þeir hafa til meðferðar eða hafa haft til meðferðar. Þá þurfa þeir að gæta þess að tjá sig ekki þannig um málefni að af því verði dregnar ályktanir um viðhorf þeirra til einstakra mála sem þeir kunna síðar að fá til meðferðar. Þeir sem gegna dómarastörfum eru jafnan meðvitaðir um þetta. Af þessum sökum var ákveðið í samráði við dómarana að framsetningu á efni viðtalanna yrði hagað þannig að ummæli eða skoðanir sem fram kæmu yrðu ekki raktar til einstakra dómara. Áskilnaður um trúnað hefur áhrif á framsetningu rannsóknarskýrslunnar eins og hún birtist í þessari ritgerð. Á það bæði við um persónuleg viðhorf dómara almennt, sem og viðhorf þeirra til einstakra mála sem þeir hafa sjálfir haft til meðferðar eða stéttarsystkin þeirra. Vegna þessa var þess gætt að halda trúnað við úrvinnslu gagna og framsetningu á efni viðtala og niðurstöðum. Þetta hefur þau áhrif að sumar upplýsingar sem fengust í viðtölunum hafa verið látnar liggja milli hluta þar sem þær hefðu ýmist afhjúpað hverjir viðmælendurnir voru eða dregið fram í dagsljósið upplýsingar sem eru svo persónulegar og viðkvæmar í tengslum við einstök dómsmál að hægt hefði verið að draga

af því ályktun um hvaða dómari væri viðmælandi. Þá voru ýmsar upplýsingar af svo viðkvæmum toga að ekki var réttlætanlegt að þær kæmu fram.

3. Viðhorf dómara

3.1. Afnáam fyrningarfrests

Dómararnir voru á einu máli um að rétt hefði verið að takmarka afnáam fyrningar sakar við gróf kynferðisbrot gegn börnum með þeim hætti sem gert var. Allir dómararnir að einum undanskildum voru á hinn bóginn sammála afnámi fyrningar vegna grófra kynferðisbrota gegn börnum. Fyrir því tilgreindu þeir eftirfarandi ástæður: Í fyrsta lagi *alvarleika* brotanna. Dómararnir notuðu ýmis orð til að lýsa afstöðu sinni til þessara brota, m.a. með því að jafna þeim til manndráps og með því að orða það sem svo „*að svona glæpir ofbjóði okkur*“. Einn dómari segir: „*mér finnst þessi mál og þessi brot ... það ... skelfilegasta sem að maður getur eiginlega hugsað út í. Og brotin sjálf eru alveg hræðileg bara, og jafnast á við verstu líkamsmeiðingar eða limlestingar eða manndráp.*“ Í öðru lagi nefndu þeir *varnarleysi þolenda* og *trúnaðarbrest* gagnvart þeim. Þeir lögðu áherslu á að þolendur væru börn sem gætu ekki varið sig, sérstaklega þegar brot væru framin innan veggja heimilisins og af einhverjum tengdum eða kunnugum barninu. Í þriðja lagi *vanmátt þolenda*. Börn gætu oft ekki tjáð sig um brot fyrr en eftir langan tíma, þ.e. þegar þau hefðu þroskast. Þannig kæmu þessi brot oft ekki upp á yfirborðið fyrr en löngu eftir að þau hefðu átt sér stað. Þessu tengt væru aðstæður þar sem brotápoli gæti hafa sagt frá broti á barnsaldri en ekki fengið stuðning frá umhverfinu til að kæra gerandann.¹⁰³ Í fjórða lagi nefndu dómararnir *skort á skilningi þolenda*. Börn gerðu sér oft ekki grein fyrir að verið væri að brjóta gegn þeim og áttuðu sig þar af leiðandi ekki á því að refsivert athæfi hefði verið framið fyrr en þau fullorðnuðust. Einn dómari kemst svo að orði: „*Í þessu ljósi er þetta réttlætanleg og eðlileg breyting jafnvel þótt að þetta stangist á við þessi sjónarmið sem að við vitum að eru í gildi um fyrningu sakar bæði hér og annars staðar.*“ Í fimmta

¹⁰³ Hér má nefna sem dæmi *H 414/2003*. Þar kemur fram að foreldrar stúlku, sem sætti kynferðislegri áreitni af hálfu fjölskylduvinar og sagði frá því, hefðu fyrir sitt leyti ákveðið að kæra ekki, en bannað stúlkunni að fara heim til ákærða. Í viðtali við félagsráðgjafa á vegum barnaverndarnefndar nokkrum mánuðum síðar kom fram að stúlkan hafi í upphafi viðtalsins „brostið í grát og sagst hafa verið hrædd um að enginn myndi hjálpa sér og vísað til þess að hún hefði sagt frá áður, en ekkert hefði verið aðhafst“. Dómurinn er nánar reifaður í kafla VIII (4).

lagi nefndu þeir *alvarlegar og langvarandi afleiðingar* brotanna. Sérstaka áherslu lögðu þeir á geðrænar og sálrænar afleiðingar.¹⁰⁴ Dómararnir notuðu ýmis orð til að lýsa hinum sálrænu afleiðingum, eins og „*geigvænlegar*“, „*gríðarlega alvarlegar*“, „*óvenjumikið tjón fyrir brotapolann og aðstandendur hans*“ og „*brotapolar jafna sig sjálfsagt í mörgum tilvikum aldrei*“. Í sjötta lagi komu fram rök sem nefna mætti *réttlætisrök*. Fram kom áhersla á að fyrningarreglur gætu fælt fólk frá að kæra. Það gæti eigi að síður verið í þágu réttlætis að brotin væru upplýst, þótt langt væri um liðið, þótt efast mætti um réttmæti þess að refska mönnum svo löngu síðar, jafnvel áratugum eftir að brot hefði verið framið.¹⁰⁵ Þessu tengt er það sem einn dómaranna nefndi „*bataferli*“ sem réttlætti afnám fyrningar þessara brota. Sá möguleiki brotapola að eiga þess kost að kæra, þótt langur tími væri liðinn, gæti verið hluti af bataferli hans. „*Þessi málsmeðferð er náttúrulega partur af ... ákveðnum healing-process hjá brotapolunum. ... ef að þau eru í raun og veru kærð ... miklu síðar heldur en þau eiga sér stað, þá getur þetta verið partur af því að brotapolarnir eru raunverulega ... að sækja sér bata eftir að þessi brot hafa átt sér stað.*“

Auk þeirra röksemda sem raktar hafa verið komu fram aðrar annars eðlis, þ.e. almennari og þær snúa ekki sérstaklega að brotapolanum. Ber fyrst að nefna *friðþægingu almennings*. Einn dómaranna, sem var sammála breytingunni, taldi að ákvörðunin um að afnema fyrninguna væri fyrst og fremst pólitísk, gerð í friðþægingarskyni til að koma til móts við gagnrýni og óánægjuraddir í þjóðfélaginu. Taldi hann að þetta væri í sjálfu sér rök með breytingunni, þ.e. „*til að fá bara frið um málin sjálf og afgreiðslu þeirra*“. Þá var nefnd *táknræn þýðing* breytinganna. Í ljósi þess að tíminn ynni gegn sönnuninni væri það ekki síst táknræn þýðing lagabreytingarinnar sem skipti máli. Með henni væri alvarleiki þessara brota viðurkenndur af löggjafarvaldinu. Einn dómari orðar þetta svo að „*löggjafinn ... styðji við bakið á þessum brotapolum og ... sem sagt leggi þeim lið að þessu leyti og sýni samstöðu ... að svona brot líðist ekki og ef að hugsanlega er hægt að upplýsa þau að þá eigi að gera það*“.

Enda þótt dómararnir styddu breytingarnar á grundvelli framangreindra röksemda komu fram tvenns konar efasemdir um réttmæti þeirra. Hin fyrri lýtur að hagsmunum sakbornings og réttindum hans. Fram kom það sjónarmið að erfitt væri fyrir brotamann að

¹⁰⁴ Þessi viðhorf dómaranna eru í samræmi við ítrekaðar rannsóknir á afleiðingum kynferðisbrota til skemmri eða lengri tíma fyrir þolendur, sbr. nánar kafla VI að framan.

¹⁰⁵ Þetta sjónarmið er meðal hefðbundinna röksemda fyrir þeirri meginreglu að brot fyrnist, sbr. nánar kafla II (2) að framan.

mega eiga von á því, jafnvel áratugum eftir að brot var framið, að fá á sig kærú, eða eins og einn dómarrinn orðar það: „Að málið dragist ekki allt of lengi og hann þurfi kannski að bíða hálfu ævina eftir að fá á sig kærú.“ Aðstæður brotamannsins gætu hafa breyst og hvaða þýðingu það hefði að refsá manni áratugum eftir að brot hefði verið framið. Jafnframt kom fram í máli dómarranna að væru hagsmunir brotáþola og sakbornings lagðir á vogarskálarnar ættu hagsmunir brotáþolans að vega þyngra. Þá lýsti einn þeirra þeim áhyggjum sínum að með þessari breytingu væri verið að búa til væntingar um að framvegis yrði „ekkert mál“ að sakfella í þessum málum. Sönnunarstaðan væri almennt erfið og ef dómarrar fengju þessi eldgömlu mál lentu dómarrar „alltaf í basli með þetta“.

Aðspurðir um hagnýta eða raunhæfa þýðingu þessarar breytingar kom fram að dómarrarnir töldu að hún myndi ekki hafa mikil áhrif á málafljöldann í raun. Einkum voru tilgreindir erfiðleikar við sönnun og því lengra sem liðið væri frá broti minnkuðu líkurnar á að hægt væri að sanna það.

Aðeins einn viðmælenda lýsti sig beinlínis andvígán afnámi fyrningar. Því til grundvallar lágu tvær forsendur. Í fyrsta lagi að erfiðara væri, eftir því sem málin yrðu eldri, að sanna brotin og hætta á mistökum ykist að sama skapi. Sakborningur gæti verið sakfelldur ranglega. „Og það er kannski frekar hætta á svona mistökum í þessum málaflökki heldur en flestum öðrum. Vegna þess hvað sannanirnar eru ómateriel sko. ... og hvað sakarefnið er oft persónulegt og tilfinningabundið. Þetta eru svona hættusvæði sko, þetta er svona jarðsprengjusvæði ... í þessum málaflökki.“ Í öðru lagi nefndi dómarrinn þau rök, sem áður hafa komið fram og fleiri bentu á, að sakborningur ætti ekki að þurfa að eiga von á kærú áratugum eftir að meint brot átti sér stað.

3.2. Helstu sérkenni kynferðisbrota gegn börnum

Dómarrarnir voru beðnir um tilgreina hvað einkenndi sérstaklega kynferðisbrot gegn börnum í samanburði við önnur brot. Þeir töldu þennan brotaflökk hafa talsverða sérstöðu og tiltóku eftirgreindar ástæður. Fyrst nefndu þeir *alvarleika* brotanna. Dómarrarnir vildu almennt skipa þessum brotum á bekk með alvarlegustu brotunum eins og manndrápi. Tveir dómarrar notuðu orðið „glæpur“ yfir kynferðisbrot gegn börnum. Þá var nefndur *ungur aldur* brotáþola. Brotáþolarnir eru börn, einstaklingar sem eru minni máttar og geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Þá tiltóku þeir *brot á trúnaði* og lögðu áherslu á að brot væru oft framín innan veggja heimilisins þar sem barnið ætti að eiga skjól og finna sig öruggt og

af aðilum sem barnið bæri traust til. Þá nefndu þeir *alvarlegar afleiðingar* brotanna. Þessu skylt eru afleiðingar brotanna fyrir aðra, þar sem brot af þessu tagi leggja líf margra í rúst, bæði fjölskyldu geranda, fjölskyldu þolanda og þolenda sjálfra.

Dómurinum var tíðrætt um *áhuga og þrýsting fjölmiðla*. Þeir nefndu mikinn áhuga fjölmiðla á málum af þessu tagi og það sem þeir töldu óvandaða umfjöllun þeirra, sem þeir töldu einkennast af rangfærslum, misskilningi og vanþekkingu. Einn dómari lýsti áhyggjum sínum af því að krafa fjölmiðla um sakfellingar í þessum málum gæti leitt til þess að slakað yrði á sönnunarkröfum. „*Og það er það sem að er einkennandi fyrir þennan brotaflokk og það er líka það sem er svo ... kannski svolítið varhugavert ... það er þessi gríðarlega fjölmiðlaumræða um þennan brotaflokk og í rauninni ... þrýstingur á ... hérna réttarkerfið ... bæði að svona brot séu kærð og þau ... fari alla leið í réttarvörslukerfinu þannig að það er líka þrýsingur á dómstóla að herða refsingar og jafnvel að slaka á sönnunarkröfum.*“

Dómarar tiltóku aftur *erfiða sönnunarstöðu* í þessum málaflokki, þar sem oft væru ekki önnur sönnunargögn en framburður hins meinta brotaþola og lýstu jafnframt áhyggjum sínum af því að hún gæti leitt til þess að slakað yrði á sönnunarkröfum og það hefði jafnvel þegar verið gert. „*Það er ... í þessum málum ... er oftast bara orð á móti orði. Það er svo sjaldan sem það eru líkamlegir áverkar og það er svo sjaldan sem að ... þegar um börn er að ræða, ég tala nú ekki um þegar einhver tími er liðinn að að það sjáist eitthvað á barninu. Auðvitað sést náttúrulega ef að barnið er skoðað af sálfræðingi, þá sjást ... sjást einhver merki um það að barnið hafi orðið fyrir einhverju áfalli. En það er svo sjaldgæft að það sé eitthvað sem að hægt er að styðjast við annað heldur en framburður barnsins.*“ Annar dómari lýsti því svo að dómstólar væru komnir út á hengiflug með sönnunarkröfum í málum sem varða kynferðisbrot gegn börnum. „*Sko ég held að það hafi verið slakað verulega á ... hættulega á sönnunarkröfum í kynferðismálum. Og það sé bara ... við séum eiginlega alveg á hengiflugi ... komin út á hengiflug með það. Og kannski í einhverjum tilvikum hafi verið... Jája, segi ekki meira um það. Og þar ... og þetta ... ég veit ekki hvort það sé svo mikil kynjaskipting þar ... jája ... þó kannski. En allavega, þá hefur á síðustu árum, þá hefur verið slakað verulega á í þessu eins og ég sagði og ... og ég átta mig ekki almennilega á því hvert við erum að fara í þessu. Ég hef bara verulegar áhyggjur af því.*“

Þá nefndu dómarnir að *langur tími* gæti liðið frá broti til kærú. Brot væru oft þögguguð niður innan fjölskyldunnar ef frá þeim hefði verið sagt á sínum tíma. „*Það var*

*bara tekin ákvörðun um það að það ætti ekki kæra þetta, vegna þess að það átti kannski einhver nákominn í hlut og ... og málin voru einfaldlega bara látin liggja í láginni.*¹⁰⁶

Meðal annarra atriða um einkenni brotanna kom fram að brot gætu staðið yfir *um langt skeið*, jafnvel í mörg ár. Oft væri mikill *aldursmunur* á brotþola og geranda. Á meðan brotþoli væri barn væri gerandinn iðulega fullorðinn einstaklingur, eins og t.d. faðir eða afi. Þá var nefnt að gerandi misnotar oft og tíðum barn sem hann veit, vegna tengsla sinna við það, að býr við *bágar aðstæður*.

3.3. Refsingar fyrir gróf kynferðisbrot gegn börnum

Allir dómarnir töldu að þyngja ætti refsingar í alvarlegustu málunum. Þetta væri háttsemi sem „*verðskuldaði þyngri refsingu*“, eins og einn dómari komst að orði. Ástæðuna fyrir of vægum refsingum töldu þeir vera fyrst og fremst að menn hafi almennt ekki áttað sig á alvarlegum og langvarandi afleiðingum brotanna fyrir þolendur. Nú sé að renna upp fyrir mönnum hversu miklu tjóni brotin valda.

Dómarnir voru sammála um að refsingar hefðu þyngst hægt og bítandi en endurspegluðu ekki enn alvarleika þessara brota. Enda þótt til væru í lögum heimildir til að dæma þyngri refsingar töldu þeir, með tilliti til jafnræðis sakborninga, að ekki væri hægt í dómaframkvæmd að þyngja refsingar í verulegum mæli í einu vetfangi. Einn dómari komst svo að orði: „*En ég held að það sé í raun og veru okkar verkefni að koma þessum refsingum á þann stað þar sem að viðunandi er. Og þótt þær færist upp um einhver ár þá erum við samt sem áður langt því frá að vera í refsihámarkinu.*“

Tveir dómara deildu á Hæstarétt og sögðu hann tregan til að þyngja refsingar í þessum málaflokki. Þá kom fram sú skoðun hjá einum dómara að hann teldi að allt að ævilangt fangelsi ætti að liggja við þessum brotum á meðan annar hafði efasemdir um að rétt væri að dæma kynferðisbrotamenn í fangelsi. Hann vildi líta á gerendur sem sjúklinga, „*einvern veginn sem ósakhæfa*“, og setja þá í meðferð á stofnun. „... *finnst mér bara það að sá sem gerir barni svona alvarlegan hlut ... ég get ekki litið svo á að hann sé heilbrigður. Mér finnst svo óheilbriggt að gera þetta og það er kannski frekar þannig sem*

¹⁰⁶ Í H 4/2003, er varðaði kynferðisbrot manns gegn þremur stúlkum, segir í héraðsdómi: „Er þekkt að sumir þolendur kynferðisafbrotu beri harm sinn í hljóði um árabíl, einkum þegar um börn er að ræða og slíkt komi upp á yfirborðið þegar viðkomandi kemst til manns.“ Dómurinn er nánar reifaður í kafla VIII (4).

ég lít á þetta. Mér finnst svo skrítið að refsa manni, sem ég lít á sem sjúkling. Og ég hef enga trú á því að dæma einhvern mann í þriggja ára fangelsi fyrir að nauðga barni hafi nokkra þýðingu nema þá að sjálfsögðu ef kerfið er með einhver deildarskipt fangelsi þar sem að maður er bara með aðhlyningu og aðstoð akút í marga mánuði eða allan tímann. Annars kemur hann út engu bættari.

Aðspurðir um hvað skipti mestu máli við ákvörðun refsingar í þessum málaflokki nefndu þeir eftirfarandi atriði. Brotin beinast gegn lífi og heilsu barns með alvarlegum afleiðingum. Einn dómari orðar það svo: „Þetta eru alvarleg brot ... þú tekur lífið frá þessu fólki sem að er beitt svona mikilli misnotkun.“ Annar segir: „það eru oft alveg gríðarlegar afleiðingar eins og við þekkjum sem að verða af svona kynferðisbroti og brotaþolar jafna sig sjálfsagt í mörgum tilvikum aldrei á þessum brotum.“

Þá voru nefnd eftirtalin atriði til viðbótar: Grófleiki verknaðar, alvarlegt trúnaðarbrott sem framið er í skjóli heimilisins og af fullorðnum einstaklingi sem barnið treystir, lengd tímabilsins sem brot nær yfir, aldur brotaþolans, aldur gerandans og vitund geranda um bágar aðstæður þolanda.

3.4. Miskabætur og staða brotaþola

Algengt er í refsimálum að dæma jafnframt um kröfu brotaþola um miskabætur sér til handa. Í viðtölunum var vikið að fjárhæð miskabóta í málum af þessum toga. Skýrt kom fram hjá a.m.k. tveimur dómurum að miskabætur væru almennt of lágar og þær þyrftu að vera hærri.¹⁰⁷ Einn dómari sagði þær vera „hlægilegar“ ef maður tryði því að miskinn væri

¹⁰⁷ Til að gefa hugmynd um fjárhæð miskabóta í málum vegna grófra kynferðisbrota gegn börnum, þ.e. í málum þar sem sakfelld er fyrir brot gegn 194. gr., 1. mgr. 200. gr. eða 1. mgr. 201. gr. hgl., voru skoðaðir dómur Hæstaréttar Íslands, sem kveðnir voru upp frá og með 1. janúar 2007 og fram til 15. nóvember 2008. Kom í ljós að dæmd fjárhæð miskabóta var á bilinu 500.000-1.000.000 kr., sbr. *H 36/2007* (900.000 kr.). Sakfelld fyrir brot gegn 194. gr., en sýknað af broti gegn 1. mgr. 202. gr. hgl., þar sem ekki var talið sannað að ákærða, sem var rúmlega þrítugur, hefði mátt vera ljóst að þolandi var yngri en 14 ára. Þolandi var einungis 13 ára er nauðgunin átti sér stað; *H 48/2007* (1.000.000 kr.). Sakfelld fyrir brot gegn 194. gr. hgl. Ákærði var tvítugur en þolandinn 14 ára; *H 83/2008* (500.000 kr.). Sakfelld fyrir brot gegn 1. mgr. 201. gr. hgl. Þolandi var nemandi í grunnskóla og ákærði kennari hennar. Til fróðleiks má geta þess að þótt sök sé fyrnd, og þar af leiðandi ekki unnt að refsja sakborningi, er samt sem áður hægt að dæma sakborning til greiðslu miskabóta hafi slík krafa verið gerð. Í þessu felst að brotaþoli getur fengið nokkra uppreist. Í dómasafni Hæstaréttar er að finna nokkur dæmi um þetta. Af dómum þar sem um er að ræða kynferðisbrott gegn börnum má nefna *H 334/2004*. Í því máli var X ákærður fyrir kynferðisbrott gegn telpunni B á árunum 1990-1994, þegar hún var 9-13 ára gömul. Var X sýknaður af brotunum utan að talið var sannað að hann hefði áreitt B kynferðislega á árinu 1994. Brotið var talið fyrnt þegar rannsókn hófst fyrir lögreglu á árinu 2003.

til æviloka og að það þyrfti að hækka þær verulega til að þær teldust „mannsæmandi“. Þá virtust dómarnir vera nokkuð sammála um að tjón brotapolanna væri almennt mjög mikið og langvinnt. Um leið skorti nokkuð á við meðferð þessara mála að þessum þætti væri nægilegur gaumur gefinn og að í reynd hefðu dómarar oftast en ekki lítið við að styðjast við mat á afleiðingum brots fyrir brotþola til langs tíma. Skortur væri á að vandaðar rannsóknir væru gerðar á brotþolum að þessu leyti. Oftast en ekki væru vottorð sem lögð væru fram um þetta orðuð með almennum hætti og þar vísað til þeirrar almennu vitneskju að afleiðingar brota af þessu tagi væru alvarlegar og langvinnar, án þess að þess væri freistað að meta tjón þess brotþola sem fjallað væri um hverju sinni á einstaklingsbundinn hátt. Eins og einn dómarnir segir: „*en ég veit að ég mundi gjarnan vilja fá betri rannsókn á hverjum og einum.*“ Annar dómari segir að hann telji það eiga að vera ófrávíkjanlega kröfu í öllum grófari málum af þessu tagi að dómkveðja matsmenn, helst tvo, sem hefðu það hlutverk að „*taka út þolandann eins og gert er í öðrum málum, forsjármálum eða öðru.*“ Fram kom það sjónarmið að kröfum þolanda um miskabætur væri oft ekki nægilega vel haldið til haga og þær ekki nægilega vel studdar gögnum um áhrif brotanna á brotþolann. Þetta var rakið til þess að of margir dómarar hafi vanmetið þýðingu starfa réttargæslumanna sem hefðu það hlutverk að gæta hagsmuna þolandans og verið tregir til að úrskurða þeim nægilega háa þóknun fyrir störf þeirra. Leiddi það til þess að þeir legðu minni vinnu í málið en æskilegt væri.¹⁰⁸

3.5. Minnisstæðasta málið

Í viðtölunum voru dómarnir beðnir um að nefna mál sem væri þeim minnisstætt og hvers vegna. Svörin einkennast af því að minnisstæðastir í huga dómara eru brotþolarnir,

Dómur var lagður á kröfu B um miskabætur þar sem X var eingöngu sýknaður vegna fyrningar. Var X gert að greiða B 800.000 kr. í miskabætur ásamt vöxtum og dráttarvöxtum.

¹⁰⁸ Um réttargæslumann brotþola eru ákvæði í VII. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Í 44. gr. b kemur fram að lögreglu sé skylt að tilnefna réttargæslumann ef rannsókn mála beinist að broti á XXII. kafla almennra hegningarlaga (kynferðisbrot) og brotþoli óskar þess. Þó skal ávallt tilnefna réttargæslumann ef brotþoli hefur ekki náð 18 ára aldri þegar rannsókn hefst. Ef mál hefur verið höfðað ber dómara að skipa brotþola réttargæslumann með sömu skilyrðum, sbr. nánar ákvæði 44. gr. c. Hlutverk réttargæslumanns er að gæta hagsmuna brotþola, m.a. að halda til haga kröfu hans um bætur ef því er að skipta og vera málsvari hans. Ber að greina það frá hlutverki verjanda hins sakaða manns sem hefur það hlutverk að halda uppi vörnum fyrir hann. Lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, falla úr gildi 1. janúar 2009, en þá taka gildi lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Ákvæði um réttargæslumann brotþola er að finna í V. kafla þeirra, sbr. 41. og 42. gr.

vanmáttur þeirra og umkomuleysi. Þeir sýna sterka samúð með þolendunum um leið og lögð er áhersla á skyldur dómara að halla ekki á rétt sakbornings til réttlátrar málsmeðferðar. Einn dómari minntist tveggja mála þar sem feður höfðu misnotað dætur sínar. Öðrum þolandanum lýsti hann með þessum hætti:

Og þessi stúlka, þegar hún kom inn í dómsalinn ... ég gleymi því aldrei ... ég hefði getað sagt þér það hefði ég séð hana úti í búð og ekki neitt vitað um forsögu hennar að eitthvað hræðilegt hefði gerst í lífi þessara konu. Hún var ... hún var algjörlega búin að vera. Hún ... bar það utan á sér að hafa verið gróflega misnotuð. Ég hef aldrei, hvorki fyrr né síðar séð ... nokkurn einstakling sem mér finnst hafa borið þess svona mikið merki.

Um þolandann í hinu málinu sagði hann:

Hún var mjög þunglynd ... mjög þunglynd. Og hún var líka mjög döpur. Og bara ... þetta var svona stúlka sem að hérna ... ég var einhvern veginn viss um það að ... að ... ég myndi rekast á ... andlátstilkynningar bara næstu árin.

Annar minntist máls þar sem margir brotaþolar komu við sögu. Hann talaði um brotaþolana sem „þessi litlu grey sem að gátu svo sem enga björg sér veitt“ og „þessi litlu kríli“. Það sem honum sveið sárast var að á sínum tíma vissu aðstandendur barnanna af brotunum, en þau voru þöggðu í niður. Þá minntist einn sérstaklega máls þar sem faðir var sakfelldur fyrir sífjaspell og voru afleiðingar brotsins á dóttur hans gríðarlega alvarlegar. Hæstiréttur mildaði verulega refsingu sakbornings og var dómariinn mjög ósáttur við þá niðurstöðu. Þá var nefnt mál þar sem afi var ákærður fyrir brot gegn dótturdóttur. Rannsóknin leiddi í ljós að maðurinn hafði einnig brotið gegn dóttur sinni, móður barnsins, þegar hún var á barnsaldri. Dómariinn lagði áherslu á hinn algjöra trúnaðarrest og umfang afleiðinga brotsins fyrir marga. Afleiðingarnar voru ekki takmarkaðar við brotaþolann sjálfan, heldur lýst sem „hrikalegum fjölskylduharmleik“ vegna þess hvað brotið snerti marga. Þá nefndi einn dómari sífjaspellsmál sem var honum sérstaklega minnisstætt vegna gerandans. Hann var líkamlega fatlaður og hafði sjálfur mátt þola kynferðislegt ofbeldi í æsku um árabíl.

3.6. Kynjasamsetning dómstóls

Dómararnir voru spurðir hvort þeir teldu skipta máli hvort karlar eða konur skipuðu dómarasæti í málum sem rekin væru vegna kynferðisbrota gegn börnum, þ.e. hvort þeir teldu að dómara hefðu mismunandi sýn á þennan brotaflokk eftir kyni. Þrír töldu þetta engu máli skipta og einn hélt ekki. Tveir, karl og kona, töldu að þetta skipti máli. Kvendómariinn taldi að konur hefðu aðra sýn á þennan brotaflokk út frá eigin reynsluheimi og karldómariinn að konur væru næmari og viðkvæmari þegar um þessi brot ræðir.

Einn karldómari, sem taldi ekki skipta máli hvort karlar eða konur skipuðu dóm, taldi að báðum kynjum væri eðlislægt að gæta afkvæma sinna og af því sprytti sambærileg samúð með brotaþolum í þessum málum. *„Ég er ekkert endilega viss um það að það sé einhver sérstök móðurtilfinning sem að þarna skiptir máli. Ég held að það sé í raun og veru þessi tilfinning að við þurfum í raun og veru að gæta að afkvæmum okkar. Og þess vegna er það alltaf þannig að þegar ... um mjög unga brotaþola er að ræða að þá svona ... þá virkar það með ákveðnum hætti held ég eins á alla.“* Karldómari, sem einnig taldi þetta ekki skipta máli, sagðist fyrirfram hafa gert ráð fyrir að svo væri. *„Já, að konur myndu vera sympatískari á þolandann. Og vera ... vilja vera harðari í refsingum eða hærri í miskabótum eða einhverju slíku. Ég hef aldrei fundið fyrir því.“*

3.7. Rannsókn kynferðisbrota gegn börnum

Sérreglur gilda að nokkru leyti um rannsókn og meðferð mála sem varða kynferðisbrot gegn börnum, sbr. það sem kemur fram í VI. kafla (1). Þær voru innleiddar með lögum nr. 36/1999, um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Samkvæmt þeim ber lögreglu á rannsóknarstigi máls að leita atbeina dómara sem sér um að taka skýrslu af brotaþola. Miðað er við að brotaþoli komi ekki aftur fyrir dóm undir málsmeðferðinni, nema sérstök ástæða sé talin til. Á máli lögfræðinnar merkir þetta að slakað sé á kröfum um milliliðalaus sönnun. Markmiðið með þessum reglum er að hlífa börnum, sem brotaþolum, við því að þurfa að gefa skýrslu oft en einu sinni og koma þannig í veg fyrir að þau þurfi endurtekið að rifja upp erfiða lífsreynslu.¹⁰⁹ Tveir dómara gagnaþýndu þetta

¹⁰⁹ Lög nr. 36/1999 miðuðu við 18 ára aldur brotaþola, en nýju sakamálaögin miða við sakhæfisaldur, þ.e. 15 ár, sbr. a-lið 1. mgr. 59. gr. laga nr. 88/2008.

fyrirkomulag sérstaklega. Töldu þeir, öfugt við það sem markmiðið var, að þetta leiddi til lakari stöðu brotþola, m.a. að því leyti að framburður barns væri við þessar aðstæður lélegra sönnunargagn en annars væri og meiri líkur á sýknu. Ýmislegt gæti komið fram undir aðalmeðferð máls sem gæti gefið tilefni til að spyrja brotþolann milliliðalaust. „Og það er bara oft ekki gert. Vegna þess að það eru allir á flóttu. Það eru allir að hlaupa undan þessu ógeðslega verkefni sem það er að fjalla um þessi mál. Það vilja allir sleppa vel.“

Annar þeirra gagnrýnir ákærvaldið fyrir að „stýra því of strangt að þolendur fái að koma aftur fyrir dóm við dómsmeðferðina sjálfa og eru mjög einstrengingslegir í því“.

3.8. Persónuleg upplifun dómara

Í einu af fyrstu viðtölunum nefndi dómari, án þess að rannsakandi hefði spurt þess sérstaklega, að mál vegna kynferðisbrota gegn börnum gætu tekið svo á að hann óskaði þess stundum að hafa aðgang að sálfræðiaðstoð. Þetta gaf tilefni til að spyrja nánar um þetta atriði í síðari viðtölum. Annar dómari tók undir að slík aðstoð gæti verið gagnleg. Aðrir dómara tóku ekki undir þetta sérstaklega, en töldu þessi mál með því áttakanlegasta sem þeir fengjust við í starfi sínu og að menn væru oft lengi að jafna sig eftir „vond svona mál“. Samkvæmt þessu taka allir dómara þessi mál nærri sér og finnst þau persónulega erfið eða eins og einn dómari orðar það: „Svo er það líka hitt sem er ... sem að er ... mjög erfið og ... það er þessi blygðunarsami partur af sálarlífinu sem ... verður fyrir áfalli Yfir höfuð að þurfa að vera að taka á hlutum sem eru ógeðslegir og viðurstygilegir og maður vill helst ekki hugsa út í í sínu venjulega persónulega lífi. Þarna er maður dreginn í gegnum þetta og allt venjulegt fólk hlýtur að verða fyrir áfalli af því.“

4. Samantekt og lokaorð

Eins og áður er rakið komu fram, í aðdraganda breytinganna sem gerðar voru á fyrningarreglum almennra hegningarlaga með lögum nr. 61/2007, einkum tvenns konar rök gegn afnámi fyrningar í kynferðisbrotum gegn börnum. Hin fyrri lúta að almennum röksemdum að baki reglum um fyrningu brota. Þær varða öðru fremur réttarstöðu hins meinta brotamanns, þ.e. að hann þurfi ekki að svara til saka fyrir ætluð brot framin fyrir

löngu síðan, jafnvel mörgum áratugum, erfiðleikum við rannsókn og því að sönnunarstaðan verður að jafnaði erfiðari eftir því sem lengri tími líður frá broti. Í öðru lagi voru sett fram mótrök sem lúta að samkvæmni og samræmi í refsirétti, þar sem eingöngu var gert ráð fyrir að brot sem varðað geta ævilöngu fangelsi fyrntust ekki. Í hinum sérstöku fyrningarreglum um kynferðisbrot gegn börnum fólst þannig mikilvægt frávik frá meginreglum refsiréttar um fyrningu brota.

Sé litið til afstöðu dómara sem viðtöl voru tekin við til framangreindra breytinga á fyrningarreglunum, sem og viðhorfa þeirra til þess sem þeir telja sérkenni þessara brota, er helsta niðurstaðan sú að a.m.k. fimm af þeim sex dómurum sem tóku þátt í rannsókninni eru sammála þeirri niðurstöðu löggjafans að framangreind mótrök eigi ekki að ráða úrslitum. Við þetta mat virðast þeir telja að fyrst og fremst beri að horfa til alvarlegra og langvarandi afleiðinga brotanna fyrir brotapolann, sem skipi þeim á bekk með alvarlegustu afbrotum sem þeir hafa fengist við í störfum sínum. Í öðru lagi leggja þeir áherslu á hinar sérstöku aðstæður sem brot þessi eru gjarnan framin við, sem og það sérkenni þeirra að þau koma oft ekki upp á yfirborðið fyrr en löngu eftir að þau eru framin. Þetta er í samræmi við þær meginröksemdir sem settar voru fram til stuðnings breytingunum í aðdraganda þeirra og styður við þær. Þessi áhersla á brotapolann og stöðu hans, öndvert við áherslu á sakborning, kemur einnig vel fram þegar dómarnir eru beðnir að lýsa þeim málum sem eru þeim minnisstæðust. Þar kemur skýrt fram að það er fyrst og fremst vanmáttur og umkomuleysi brotapolanna sem gerir málin minnisstæð. Í svörum þeirra endurspeglast sterk samúð með meintum þolendum, þótt þeir leggi um leið áherslu á skyldur sínar að halla ekki á rétt sakbornings til réttlátrar málsmeðferðar.

Fleira kemur fram sem styður hversu alvarleg dómarnir telja þessi brot í samanburði við önnur. Má þar nefna að þeir eru allir á þeirri skoðun að refsingar við brotunum ættu að vera þyngri en nú er og dómarnir ættu almennt að dæma í þyngri refsingu innan þeirra marka sem lög heimila. Ekki þurfi að breyta lögum til að ná þessu markmiði heldur bæri meðvitað að stefna að því að breyta dómaframkvæmd hægt og bítandi að þessu leyti. Jafnframt kom fram sjónarmið um að miskabætur séu ekki nægilega háar þegar afleiðingar brotanna eru hafðar í huga. Þessi sjónarmið koma einnig að nokkru fram þegar dómarnir lýsa persónulegri upplifun sinni af vinnu við mál af þessu tagi. Einn þeirra lýsir því beinlínis að þörf kunnist að vera fyrir sérstaka aðstoð þeim til handa og aðrir nota sterk orð til að lýsa tilfinningum sínum og upplifun.

Dómararnir töldu að hagnýt þýðing breytinganna á fyrningarreglum almennra hegningarlaga væri takmörkuð og hún myndi ekki hafa mikil áhrif á málafjölda í raun, einkum vegna erfiðleika við sönnun.

Rannsóknin leiddi ekki í ljós merkjanlegan mun á afstöðu dómara til þessa málaflokks eftir kynferði. Meirihluti þeirra telur það ekki skipta máli fyrir rekstur og lyktir mála hvort karl eða kona situr í dómi. Ítarlegri rannsókn á gögnum þeim sem þegar hefur verið aflað og viðtöl við fleiri dómara kynni að leiða til annarrar niðurstöðu. Hér er eingöngu getið yfirlýsinga dómaranna sjálfra. Ein leið til að rannsaka þetta gæti verið athugun á dómum, m.a. með tilliti til þess hvort munur er á refsíákvörðunum eða ákvörðunum um bætur eftir því hvort karl eða kona dæmir í máli. Þetta getur þó verið snúið þar sem dómur í þessum málum er oft fjölskipaður og dómarar af báðum kynjum sitja í dómi.

Þá má geta þess að dómarar eiga það sameiginlegt að hafa áhyggjur af neikvæðum áhrifum þess sem þeir telja ófaglega og óvandaða umfjöllun fjölmiðla um einstök mál. Einkum hafi þau birst í því að svo virðist sem nokkuð hafi verið slakað á sönnunarkröfum í málum af þessum tagi. Telja þeir þetta almennt vera óheppilega þróun og réttaröryggi sakborninga sé með þessu teflt í tvísýnu.

Að síðustu má geta þess að hjá dómurum koma fram efasemdir um árangur þeirra breytinga sem gerðar voru á meðferð þessara mála með lögum nr. 36/1999 og miðuðu að því að forða barni frá því að gefa skýrslu oftast en einu sinni. Efasemdirnar lúta að því að með því að barn, sem brotaþoli, kemur ekki fyrir dóm undir dómsmeðferðinni, hafi réttarstaða þess orðið lakari að því leyti að sönnunargildi framburðar þess verði rýrari og meiri líkur á sýknu. Lagabreytingar sem gerðar hafi verið til að bæta réttarstöðu barna sem brotaþola hafi að því leyti haft neikvæð áhrif á réttarstöðu barna sem brotaþola.

VIII.

Dómar vegna kynferðisbrota gegn börnum

1. Inngangur

Dómsmálum vegna kynferðisbrota gegn börnum hefur fjölgað hin síðari ár. Eftirfarandi tölur sýna fjölda þeirra mála sem rekin hafa verið fyrir Hæstarétti til ársins 2009. Um er að ræða mál vegna brota gegn 200.-202. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

1921 - 1990	30
1991 - 1995	7
1996 - 2000	12
2001 - 2005	35
2006 - 2008	20

Samkvæmt yfirlitinu voru 54 slík mál rekin á fimmtán ára tímabili frá 1991-2005, en aðeins 30 mál sjötíu ár þar á undan. Sé litið til árána 1991-1995 annars vegar og árána 2001-2005 hins vegar hefur fjöldi þeirra fimmfaldast. Ekki liggja fyrir skýringar á þessari fjölgun, en ætla má að aukin vitund um þessi brot og afleiðingar þeirra eigi þarna nokkurn þátt í. Leiðir af því að fleiri brot eru kærð, þau eru kærð fyrr, auk þess sem kærur eru ef til vill teknar fastari tókum og málin betur rannsökuð en áður.

Dómar Hæstaréttar og upplýsingar sem í þeim er að finna eru mikilvæg heimild um stöðu þessa brotaflokkis og einkenni. Af fjölda þeirra einum saman, sem og af fjölda þeirra mála sem kærð eru, en ekki ákært í, sbr. II. kafla (4.1) að framan, má ráða að kynferðisbrot gegn börnum eru alvarlegt þjóðfélagsmein og mikilvægir hagsmunir því tengdir að vel takist um meðferð þeirra. Liður í því er að gerendur sæti ábyrgð í formi refsinga og greiðslu bóta til þolenda, þótt vandinn verði með því tæpast upprættur. Dómar vitna um nánari skýringu og beitingu lagaákvæða sem að þessu líta, hvernig einstök brot eru virt og færð til refsíákvæða, kröfur sem gerðar eru um sönnun, þyngd refsinga fyrir þessi brot, fjárhæð miskbóta og rannsókn og meðferð þessara mála að öðru leyti.

Þá er þess að geta að í fjölmörgum þessara mála hafa verið lögð fram gögn um afleiðingar brotanna fyrir brotþola, til skemmri eða lengri tíma, en þau eru mikilvæg við mat á alvarleika brotanna, sem og ekki síður við mat á afleiðingum þeirra fyrir þolendur. Þessi gögn, sem oft eru rækilega rakin í dómum, eru oftast en ekki samin af sérfræðingum á sviði félagsráðgjafar, sálfræði og geðlæknisfræði. Dómarnir hafa því að geyma mikilvægar upplýsingar um þessi efni og vitna í senn um aukna þekkingu á þessu sviði og aukna vitund um alvarlegar afleiðingar þessara brota. Þótt skýrslur sérfræðinga og fagfólks sem liggja fyrir í slíkum málum séu reistar á mati þeirra á einstökum brotþolum, fremur en almennum rannsóknum á þessu sviði, styrkja þær þau rök sem byggja á alvarlegum afleiðingum brotanna.

Vegna efnis ritgerðarinnar voru skoðaðir dómar Hæstaréttar Íslands á tímabilinu 1998 til 2008 í málum vegna kynferðisbrota gegn börnum, með tilliti til mats dómstóla á afleiðingum brotanna fyrir brotþola. Nú orðið er algengt að sérfræðigögn um mat á afleiðingum brots séu lögð fram í þessum málum. Sýnist þetta hafa færst í vöxt. Þetta er þó ekki gert í öllum málum, en jafnvel þeir dómar eru góð heimild um almenn viðhorf dómstóla í þessu efni. Hér á eftir verða reifaðir nokkrir dómar þar sem slík gögn hafa verið lögð fram, bæði í málum þar sem brot teljast alvarleg (sbr. undirkafla 2), en einnig í málum þar sem brotin teljast minna alvarleg (sbr. undirkafla 4), en jafnvel í slíkum málum eru afleiðingar brotanna á þolandann oft metnar alvarlegar. Þá verða reifaðir nokkrir dómar þar sem gögn af þessu tagi hafa ekki verið lögð fram og rakið hvernig dómstólar meta sjálfir afleiðingarnar við þessar aðstæður (sbr. undirkafla 6). Í köflum 3 og 5 eru dregin saman meginatriði um áhrif brotanna fyrir brotþola. Dómarnir frá umræddu tímabili skipta tugum og eru mismunandi þýðingarmiklir fyrir efni kaflans og því látið nægja að nefna eingöngu þá dóma sem niðurstöður kaflans eru reistar á. Þá eru aðeins fáir þeirra dóma sem niðurstöðurnar eru byggðar á reifaðir, en vísað til annarra í neðanmálsgreinum.

2. Dómar um alvarleg kynferðisbrot gegn börnum, sem nú eru ófyrnanleg

Í samræmi við skilgreiningu sem sett er fram í II. kafla (2) er með „alvarlegum kynferðisbrotum gegn börnum“ átt við brot gegn 194. gr., 1. mgr. 200. gr. og 1. mgr. 201. gr. hgl., en þau brot fyrnast nú ekki.

H 196/2002 (stjúpóttir)

X var dæmdur í fangelsi í þrjú ár og sex mánuði fyrir að hafa nokkrum sinnum haft kynferðismök við A, 6-7 ára gamla dóttur sambýliskonu sinnar. Brot hans vörðuðu við 1. mgr. 201. gr. og 1. másl. 1. mgr. 202. gr. hgl. Stúlkan var með sjaldgæfa tegund klamidíusýkingar og kynfæravörtur sem X hafði smitað hana af. Stúlkunni voru dæmdar miskabætur að fjárhæð 1.200.000 kr. Í málinu lá m.a. fyrir skýrsla sálfræðings Barnahúss, sem hafði stúlkuna til meðferðar. Þar segir:

A uppfyllir greiningarskilyrði áfallastreitu (309.81 Posttraumatic Stress Disorder) en hún sýnir einkenni a) endurupplifana (truflandi minningar um atvikið, hugsanir, ímyndir, skynjanir, ítrekaðir draumar um atvikin), b) hliðrunar (hliðrun við hugsunum, tilfinningum eða umræðu sem tengist atvikinu, minnkaður áhugi á eða þátttaka í athöfnum, fíring frá öðru fólki) og c) aukinnar örvunar (píringur eða reiðiköst, einbeitingarerfiðleikar). Sjálfsmat telpunnar er lágt, hún er döpur, áhyggjufull og á í erfiðleikum með samskipti við aðra, m.a. vegna tortryggni og skapsveiflna. Hún hefur sektarkennd vegna atvikanna.

Eftirtaldir þættir veita forspá um hversu vel börn sem þolað hafa kynferðisofbeldi munu ná sér af afleiðingum ofbeldisins: a) Stuðningur innan fjölskyldu/viðbrögð fjölskyldunnar þegar barnið segir frá ofbeldinu, b) fjölskyldutengsl gerandans við þolandann. Náin tengsl milli geranda og þolanda (ss. stjúpöður og dóttur) hefur jafnan alvarlegri afleiðingar fyrir þolandann en ef gerandinn er einhver sem barnið ber takmarkað traust til. Ef gerandinn er einhver sem barnið treystir, er það líklegt til að auka sektarkennd barnsins og gera því erfitt fyrir að treysta fólki á nýjan leik, c) hversu lengi hefur ofbeldið varað. Ef ofbeldið hefur varað lengi eru meiri líkur á því að barnið hafi hlotið varanlegan skaða. Við slíkar aðstæður má ætla að þau einkenni sem barnið fær festist í sessi og verði þrálátari, d) hversu alvarlegt var ofbeldið. Tilraunir til innþrengingar í leggöng, munn eða endaparm valda jafnan alvarlegri einkennum en vægari áreitni.

Ljóst er að A hefur þörf fyrir áframhaldandi meðferð. Ætla má að hún muni eiga við langvinnan vanda að etja vegna misnotkunarinnar sem hún varð fyrir og óvíst hvort hún nái sér nokkurn tímann að fullu.

Um hin ítarlegu sérfræðilegu gögn er lágu fyrir í málinu segir í dómi Hæstaréttar:

Samkvæmt vottorði barna- og unglíngageðdeildar Landspítala [...] lá telpan á deildinni frá 8. apríl til 7. júní 2002. Einnig hefur verið lögð fyrir Hæstarétt greinargerð [H], félagsráðgjafa og sérfræðings í meðferð með börn, unglínga og fjölskyldur, sem stundaði telpuna á deildinni og átti við hana samtals 17 viðtöl. Segir þar meðal annars að í fyrstu viðtölum hafi hún sýnt mörg merki um að hafa orðið fyrir áfalli og vera með áfallastreituröskun. Hún hafi einnig verið með önnur einkenni, sem oft hrjái unga þolendur kynferðislegrar misnotkunar, en þau séu einna helst neikvæð sjálfsmynd, markaleysi í samskiptum, að finna til eigin vanmáttar og óeðlileg kynferðisleg hegðan miðað bæði við aldur og þroska. Í niðurstöðukafla greinargerðarinnar segir að á grundvelli þess hve skammtímaeinkenni vegna hinnar kynferðislegu misnotkunar séu mikil megi leiða að því líkur að langtímaeinkenni verði einnig mikil. Sé í rannsóknnum talað um að þolendur kynferðislegrar misnotkunar þurfi að takast á við einkenni hennar á breytingartímum í lífi sínu. Það megi því augljóst vera að telpan eigi eftir að takast á við afleiðingar hinnar kynferðislegu misnotkunar á þroskaárum sínum allt fram á fullorðinsár.

H 359/2002 (dóttir og mágkona)

X var dæmdur í fangelsi í þrjú ár og sex mánuði sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn mágkonu sinni Z um tveggja til þriggja ára skeið og dóttur sinni Y í framhaldi af því á næstu tveimur árum þegar þær voru á aldrinum níu til tólf ára. Voru brotin talin varða við 1. mgr. 200. gr. og fyrri másl. 1. mgr. 202. gr. hgl. Þá var X jafnframt dæmdur til að greiða stúlkunum miskabætur að fjárhæð 500.000 kr.

Í héraðsdómi kemur m.a. fram um afleiðingar brotanna á líðan og ástand dóttur sakbornings Y:

Vitnið, [R] sálfræðingur, bar að Y hafi komið til hennar snemma hausts 2001 og þær hafi átt 10 viðtöl. Vitnið kvað andlega líðan Y hafa verið slæma. Hún hafi átt erfitt með svefn, verið haldin miklum kvíða, öryggisleysi, verið grátgjörn og með lélega sjálfsmynd. Y hafi rakið líðan sína til kynferðisbrota föður sem hún hafi lýst. Brotin hafi byrjað þegar hún var 8 ára og staðið allt þar til [...] 14 ára. Hún hafi lýst því að ákærði hefði þuklað á brjóstum hennar, sett fingur inn í leggöng, sýnt henni klámblöð og spólur og haft á orði að hann væri að kenna henni. Þetta athæfi hafi ákærði viðhaft margsinnis. Vitnið kvað sjálfsmynd Y hafa molnað smátt og smátt. Það var álit vitnisins að áðurnefnd einkenni Y samræmdust því að hún hefði

orðið fyrir kynferðisbrotum. Vegna þessa hafi hún og legið vel við einelti og látið það yfir sig ganga. Henni hafi fundist hún vera skítug, hún njóti ekki kynlífs og sambönd hennar við karlmenn hafi verið stutt og losaraleg. Að mati vitnisins hafði Y góð raunveruleikatengsl og kvað hana tengja orsök og afleiðingu. Hún hafi lokið stúdentsprófi og sjái nú fyrir sér framtíð. [...] Vitnið bar að Y hafi náð miklum bata á síðasta ári, en hún þarfnist þó mikillar aðstoðar í framtíðinni.

H 463/2003 (stjúpdóttir)

X var dæmdur í fangelsi í fimm ár og sex mánuði fyrir alvarleg og langvarandi kynferðisbrot gegn stjúpdóttur sinni Y frá því að hún var 5 eða 6 ára þar til hún var tæpra 18 ára. Brotin voru talin varða við 1. mgr. 201. gr. og 1. másl. 1. mgr. 202. gr. hgl. Þá var hann dæmdur til greiða stúlkunni miskabætur að fjárhæð 1.500.000 kr.

Í málinu lá fyrir sálfræðiskýrsla, sem byggð var á rannsóknum og viðtölum við stúlkuna, alls átján sinnum. Þar kemur fram:

Margt bendir til þess að Y eigi við bæði langvinn og alvarleg sálræn vandamál að stríða, sem rekja má til æsku hennar og áfalla [...]. Hún hefur skýr einkenni um áfallastreitu, sem skipta má í þrennt. Í fyrsta lagi þá upplifir hún mörg líkamleg kvíða- og streitueinkenni, svo sem svefntruflanir, magaverki, svima og skjálfta í höndum. Hún segist stundum vera mjög eirðarlaus og eiga mjög erfitt með að slaka á. Þetta hefur bæði komið fram í viðtölum við hana og unnusta hennar og á sálfræðiprófi. Í öðru lagi segir hún minningar um það sem fósturfaðir hennar gerði henni oft koma fyrirvaralaust upp í huga hennar og getur hún auðveldlega tekið dæmi um slíkt þegar hún er spurð fyrirvaralaust. Hún segir að þetta gerist oft þegar hún er ein og oftast á kvöldin, en einnig stundum þegar hún er með öðrum, jafnvel í nánum samskiptum við unnusta sinn. Þegar þetta gerist fer henni að líða illa og oft á hún erfitt með að útskýra fyrir þeim sem hún er með hvað er á seyði. Í þriðja lagi þá segist hún vera stöðugt á varðbergi gagnvart fósturföður sínum. Hún segist vera hrædd við hann og hún óttist að hann muni gera sér eitthvað, fái hann tækifæri til þess. Af þessum sökum treystir hún sér ekki til að vera ein heima á nóttunni þegar unnusti hennar er að vinna eða lengi vel treysti hún sér ekki til að fara ein út á kvöldin, hvorki gangandi né í bifreið.

Sálfræðingurinn kom fyrir dóm og kvaðst aðspurður telja að stúlkan ætti góða framtíðarmöguleika með miklum stuðningi, hún hefði góða greind og gengi vel í námi eftir

að hún flutti að heiman. Hún hefði einnig nýtt sér meðferðina vel og ætti góða möguleika á að ná tökum á vandamálum sínum. *Að hans mati væru sumar afleiðingar óútmáanlegar en hægt væri að kenna viðkomandi að lifa með þeim á þokkalegan hátt.*

H 148/2005 (stjúpdóttir)

X var dæmdur í fangelsi í tvö ár og sex mánuði fyrir kynferðisbrot gegn A, dóttur sambýliskonu sinnar, fæddri árið 1981, með því að hafa haft samræði við hana. Brot hans vörðuðu við 1. mgr. 201. gr. hgl. Samkvæmt ákæru var um að ræða eitt brot framið árið 1993 eða fyrri hluta ársins 1994, nokkur brot framin á árunum 1995 og 1996 og fjölmörg brot, sem framin voru frá júlí 1998 til apríl 1999. Sannað þótti að X hefði gerst sekur um þá háttsemi sem hann var ákærður fyrir. Aftur á móti var talið að brot hans, sem fyrsti liður ákærunnar tók til væri fyrnt og var hann því sýknaður. Þar voru stúlkunni dæmdar miskabætur að fjárhæð 1.200.000 kr.

Í málinu lá fyrir greinargerð sálfræðings Barnahúss sem hafði átt tug viðtala við stúlkuna. Þar kemur m.a. fram að hún hafi uppfyllt *greiningarskilmerki þunglyndis*. Hún hafi komist í *tilfinningalegt uppnám* þegar hún ræddi um kynferðisbrot stjúpa síns og sér verið *þungbært* að ræða um atvikin. Þegar hún hafi lýst einu atviki sérstaklega, þar sem stjúpi hennar hafði við hana samfarir inni á salerni heimilis hennar, eftir að hafa fyrst reynt að hafa við hana endaðarmsmök, hafi hún „*komist í uppnám og fengið sterk líkamleg kvíðaviðbrögð meðan á frásögninni stóð, svo sem sýnilegan skjálfta, erfiðleika með raddbeitingu og munnþurrk*“. Síðan segir í dómnum:

Í þeim kafla greinargerðarinnar sem ber yfirskriftina „niðurstöður greiningar“ segir meðal annars að greining á líðan A hafi leitt í ljós margháttuð vandamál og tilfinningalega erfiðleika sem algengir séu meðal fólks sem sætt hafi langvinnu, alvarlegu kynferðisofbeldi í uppvextinum. Sjálfsmat hennar sé lágt og hún sé full sektarkenndar og eftirsjár yfir að hafa ekki stöðvað kynferðisofbeldið. Hún hafi þó bent á að henni hafi ekki verið fyllilega ljóst að hegðun ákærða væri röng fyrr en hún stálpaðist. Henni hafi ekki verið í nöp við ákærða heldur hafi viðhorf hennar til hans verið fremur jákvætt. Henni hafi þótt hann örlátur og að auki hafi samband hans og móður hennar virst vera gott. Viðhorf hennar til hans hafi orðið annað þegar hún var komin um fermingu, en þá hafi henni orðið ljóst hversu alvarleg hegðun hans hafi verið. Hún hafi þó ekki haft uppburði í sér til að byrja skyndilega að setja honum mörk „eftir allt sem hann hafi verið búinn að gera“. Hafi hún því

brugðið á það ráð að vera sem mest að heiman til að takmarka aðgengi hans að henni. Hún hafi svo flutt af heimili móður sinnar og ákærða þegar hún var 15-16 ára gömul.

Þá segir í niðurlagskafla greinargerðarinnar:

Greining leiddi í ljós margvísleg vandamál sem þekkt eru meðal fólks sem sætt hefur kynferðisofbeldi í uppvextinum. Hún uppfyllir greiningarskilmerki áfallaröskunar [...] og þunglyndis [...]. Í ljósi þess að ofbeldið stóð yfir frá bernsku hennar til fullorðinsára má ætla að það hafi haft varanleg áhrif á persónuleika hennar og félagsmótun. Hún hefur jafnframt ánetjast fíkniefnum og glímir nú við þá erfiðleika sem því fylgja.

H 220/2006 (dóttir)

X var dæmdur í fangelsi í fimm ár fyrir að hafa um árabil ítrekað brotið gegn 1. og 2. mgr. 200. gr., 1. og 2. mgr. 202. gr. og 209. gr. hgl. gagnvart dóttur sinni Y. Þá var hann dæmdur til að greiða stúlkunni miskabætur að fjárhæð 2.000.000 kr.

Í málinu lá fyrir skýrsla um réttarlæknisfræðilega skoðun sem stúlkan gekkst undir. Þar kemur fram að stúlkan er með „*all mörg gömul ör á vinstra handabakinu og 2 nýleg á sitthvoru brjóstinu eftir sjálfsmeiðingar. Þetta er greinilega sú leið sem hún hefur notað til að tjá tilfinningar sínar, hún gat ekki lýst líðan sinni með orðum.*“ Þá kemur fram í greinargerð sálfræðings að hann telji hvorki unnt að meta afleiðingar ætlaðrar misnotkunar föður stúlkunnar né varanleika áhrifa þeirra. Það sé á hinn bóginn ljóst að alvarleg kynferðisleg misnotkun sem auk þess vari í langan tíma, geti haft mjög alvarleg áhrif á fólk, bæði varanlega og til skamms tíma. Í gögnum málsins komi glögglega fram að Y hafi allt frá fæðingu búið við afar erfiðar uppeldisaðstæður, sem án efa hafi sett mark sitt á sálarlíf hennar. Þótt erfitt sé að meta umfang andlegs tjóns stúlkunnar, sé hið grófa kynferðislega ofbeldi sem faðirinn beitti dóttur sína, allt frá unga aldri, „*til þess fallið að skaða sjálfsmynd stúlkunnar og valda henni gríðarlegum andlegum erfiðleikum síðar meir*“.

H 83/2008 (grunnskólanemandi)

Maður, kennari við grunnskóla, var dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn nemanda sínum. Varðaði háttsemi hans við 1. mgr. 201. gr. hgl. og breytti engu þótt

A hafi verið fús til að hafa við hann kynferðislegt samneyti. Stúlkunni voru dæmdar miskabætur að fjárhæð 500.000 kr.

Fyrir dómi lýsti stúlkan líðan sinni og tilfinningum á meðan á kynferðislegu samneyti hennar og kennarans stóð:

Vitnið greindi frá því að upp í huga hennar hefðu komið hugleiðingar um sjálfsvíg. Hún hafi oft verið búin að skrifa niður til dæmis bara hvernig hún vildi að allt væri og ætlað að fremja sjálfsmorð og hún hafi reynt það seinnihluta árs 2004 eða í byrjun árs 2005. Aðdragandi þess hafi verið þannig að henni hafi þótt samband hennar og ákærða vera frekar henni að kenna heldur en honum. Hún hafi líka talið að hún væri bara að skemma fyrir ákærða og fjölskyldu hans. Vitnið bar að fyrsta árið hafi hún ákveðið að fara eitthvað eða láta sig hverfa. Hún hafi oft farið út um nótt en alltaf hætt við þegar hún fór að hugsa um fjölskyldu sína.

Þótt umfjöllun þessa kafla taki til dóma sem kveðnir hafa verið upp í Hæstarétti Íslands þykir einnig rétt að geta nýlegs héraðsdóms, þar sem gerandi er afi brotþola. Dómnum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

Héraðsdómur Norðurlands eystra í máli nr. S-438/2006 (sonardóttir)

Sjötíu og fjögurra ára gamall karlmaður var dæmdur í fangelsi í 15 mánuði fyrir kynferðisbrot gegn sonardóttur sinni. Brotin voru talin varða við 1. og 2. mgr. 200. gr. og 1. og 2. mgr. 202. gr. hgl. Telpan var 10 ára þegar brotin hófust og stóðu þau yfir í meira en tvö ár. Stúlkunni voru dæmdar miskabætur að fjárhæð 800.000 kr.

Um afleiðingar brotanna fyrir stúlkuna til lengri tíma segir í skýrslu sálfræðings Barnahúss, sem var meðal gagna málsins:

Ljóst er að kynferðisofbeldið hefur valdið [telpunni] margvíslegum óþægindum og hugarangri. Eins og títt er um börn sem sætt hafa kynferðislegu ofbeldi áttaði hún sig í fyrstu ekki á að háttsemi gerandans var röng en þegar henni varð það ljóst veigraði hún sér allengi við að gera viðvart um ofbeldið vegna óvissu um hvaða afleiðingu það hefði. Meðal þátta sem veita forspá um afleiðingar kynferðislegs ofbeldis gegn börnum eru i) hversu lengi stóð ofbeldið yfir, ii) hversu alvarlegt var ofbeldið og iii) hver voru tengsl geranda og þolanda. Í ljósi þess að [telpan] hefur greint frá kynferðislegu ofbeldi (káfi á brjóstum og kynfærum innan klæða) af

hendi afa síns og sem staðið hefur yfir um alllangt skeið má ætla að afleiðingarnar séu umtalsverðar og renna niðurstöður sjálfsmatskvarða og viðtala stoðum undir að svo sé. Þó má ætla að telpan muni með tímanum ná sér að fullu eftir hið kynferðislega ofbeldi sem hún kveðst hafa sætt. Rétt er þó að geta þess að algengt er að fólk sem þolað hefur kynferðislegt ofbeldi í bernsku glími við afleiðingar þess á fullorðinsárum, s.s. í tengslum við kynlíf, meðgöngur og fæðingar.

3. Ályktanir um alvarleg kynferðisbrot gegn börnum

Hér verður þess freistað að draga saman meginatriðin sem lýst er í framangreindum dómum um afleiðingar hinna alvarlegri kynferðisbrota gegn börnum, sem nú eru ófyrnanleg.¹¹⁰

Andlegar og tilfinningalegar afleiðingar. Meðal þeirra eru gjarnan nefnd áfallastreita (PSD), sem getur tekið mismunandi langan tíma að komast yfir, þunglyndi, geðlægð, lágt sjálfsmat, skömm og sektarkennd, reiði, erfiðleikar við að gleyma atburðum og upprifjanir í svefni eða vöku, ítrekaðir draumar og martraðir, kvíði, einbeitingarskortur, öryggisleysi, hræðsla, grátköst af litlu eða engu tilefni, sjálfsvígshugleiðingar, vanmáttur, sjálfsásakanir og óeðlileg kynferðisleg hegðan miðað við aldur og þroska. Þá er rætt um tilfinningalegt uppnám þegar atburðir eru ræddir eða rifjaðir upp eða þegar slík hegðun er rædd almennt. Einnig kemur endurtekið fram að þolandi upplifi sig óhreinan eða skítugan og verri en annað fólk. Þá er oft talað um sálræna erfiðleika og almenna vanlíðan, og mikla röskun á lífi og líðan án þess að það sé sundurgreint frekar.

Líkamleg einkenni. Svefnörðugleikar og -truflanir, síþreyta, óskilgreindir verkir, uppköst, líkamleg kvíða- og streitueinkenni, magaverkir, svimi, skjálfti í höndum, eirðarleysi og erfiðleikar með að slaka á. Þá þurfa þolendur gjarnan að taka þunglyndislyf til skemmri eða lengri tíma og sæta meðferð á stofnunum. Í einu málanna er rætt um sjálfsmeiðingar, ör á vinstra handarbaki og tvö á sitthvoru brjóstinu.

¹¹⁰ Samantektin byggist auk þess á upplýsingum sem koma fram í *H 393/2004* (tvær dætur og vinkona dóttur), *H 298/2006* (stjúpdóttir og vinkona hennar) og *Héraðsdómi Reykjaness í máli nr. S-547/2008* (dótturdóttir).

Félagslegar afleiðingar. Fram kemur að hegðunin hefur áhrif á fjölskyldur og tengsl þolanda við annað fólk. Rof verður á fjölskylduböndum og trausti innan fjölskyldna, hræðsla og undrun á hegðan hins nákomna geranda (afa, föður o.s.frv.), þrýstingur innan fjölskyldu um að halda hegðuninni leyndri, ótti við að segja frá til að sundra ekki fjölskyldum. Meðal almennra einkenna af þessu tagi eru erfiðleikar við að treysta fólki og markaleysi í samskiptum við aðra. Reiði í garð geranda er meðal einkenna sem nefnd eru og hræðsla við að hitta hann. Þá er einnig rætt um almenna hegðunarerfiðleika og námsörðugleika þolanda.

Afleiðingar til langs tíma. Afleiðingar koma fram síðar, einkum í tengslum við kynþroskaaldur þegar þolandi skilur betur eðli verknaðarins, erfiðleikar í kynlífi, sem og í tengslum við meðgöngu og fæðingar, erfiðleikar við að stofna til og viðhalda nánnum samböndum, þunglyndi og kvíði og alvarlegar sjálfsvígshugleiðingar, áfengis- og fíkniefnanotkun með tilheyrandi vandamálum. Þá er með almennum hætti vísað til þess að viðkomandi muni sennilega eiga við langvinn og alvarleg sálræn vandamál að stríða í framtíðinni og allt fram á fullorðnisár, og muni þurfa á áframhaldandi aðstoð að halda vegna þess. Þá koma fram efasemdir um að hlutaðeigandi muni nokkurn tímann ná sér að fullu af kynferðislegu ofbeldi í bernsku. Hér má rifja upp orð sálfræðings í vitnisburði sem hann gaf í tengslum við *H 463/2003*. Þar segir hann að „*að hans mati væru sumar afleiðingar óútmáanlegar en hægt væri að kenna viðkomandi að lifa með þeim á þokkalegan hátt*”.

Skilningur þolanda á hegðun geranda. Fram kemur að ungir þolendur gera sér oft hvorki grein fyrir að hegðun geranda var röng né á alvarleika háttseminnar fyrr en síðar, t.d. í kringum kynþroskaaldur. Þeir lýsa vanmætti við að bregðast við misnotkuninni, þeir geti ekki streist á móti og hafi ekki burði í sér til að draga skyndilega mörk og veigra sér, stundum mjög lengi, við að gera viðvart um ofbeldið vegna óvissu um hvaða afleiðingar það hefði.

4. Dómar um kynferðisbrot gegn börnum sem sæta fyrningu

Dómar sem hér eru reifaðir lýsa refsiverðum verknuðum sem framdir eru gegn börnum og sæta fyrningu ólíkt verknuðum sem falla undir 194. gr., 1. mgr. 200. gr. og 1. mgr. 201. gr. hgl. og fjallað var um í kaflanum á undan. Hér um að ræða brot gegn ákvæðum 197.-199. gr., 2. og 3. mgr. 200. gr., 2. mgr. 201. gr. og 202. gr., sbr. nánar II. kafla (3) að framan þar sem þeim ákvæðum er lýst. Þar er einnig bent á að þótt þessi brot fyrnist séu sum hver álitin mjög alvarleg af löggjafanum og má sem dæmi nefna 1. mgr. 202. gr., sem gerir ráð fyrir allt að 16 ára fangelsi.

H 307/2000 (tveir drengir 11-13 ára þolendur)

X var dæmdur í tólf mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gagnvart drengjunum Y og Z þegar þeir voru á aldrinum 11-13 ára. Háttsemi X gagnvart drengjunum var talin varða við 1. mgr. 202. gr. hgl. Þá var hann dæmdur til greiða Y 500.000 kr. og Z 300.000 kr. í miskabætur.

Sálfræðingur Barnahúss kom fyrir dóm og gaf skýrslu um líðan drengsins Z:

[Vitnið] kvaðst hafa haft til meðferðar drenginn Z [...]. Hann hafi komið tvisvar sinnum til hennar [...]. Hafi hann verið mjög áhyggjufullur og kviðið fyrir að koma í viðtölin. Hefði hann haft ýmsar vangaveltur í sambandi við sína eigin ábyrgð á því sem hafði gerst og eins svona almennar vangaveltur, sem sjáist oft hjá strákum sem séu áreittir af karlmönnum, hræðslu um að vera hommi og ýmislegt því tengdu og hræðslu um að félagarnir myndu heyra hvað hafði gerst og taldi sig hafa orðið fyrir skaða út af því sem hafði gerst. Honum hafi liðið mjög illa.

Hafi hann tengt hræðslu sína við að vera hommi við það að hafa ekki stoppað eða flúið. Það hafi því kannski mest tengst þeirri ábyrgð sem hann taldi sig bera á því sem gerst hefði. Hafi hann nefnt að þetta kynni að geta valdið því að hann fengi rangar hugmyndir um kynlíf en hann hafi ekki talað um í hverju þær væru fólgnar.

Móðir Y kom fyrir héraðsdóm og bar vitni um líðan sonar síns:

Hann hafi orðið mjög reiður og liðið illa eftir yfirheyrsluna í Barnahúsi því allt hafi rifjast upp fyrir honum. Hann hafi haft martraðir á nóttunni og exem, sem

hann þjáist af, hafi blossað upp á honum. Kvað hún Y hafa þurft að skipta um skóla og þau hafa flutt úr hverfinu þar sem ákærði hefði einungis flust í næsta hús. Kvað hún son sinn hafa verið óheppinn með skólann. Hann sé hress á yfirborðinu en innst inni sé hann daufur. Hann vilji alls ekki tala mikið um þetta, þó spyrji hann oft hvort ákærði hafi verið settur í fangelsi. Megi segja að hjartað í honum gráti. Sé gífurleg vinna framundan til að koma honum í einhvers konar úrvinnslu, en hann loki á það og ætli sér ekki að vinna með þetta. Honum hafi gengið illa í skólanum síðast liðinn vetur og verið óánægður. Hann hafi ekkert unnið þar og erfitt hafi verið að fá hann til að vinna. Hafi hún því í nóvember sl. tekið þá ákvörðun að taka hann úr skólanum og þá hafi hann farið til systur hennar í [...].

H 409/2000 (gerandi og þolandi systkinabörn)

B var dæmdur í tólf mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn frænku sinni. Brotin áttu sér stað þegar ákærði var fimmtán ára en telpan aðeins átta ára. Brotin voru talin varða við þágildandi 1. mgr. 200. gr., sbr. 202. gr. hgl., nú 1. málslíð 1. mgr. 202. gr. laganna, sbr. lög nr. 40/1992. Voru stúlkunni dæmdar miskabætur að fjárhæð 1.000.000 kr.

Samkvæmt gögnum sem lágu fyrir í málinu, um mat á sálrænni líðan stúlkunnar, kemur m.a. fram að:

[Stúlkun] hafi upplifað mikla sálræna erfiðleika þar sem aukin vanlíðan og þunglyndi hafi komið fram. Hún hafi átt erfitt með svefn og því verið síþreytt. Hún hafi þurft að ganga til sjúkrahjálfa vegna verkja og komið hafi fram aðrar sálrænar afleiðingar eins og uppköst. Henni hafi því verið vísað til barnalæknis, sem hafi sett hana á þunglyndislyf. Hann hafi og vísað henni áfram á barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans, þar sem hún sé í umsjón barnageðlæknis. Hún verði og áfram í viðtölum í Barnahúsi.[...] Samkvæmt þessu er sýnt að brot ákærða hafa valdið skaða bæði á líkamlegri og andlegri heilsu stúlkunnar. Ekki liggur fyrir að svo komnu, í hvaða mæli afleiðingar brots ákærða kunni að verða varanlegar fyrir hana eða hvort ráða megi bót á þeim.

H 212/2001 (bróðurdóttir)

X var dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn bróðurdóttur sinni A, þegar hún var 5 og 6 ára og dvaldist um helgar hjá föður sínum, en faðir hennar og X bjuggu

saman. Varðaði brot hans við 1. mgr. 202. gr. hgl. Stúlkunni voru dæmdar miskabætur að fjárhæð 400.000 kr.

Félagsráðgjafi í Barnahúsi hafði átt tugi viðtala við stúlkuna og var greinargerð hans meðal gagna málsins. Þar kom m.a. fram að tiltekið tímabil hjá stúlkunni hafi verið mjög erfitt. Nánar segir:

Hafi það komið fram í mikilli vanlíðan og óstýrilátri hegðun heima og í skólanum. Þessa vanlíðan tengdi stúlkan því að hún hafi verið óánægð með líkama sinn og fundist hún vera ljót. Hún hafi talað um að hún vildi ekki lifa lengur. Stúlkan hafi talað um meint kynferðislegt ofbeldi sem hún hafi sætt af hendi ákærða og lýsti því að það hafi verið vont og að hann hafi gert það viljandi. Í skýrslu vitnisins er m.a. haft eftir stúlkunni: „Það var svo vont að ég gæti öskrað.“ „Ég fór að gráta en tárin sáust ekki“, „hann gerði ekki mistök, hann gerði þetta viljandi.“ Stúlkan hafi m.a. sagt varðandi umræðu um aldur og hvað væri eðlilegt að sex ára krakkar gætu, að henni fyndist hún ekki sex ára eftir það sem ákærði hefði gert við hana.”

H 83/2002 (þolandi 9 ára)

H var dæmdur í átján mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn 9 ára gamalli stúlku, B. Var háttsemi hans talin varða við fyrri másl. 1. mgr. 202. gr. hgl. Þá var H dæmdur til að greiða stúlkunni miskabætur að fjárhæð 600.000 kr.

Í skýrslu sálfræðings Barnahúss, sem var meðal gagna málsins, kom fram að stúlkan hafi sótt 21 viðtal. Leiddu þau í ljós að telpan hafi orðið fyrir *áfallaröskun* og voru einkennin *þrálát* og ollu henni *umtalsverðum erfiðleikum í daglegu lífi*. Hafði hún meðal annars tvívegis gengist undir lyfjameðferð vegna *þunglyndis* að ráði barnageðlæknis.

H 4/2003 (þrír þolendur, þar á meðal hálf systir)

X var dæmdur í átján mánaða fangelsi, skilorðsbundið að hluta, fyrir kynferðisbrot gegn þremur barnungum stúlkum, Y, Z og Þ, þegar hann var á aldrinum 15-18 ára. Y var hálf systir ákærða. X var sakfelldur fyrir brot gegn fyrri másl. 1. mgr. 202. gr. hgl. vegna tveggja stúlkanna en síðari málslið sömu greinar vegna þeirrar þriðju. Þá var hann dæmdur til að greiða öllum stúlkunum miskabætur, Y 700.000 kr., Þ 500.000 kr. og Z 200.000 kr.

Sálfræðingur Barnahúss bar m.a. fyrir dómi um líðan stúlkunnar Z:

Í viðtölum við Z hefði einnig komið fram að framferði ákærða væri henni hugleikið og að hún hugsaði um það oft á dag hvaða afleiðingar háttsemin hefði fyrir hana og fjölskyldu hennar. Stúlkan hefði þjáðst af sektarkennd og fundist sem hún hefði veitt samþykki fyrir því að ákærði kæmi svona fram við hana. Að mati [sálfræðingsins] hefði dregið úr þessum og öðrum einkennum við meðferðina. Einkennin væru þó ekki horfin, en þau valdi henni nú ekki teljandi vandkvæðum í daglegu lífi.

Þá bar stúlkan Y fyrir dómi að hún væri enn í dag hrædd og kvíðin og treysti engum í mannlegum samskiptum.

H 176/2003 (þrír þolendur)

X var dæmdur í fangelsi í átján mánuði fyrir kynferðisbrot gagnvart þremur stúlkum, Y, Z og Þ. Varðaði háttsemi hans við 1. mgr. 202. gr. hgl. Þá var hann dæmdur til að greiða stúlkunum miskabætur, Y 700.000 kr., Z 400.000 kr. og Þ 150.000 kr.

Í málinu lá m.a. fyrir bréf sálfræðings Barnahúss um meðferð og greiningu Z, en stúlkan hafði sótt átta viðtöl. Í dóminum segir m.a.:

Þá segir í bréfinu að viðtöl við stúlkuna hafi leitt í ljós að hið kynferðislega ofbeldi hafi valdið henni umtalsverðu hugarangri. Áhyggjur hennar hafi staðið yfir í langan tíma og höfðu áhrif á daglegt líf hennar og líðan. Úrræðaleyfi hennar meðan atvikin áttu sér stað hafi valdið henni heilabrotum. Hún væri haldin sektarkennd, m.a. vegna þess að hún hafði ekki sagt frá áreitninni um leið og hún hófst, m.a. af ótta við að henni yrði ekki trúað. Stúlkan væri jafnframt dögur vegna þeirra afleiðinga sem hún teldi að málið hefði haft fyrir fjölskyldu hennar og tengsl fólks innan fjölskyldunnar. Fram hefði komið að telpan vorkenndi A hálfstútur sinni og væri jafnframt leið yfir því að missa tengslin við hana og systurbörn sín en samband hennar við þau hafi rofnað að mestu eftir að telpan greindi frá kynferðisofbeldinu.

H 99/2004 (tveir þolendur, 5 ára og 7 eða 8 ára)

X var dæmdur í tíu mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn tveimur ungum stúlkum, A og B. Vörðuðu brot hans við 1. og 2. mgr. 202. gr. og 209. gr. hgl. Þá var hann dæmdur til að greiða stúlkunum miskabætur að fjárhæð 300.000 kr.

Í gögnum málsins lá fyrir greinargerð sálfræðings Barnahúss vegna stúlkunnar A. Þar kemur m.a. fram:

[A] segist ekki vera hrædd við ákærða en bregði þó jafnan er hún sjái hann á förnum vegi. Um tíma hafi telpan sýnt kynferðislega ögrandi hegðun eins og títt sé um börn sem sætt hafi kynferðislegu ofbeldi eða áreitni. Algengt sé að börn sem sætt hafi kynferðislegri misnotkun þarfnist nokkurra viðtala á ný er þau komist á kynþroskaaldur vegna breytt skilnings og viðhorfa til atvika af því tagi sem telpan hafi lýst.

H 356/2004 (tveir þolendur, 8-10 ára og 13-14 ára)

X var sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn tveimur stúlkum, Y og Z, sem áttu sér stað er Y var 8-10 ára, en Z 13-14 ára. Brot X gegn stúlkunni Z voru talin fyrnd. Brot hans vörðuðu við 1. og 2. mgr. 202. gr. hgl. Refsing var ákveðin fangelsi í átján mánuði. Þá var X gert að greiða stúlkunum miskabætur, Y 800.000 kr. en Z 500.000 kr.

Meðal gagna málsins var m.a. skýrsla sálfræðings sem annaðist viðtalsmeðferð og sálfræðiprófun á Z. Um hana segir í dóminum:

Af skýrslunni má ráða að Z hafi liðið verulega fyrir brot ákærða gagnvart henni, hún upplifað mikla skömm og ekki þorað að segja neinum frá atburðum. Fyrrum hafi hún hugsað mikið um ástæður þess að ákærði braut gegn henni og hún hugleitt að enda eigið líf, svo að hún þyrfti engum að segja frá og þyrfti ekki að líða illa. Hún hafi síðan reynt að gleyma því sem gerðist, en það ekki tekist. Hún muni þó illa tímasetningar á atvikum og sumt af því sem gerðist sé „blokkað út úr höfðinu“ á henni. Samkvæmt skýrslunni mælist Z með langvinnt alvarlegt þunglyndi, sem lýsi sér meðal annars í sjálfsandúð, sjálfsvígshugsunum, grátgirmi, eirðarleysi og áhugaleysi. Klínísk einkenni Z uppfylli einnig greiningarskilyrði langvinnrar áfallastreituröskunar og víðtæks kvíða.

H 152/2005 (gerandi kennari við grunnskóla, tveir nemendur á 15 ári þolendur)

Kennari við grunnskóla, var dæmdur í fangelsi í fimm mánuði, en fullnustu 3ja mánaða af refsitímanum var frestað skilorðsbundið, fyrir kynferðisbrot gegn tveimur ungum stúlkum, nemendum í skólanum. Brot hans vörðuðu við 209. gr. hgl. Þá var kennarinn dæmdur til að greiða stúlkunum 400.000 kr. í miskabætur hvorri um sig.

Meðal gagna málsins voru greinargerðir uppeldis- og afbrotafræðings í Barnahúsi, um viðtalsmeðferð við stúlkurnar. Þar kemur m.a. fram um líðan A:

A hafði gert tilraun til sjálfsvígs vorið 2004 en hún hafði tekið inn of stóran skammt af svefnlyfjum. Hafði hún haft stöðugar sjálfsvígshugsanir. Í viðtali [...]hafði hún svarað sjálfsmatskvarða um geðlægd. Þar hafði m.a. komið fram að hún væri oft leið, einmana, að hana langaði til að gráta og að sjálfsvíg væru ofarlega í huga hennar. [...] Komi fram hjá móður að stúlkan hafði grátið mikið, væri einmana, nokkuð óttaslegin og leið. Er það niðurstaða viðtalsmeðferðarinnar að A þjáist mikið af þunglyndi sem hún þarfnist meðhöndlunar við hið fyrsta. Vanlíðan hennar sé mikil og þurfi miklar breytingar að verða á hennar högum til að líðan hennar geti farið að taka breytingum til batnaðar.

H 284/2005 (þolandi 10 ára)

X var dæmdur í fangelsi í fjóra mánuði fyrir kynferðisbrot gegn 10 ára stúlku, en fullnustu refsingarinnar var frestað skilorðsbundið. Varðaði brot hans við 2. mgr. 202. gr. hgl. Þá var hann dæmdur til að greiða stúlkunni 300.000 kr. í miskabætur.

Í málinu lá fyrir skýrsla uppeldis- og afbrotafræðings í Barnahúsi um viðtalsmeðferð, en stúlkan sótti ellefu viðtöl. Í dóminum kemur fram:

Í fyrsta viðtalinu segir skýrsluhöfundur A hafa verið mjög beygða og klökka og hún átt erfitt með að tjá sig. Hún hafði talað um hversu erfið skýrslutakan hafði reynst henni og hversu illa henni hafði liðið meðan á henni stóð og á eftir. Fyrstu vikurnar hafði hún hugsað mikið um það sem gerðist í Þ og verið föst í þeim hugsunum og þær oft haldið fyrir henni vöku. Stúlkan hafði hræðst að sofa ein og alltaf sofið uppi í rúmi hjá móður sinni, en það hafði hún ekki lagt í vana sinn áður. Þá hafði hún hræðst mjög meintan geranda eftir að hún sagði frá.[...]

Þá segir í skýrslunni að stúlkan hafði kvartaði yfir ítrekuðum höfuðverkjum og almennri vanlíðan, án þess að læknisfræðileg skýring myndist. Verkirnir hafði oft komið í kjölfar mikillar hræðslu sem stúlkan hafði fundið fyrir með reglulegu millibili. Hún hafði ávallt verið hræddust um að ákærði kæmi á heimili hennar og verið sannfærð um að það myndi hann gera einn daginn þegar hún væri ein heima. Þessi hræðsluviðbrögð hafði aukið mjög á álagið á stúlkunni og hún ítrekað brotnað niður yfir lærdómnum ef hann krafðist einhvers af henni og hún þá grátið mikið í kjölfarið.

Skýrsluhöfundur kveður stúlkuna ennfremur hafa uppfyllt ýmis einkenni áfallastreitu. Hún hafi truflandi minningar um atvikið og af þeim sökum átt erfitt með að sofna á kvöldin. Hana hafi ítrekað dreymt atvikið og upplifað kvíða og hræðslu vegna ytra og innra áreitis sem minnt hafi hana á það. Stúlkan hafi einnig haft hliðranir við hugsunum og tilfinningum sem og fólki sem minnt hafi hana á atvikið. Jafnframt hafi hún átt með að einbeita sér.

Í skýrslunni segir að stúlkan hafi átt það til að yfirfæra gjörðir ákærða á aðra karlmenn sem truflað hafi hana í daglegu lífi og breytt mynd hennar af samfélaginu. Hún hafi verið uppfull af hugsunum um hvort og hvaða menn hafi misnotað börn. Þá telji hún menn með skegg á neðri vör alla gerendur í kynferðisbrotum, en þannig hafi hún séð meintan geranda fyrir sér.

H 341/2007 (þolandi 10 ára)

X var dæmdur í fangelsi í átján mánuði kynferðisbrot gagnvart stúlkunni Y, fæddri 1996. Brot hans voru talin varða við 1. og 2. mgr. 202. gr. hgl. Þá var honum gert að greiða stúlkunni 1.000.000 kr. í miskabætur.

Meðal gagna málsins var skýrsla og framburður uppeldis- og afbrotufræðings í Barnahúsi, sem hafði Y til meðferðar. Í lok skýrslunnar kemur fram:

Y er mjög upptekin af þeirri misnotkun sem hún varð fyrir og er það orðið að ákveðinni þráhyggju hjá henni. Allt hennar líf snýst nú mikið til um reynslu hennar og hefur hún haft þörf fyrir að benda jafnvel öðrum börnum á að gæta sín á mönnum eins og [...] (sic) en einnig hefur hún sagt nokkrum vinum og kunningjum frá því sem komi fyrir hana. Andúð hennar á eigin kynferði tengir hún beint við það ofbeldi sem hún varð fyrir þrátt fyrir að hafa alltaf verið strákastelpa að hennar sögn. Með kynferðislegu misnotkuninni var Y leidd inn í veröld sem börn á hennar aldri eiga ekki að hafa reynslu af og enn í dag er hugur hennar fastur við reynslu sína sem og öll þau börn sem hafa sömu reynslu og hún. Mikil vanlíðan hefur einkennt síðastliðið ár hjá Y en líðan hennar fer þó smám saman batnandi. Reiði hennar hefur verið mikil á sama tíma en einnig særindi yfir þessari reynslu sinni. Breytingar eru að verða á líðan Y og mun undirrituð halda áfram að hitta stúlkuna þar til líðan hennar hefur batnað til mikilla muna. Hún á enn langt í land og mjög líklega þarf hún á enn frekari meðferð að halda á unglingsárum þegar líkamlegum þroska er náð og önnur hugsanatengd vandamál geta komið fram vegna misnotkunarinnar sem hún varð fyrir.

5. Ályktanir um önnur kynferðisbrot gegn börnum en þau sem eru ófyrnanleg

Hér verða dregin saman meginatriði þess sem fram kemur í dómum um afleiðingar kynferðisbrota gegn börnum sem fyrnast.¹¹¹ Brotin eru afar mismunandi að alvarleika, enda er refsihámark fyrir sum þeirra sextán ár. Virðist einnig sem afleiðingar sumra þeirra séu oft mjög alvarlegar og ekki greinanlegur mikill munur á þeim og afleiðingum þeirra brota sem fyrnast ekki. Afleiðingarnar má greina með líkum hætti og hér að framan.

Andlegar og tilfinningalegar afleiðingar. Áfallaröskun (jafnvel þrálát einkenni) sem veldur umtalsverðum erfiðleikum í daglegu lífi, lélegt sjálfsmat, skortur á sjálfstrausti, óstýrilát hegðun heima fyrir og í skóla, óánægja með eigin líkama og útlit, sjálfsandúð, sjálfsvígshugleiðingar (jafnvel tilraunir), hræðsla (m.a. við að vera einn), kvíði, depurð og áhyggjur, hugarangur, einbeitingerfiðleikar, grátköst, erfiðleikar við að mæta mótlæti, viðkvæmni, skapsveiflur, öryggisleysi og lítil stjórn á aðstæðum, geðlægd, leiði, einmanakennd, þunglyndi, truflandi minningar um atburði, hræðsluviðbrögð, svefnerfiðleikar og óþægilegir draumar, hliðranir (sem felast í að ýta frá sér óþægilegum hugsunum og tilfinningum), þolendum finnst þeir skítugir og óhreinir og upplifa mikla skömm. Þá er farið almennum orðum um mikla vanlíðan og tilfinningalega erfiðleika um margra mánaða skeið, sem hafi mikil áhrif á daglegt líf og líðan. Nefndar eru sérstakar neikvæðar afleiðingar þegar þolandi er á viðkvæmum aldri í kynþroska þegar brot er framið.

Líkamleg einkenni. Þolendur þurfa gjarnan lyfjameðferð, svo sem við þunglyndi og svefnerfiðleikum, og meðferð hjá geðlæknum vegna þess. Þá er rætt um höfuðverki.

¹¹¹ Samantektin byggist auk þess á upplýsingum sem koma fram í *H 333/1998* (þolandi 12 ára stúlka), *H 460/2001* (þolandi 9-10 ára), *H 169/2002* (þrjú 10 ára þolendur), *H 414/2003* (þolandi 9-11 ára), *H 27/2005* (þolandi 12 ára), *H 215/2004* (þolandi 11 ára), *H 329/2006* (þrjú þolendur) og *H 539/2007* (fjórir þolendur á aldrinum 13-15 ára).

Félagslegar afleiðingar. Rofin fjölskyldutengsl, trúnaðarþrestur í fjölskyldum og stundum skortur á stuðningi frá hinum nánustu. Fram kemur að börn draga oft lengi að segja frá atburðum af hræðslu við afleiðingar þeirra. Meðal félagslegra afleiðinga eru einnig vantraust í mannlegum samskiptum, almennir erfiðleikar í samskiptum við aðra, lágt sjálfsmat, upplifun sjálfs sín sem utanveltu, þráhyggja, þar sem líf hlutaðeigandi snýst meira og minna um reynslu af misnotkun, svo nálgast þráhyggju. Ýmsir félagslegir erfiðleikar í námi og starfi.

Afleiðingar til langs tíma. Rætt er um að um að atvik skyggi á minningar einstaklings frá bernsku eða unglingsárum. Þá getur þetta leitt til þess að hlutaðeigandi leiðist frekar út í misnotkun vímuefna, með þeim neikvæðu afleiðingum sem henni fylgir. Þá er rætt um að áhrifin komi síðar fram þegar þolandi kemst á unglingsaldur og skilur atvik betur. Almennt sé erfitt að segja til um áhrif brotanna á líf einstaklings í framtíðinni, en þó frekar gert ráð fyrir því að hann þurfi á langvarandi aðstoð að halda.

Drengir sem þolendur. Í einu málanna voru drengir þolendur. Þótt afleiðingar séu almennt áþekkar og hjá stúlkum er rétt að geta þess að umfjöllun um þá hafði viss sérkenni. Því er lýst að annar þeirra kviði sérstaklega fyrir að koma í viðtöl og væri áhyggjufullur vegna þessa. Þá hefði hann mikið hugleitt eigin ábyrgð. Þá beri á hræðslu við að vera hommi, eins og komist var að orði, m.a. vegna þess að hann hafi ekki stoppað geranda og flúið, og ýmislegt því tengt, hræðslu við að félagarnir heyrðu um atvik og hugsanlegan skaða sem hann hefði orðið fyrir út af því sem hafði gerst. Um hinn drenginn segir að honum líði mjög illa, en neiti með öllu að ræða atburði eða þiggja aðstoð við að komast yfir þá. Hann hafi orðið mjög reiður og liðið illa eftir yfirheyrsluna í Barnahúsi því allt hafi rifjast upp fyrir honum. Lýsti móðir hans því svo að „hjartað í honum gráti“ og gífurleg vinna væri framundan að koma honum í einhvers konar meðferð.

6. Dómar þar sem ekki liggja fyrir skýrslur um brotþola eða þær ekki sérstaklega raktar

Hér verða reifaðir nokkrir dómar þar sem engar sérfræðiskýrslur liggja fyrir um áhrif brots á brotþola eða ekki er greint frá efni þeirra í dómi. Engu að síður virðist almennt gengið út frá alvarlegum afleiðingum brotanna og það notað sem forsenda við ákvörðun miskabóta.

H 454/2001 (stjúpdóttir)

X var dæmdur í fangelsi í fimm ár og sex mánuði fyrir alvarleg kynferðisbrot gegn stjúpdóttur sinni A um árabíl, þegar hún var á aldrinum 9-14 ára. Voru brot hans talin brjóta gegn 1. mgr. 201. gr. og 1. ml. 1. mgr. 202. gr. hgl. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að X hefði misnotað gróflega vald sitt yfir stúlkunni og þannig brugðist trúnaðarskyldum sínum gagnvart henni. Talið var að honum hefði mátt vera ljóst hve alvarlegar afleiðingar atferli hans hlaut að hafa fyrir líf og sálarheill A. Þá voru A dæmdar miskabætur að fjárhæð 1.000.000 kr. úr hendi X.

Engin sérfræðigögn um áhrif brotanna á þolanda voru lögð fram í málinu. Um það segir í dómi Hæstaréttar:

Eins og fram kemur í héraðsdómi er ljóst af því, sem fram hefur komið hjá A og vitnum, að umræddir atburðir hafa orðið henni þungbærir. Hin alvarlegu brot ákærða voru til þess fallin að valda mikilli röskun á högum hennar, heilsu og tilfinningalífi. Engin sérfræðileg gögn hafa þó verið lögð fram í málinu um þetta til frekari stuðnings bótakröfu hennar. Að því virtu verður niðurstaða héraðsdóms um fjárhæð miskabóta staðfest [...].

H 475/2003 (þrír þolendur)

X var dæmdur í tólf mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn þremur stúlkum, vinkonum stjúpdóttur hans, þeim A, B og C. Brot X gegn stúlkunni A voru talin varða við 2. mgr. 202. gr. hgl., en hann var sakfelldur fyrir brot á 209. gr. sömu laga gegn stúlkunni B. Þá var X einnig sakfelldur fyrir brot á 209. gr. gegn stúlkunni C, en brot hans gegn henni þótti sérlega gróft. Hvorki hún né stúlkan B höfðu náð 14 ára aldri, þegar brot gegn þeim voru framin. Öllum stúlkunum voru dæmdar miskabætur, A 60.000 kr., B 100.000 kr. og C 400.000 kr.

Ekki voru lögð fram sérfræðigögn um afleiðingar brotanna á A og B, en ríkissaksóknari óskaði eftir greinargerð forstöðukonu Barnahúss vegna meðferðarviðtala sem C sótti til hennar. Í niðurstöðukafla greinargerðar segir að ljóst sé að stúlkan hefði orðið fyrir alvarlegu áfalli vegna hins kynferðislega ofbeldis sem hún kvaðst hafa sætt af hálfu ákærða. Eins og algengt væri meðal fólks, sem orðið hefði fyrir áföllum af því tagi sem stúlkan lýsti, uppfyllti hún um nokkurt skeið greiningarviðmið áfallaröskunar. Einnig

hafi hún sýnt fleiri einkenni kvíða og depurðar en almennt mældust meðal jafnaldra hennar. Þá segir að einkennin séu, er greinargerðin var rituð, að mestu horfin en ætla megi að hún þurfi enn nokkurn tíma til þess að jafna sig á áfallinu. Brýnt væri að fylgjast með líðan hennar næstu mánuði vegna aukinnar hættu á að hún þróaði með sér fælni eða aðra kvíðatengda kvilla.

Í forsendum ákvörðunar um miskabætur til stúlkunnar A segir m.a. í héraðsdómi:

Bótakröfunni til stuðnings er vísað til 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992 en A var 13 ára þegar umrædd atvik áttu sér stað, sem og 209. gr. almennra hegningarlaga. Polandi kynferðisbrots verði alltaf fyrir miskatjóni og hafi dómstólar ávallt dæmt miskabætur í slíkum málum sé þeirra krafist. Þá er vísað til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Brot ákærða gegn brotaþola eru til þess fallin að valda henni óþægindum. Fram er komið í málinu að hún hafi forðast að koma á heimili D, vinkonu sinnar, eftir þennan atburð. Með vísan til framanritaðs er ákærði á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga dæmdur til að greiða brotaþola 60.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 frá 18. apríl 2003 til greiðsludags.

Til viðbótar við framangreinda dóma má benda á eftirfarandi dóma, sem ekki þykir ástæða til að reifa sérstaklega: *H 420/2001* (dóttir), *H 10/2002* (ákært fyrir kynferðisbrot gegn stúlku, en ákærði sýknaður í Hæstarétti), *H 40/2002* (tvær stúlkur þolendur, 7 ára og 13 ára), *H 394/2002* (tveir 13 ára þolendur), *H 511/2002* (þrjú þolendur, tvær systurdætur 2 og 3 ára og 5 ára drengur; ákærði á mörkum þess að vera þroskaheftur), *H 464/2003* (þrjár stúlkur þolendur, m.a. dótturdóttir), *H 335/2004* (15 ára piltur ákærður fyrir kynferðisbrot gegn 13 ára stúlku; hann var sakfelldur í héraðsdómi, en Hæstaréttur vísaði málinu frá héraðsdómi vegna margvíslegra ágalla á málalíbúnaði ákæruvaldsins), *H 472/2005* (þrjú 15 ára þolendur) og *H 287/2007* (maður sakfelldur fyrir kynferðisbrot með því að hafa berað kynfæri sín fyrir börnum og fróað sér að þeim viðstöddum).

Í öllum dómunum, bæði þeim sem reifaðir eru og þeim sem látið er nægja að benda á til viðbótar, vekur athygli að skortur á sérfræðiskýrslum kemur ekki í veg fyrir að dómurinn vísi til þess sem talið er vera *almenn þekking*, þ.e. að verknaður af því tagi sem sakfelldur var fyrir sé til þess fallinn að valda sálrænum erfiðleikum.

IX.

Samantekt á efni ritgerðar

Eins og fram kemur í inngangi er meginmarkmið ritgerðarinnar að fjalla um forsendur og réttmæti breytinga sem gerðar voru á fyrningarreglum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með lögum nr. 61/2007. Breytingarnar fela í sér frávik frá áður markaðri stefnu löggjafans um fyrningu brota. Því er það áhugavert rannsóknarefni frá refsipólitísku sjónarmiði að kanna rökin sem færð hafa verið fyrir breytingunum og hvort þau vegi þyngra en rök gegn þeim.

Til að ná þessu markmiði hefur verið rakin þróun og umræður um fyrningarreglur hegningarlaganna vegna kynferðisbrota gegn börnum, einkum að því leyti sem þær eru taldar skýra aðdraganda breytinga þeirra sem gerðar voru með lögum nr. 61/2007.

Þá hefur þess verið freistað að varpa ljósi á hvaða sjónarmið réðu mestu um sinnaskipti löggjafans í málinu og þar rakin þau rök sem fram komu með og á móti breytingunum í umræðum í aðdraganda þeirra. Til að gefa fyllri mynd af sjónarmiðum sem hér búa að baki hefur þess verið freistað að kafa dýpra í efnið og er einkum ástæða til að nefna þrennt. Fyrst má nefna að í þessu skyni hafa fyrningarreglur í öðrum löndum um sambærileg brot, sem og afleiðingar þeirra, verið bornar saman við íslenskan rétt, eins og hann er eftir umræddar breytingar. Þetta skiptir talsverðu máli þar sem breytingarnar hafa m.a. verið gagnrýndar fyrir það að hafa falið í sér mikið frávik frá því sem gildir í öðrum löndum þar sem byggt er á áþekktum réttarhugmyndum og á Íslandi. Þá er gerð grein fyrir rannsóknum sem gerðar hafa verið á skammtíma- og langtímaáhrifum kynferðisbrota gegn börnum á sálarheill og lífshlaup þolenda. Þetta er einnig mikilvægt þar sem meginröksemdir fyrir breytingunni fólu einmitt í sér tilvísun til alvarlegra og langvarandi áhrifa brotanna fyrir brotþolana langt fram á fullorðnisár og jafnvel ævina á enda. Á hinn bóginn skorti einnig talsvert á í umræðunni að vísað væri til viðurkenndra vísindarannsókna eða fræðilegra greinargerða um slíkar rannsóknir þessu til staðfestingar. Frekari greinargerð um þetta efni veitir forsendur til að meta gildi röksemda sem fram komu. Þá ber að nefna að höfundur tók viðtöl við nokkra dómara til að kanna viðhorf þeirra til breytinganna. Rannsókninni og framkvæmd hennar er nánar lýst í VII. kafla, en meginmarkmiðið var að kanna hug dómara sem hafa reynslu af meðferð sakamála, þar á meðal mála sem varða kynferðisbrot gegn börnum. Vegna mikilvægra röksemda sem fram

komu gegn umræddri breytingu verður að telja viðhorf þeirra mikilvægt innlegg í umræðuna og til þess fallin að varpa ljósi á réttmæti þessara breytinga. Þá hefur verið gerð grein fyrir rannsókn á dómaframkvæmd, þar sem dómur Hæstaréttar frá 1998 í málum sem varða kynferðisbrot gegn börnum eru skoðaðir með tilliti til gagna sem liggja frammi í slíkum málum um skammtíma- og langtímaáhrif kynferðisbrota gegn börnum fyrir þolendur þeirra. Dómarnir eru mikilvæg heimild um þetta efni þar sem oft liggja frammi gögn um sérstaka skoðun á þolendum, einkum til að styðja kröfur um miskabætur, þótt þeir hafi einnig þýðingu við ákvörðun refsingar fyrir brot.

Um efnisskipan að öðru leyti er vísað til efnisyfirlits og inngangs, þar sem efni einstakra kafla og markmiðum þeirra er lýst. Hér verður þess freistað að rekja í stuttu máli meginatriði hvers kafla fyrir sig. Þetta felur óhjákvæmilega í sér endurtekningu á því sem þegar er fram komið, en er til þess fallið að hnykkja á mikilvægum atriðum.

Í II. kafla er gerð almenn grein fyrir fyrningarreglum, m.a. refsipólítískum rökum sem þær eru reistar á, sem og um einstök álitamál sem varða skýringu og beitingu þessara reglna. Þau viðfangsefni eru sumpart lagatæknilegs eðlis og um þau fjallað með almennum hætti, þar sem það er ekki sérstakt markmið ritgerðarinnar að leysa úr slíkum hreinum lögfræðilegum álitaefnum. Er þar að mestu stuðst við almenn og viðurkennd sjónarmið í refsirétti án þess að sérstök afstaða sé tekin til þeirra. Þó ber að nefna að hefðbundin refsiréttarleg umræða um fyrningu rúmar aðeins í takmörkuðum mæli að sérstakt tillit sé tekið til brotþola, en slík sjónarmið réðu miklu um þessa breytingu, eins og ritgerðin í heild ber með sér. Með þeirri breytingu á fyrningarreglum fá þau sjónarmið talsvert rými. Um þetta atriði er sett fram sú skoðun að tillitið til brotþola kunni að mæla með því að a.m.k. tiltekin alvarleg brot fynnist ekki eða aðeins á mjög löngum tíma. Er þetta rökstutt með því að að þolandi brots kunni að sitja uppi með alvarlegar afleiðingar brots í langan tíma, jafnvel það sem hann á eftir ólifað, fjárhagslegar, líkamlegar (jafnvel andlega eða líkamlega fötlun) eða varanlega sálræna og geðræna kvilla sem raktir verða til brots. Tillitið til brotþola leiðir þannig til þess að hann kunni að eiga kröfu, siðferðilega kröfu eða réttlætiskröfu, til að brotamaður sæti refsingu fyrir gjörðir sínar, jafnvel eftir að langur tími hefur liðið. Brotamaður megi gera ráð fyrir að axla ábyrgð á gjörðum sínum, ef hægt er að sanna sök á annað borð, löngu eftir að brot var framið, jafnvel þótt hann kunni að hafa snúið frá villu síns vegar, rétt eins og þolandi brots kann að þurfa að sitja uppi með afleiðingar brotsins til langframa.

Þá er í II. kafla einnig gerð grein fyrir raunhæfri þýðingu fyrningarreglna. Sú athugun, sem og hefbundin lögfræðileg sjónarmið um skil yngri laga og eldri á sviði refsiréttar, gefur til kynna að talsvert langur tími muni líða þar til áhrifa breytinganna fer að gæta að fullu og hægt verði að meta raunverulega þýðingu þeirra frá lagalegu sjónarmiði, ef þær munu þá yfirleitt hafa merkjanleg áhrif.

Í III. kafla hefur verið gerð grein fyrir forsögu breytinga sem gerðar voru á fyrningarreglum almennra hegningarlaga með lögum nr. 61/2007. Kaflinn varpar ljósi á að þessi breyting á áður markaðri stefnu löggjafans um fyrningu brota átti sér talsvert langan aðdraganda. Að því er varðar upphaf þessarar umræðu er einkum ástæða til að nefna frumkvæði umboðsmanns barna árið 1997, sem og breytingar á fyrningarreglum hegningarlaganna vegna kynferðisbrota gegn börnum 1998. Síðan þá og allt fram að breytingum þeim sem gerðar voru með lögum nr. 61/2007 hefur þessi umræða skotið upp kollinum. Hér var því ekki um skyndiákvörðun löggjafans að ræða, þótt svo mætti virðast af ferli málsins á vordögum þingsins 2007.

Í IV. kafla er gerð grein fyrir meginröksemdum sem fram komu í aðdraganda lagasetningarinnar og þær dregnar saman. Rök gegn breytingunni voru fremur lagalegs eðlis, þar sem vísað var til samræmis í refsirétti, erfiðleika við rannsókn og sönnun, sem og til stöðu sakbornings. Rök með breytingunni eru annars eðlis þar sem þau vísa nánast alfarið til stöðu þolanda vegna æsku hans og þess að hann stendur oft í mjög nánnum tengslum við geranda. Þá er vísað til alvarlegra og langvarandi afleiðinga brotanna fyrir brotaþola.

Í V. kafla er gerður samanburður við önnur lönd. Þar kemur fram að Ísland sker sig talsvert úr, þar sem lög í öðrum löndum gera almennt ráð fyrir að brot sem fyrnast ekki samkvæmt íslenskum rétti fyrnist, að Englandi undanskildu. Gerð er grein fyrir því að hafa verði margvíslega fyrirvara á slíkum samanburði þar sem verknaðarlýsing einstakra lagaákvæða er mismunandi og verknaðir kunna að vera færðir til refsíákvæða með mismunandi hætti, auk þess sem dómaframkvæmd kveður nánar á um skýringu og beitingu einstakra ákvæða. Þá er bent á, þótt Ísland skeri sig nokkuð úr, að möguleg hagnýt eða raunhæf þýðing þeirra reglna sem gilda á Íslandi annars vegar, þar sem brotin fyrnast ekki, og hins vegar í löndum þar sem brotin fyrnast á löngum tíma og fyrningarfræstur hefst t.d. við 18 ára afmælisdag þolanda, kunni að vera svipuð. Í reynd leiða reglur annarra landa til þess í sumum tilfellum að gerandinn getur þurft að svara til saka áratugum eftir að brot var framið. Rökin gegn breytingunni sem fram komu í umræðu hér á landi og getið er að

framan geta því að því leyti átt við í mörgum þeirra landa sem skoðuð voru, án þess þó að þau hafi ráðið úrslitum í þessum löndum.

Í VI. kafla, *Áhersla á brotþola*, er bent á að breytingin á ákvæðum hegningarlaga um fyrningu kynferðisbrota gegn börnum feli að vissu marki í sér að hefðbundin rök með fyrningu brota, sem varða fyrst og fremst stöðu sakbornings og erfiðleika við sönnun, sem og aðra opinbera hagsmuni, hafi vikið fyrir sérstöku tilliti til brotþola og sérstaks eðlis brotanna. Er það raunar mikilvæg forsenda fyrir þeim breytingum sem gerðar voru á kynferðisbrotakafli hegningarlaganna með lögum nr. 61/2007. Þessara sjónarmiða gætti einnig við breytingu á fyrningarreglunum með lögum nr. 63/1998. Sama má segja um breytingar sem gerðar voru á lögum um meðferð opinberra mála með lögum nr. 36/1999, sbr. nú a-lið 1. mgr. 59. gr. laga nr. 88/2008, sem varða rannsókn kynferðisbrota gegn börnum, þótt deilt sé um gildi þessara breytinga og hvort þær hafi verið til bóta fyrir réttarstöðu barna sem þolenda. Á því getur tæpast leikið vafi að gögn frá Stígamótum um áhrif kynferðisbrota á þolendur, almennar rannsóknir á afleiðingum brotanna, skýrsla um starfsemi Breiðavíkur, ritgerð Sigrúnar Sigurðardóttur, sem og þátttökuathugun sem höfundur gerði hjá Stígamótum, og önnur atriði sem rakin eru í þessum kafla, styðja vel við þau meginrök sem færð voru fyrir umræddri breytingu. Ber þar raunar allt að sama bruni um langvarandi og alvarlegar afleiðingar brotanna fyrir líkamlega og andlega heilsu þolenda.

Í VII. kafla er gerð grein fyrir viðtölum sem höfundur tók við nokkra starfandi dómara um viðhorf þeirra til umræddra breytinga á fyrningarreglunum, sem og almennt til þessa brotaflokks. Það er fræðilega áhugavert viðfangsefni frá refsipólítísku sjónarmiði að fá dómara til að tjá sig persónulega um þessi mál. Sé litið til afstöðu dómaranna til framangreindra breytinga á fyrningarreglunum, sem og viðhorfa þeirra til þess sem þeir telja sérkenni þessara brota, er helsta niðurstaðan að a.m.k. fimm af sex dómurum sem tóku þátt í rannsókninni eru sammála þeirri niðurstöðu löggjafans að breytingin hafi verið réttmæt. Við þetta mat virðast þeir telja að fyrst og fremst beri að horfa til alvarlegra og langvarandi afleiðinga brotanna fyrir brotþola, sem skipi þessum brotum á bekk með alvarlegustu afbrotum sem þeir hafa fengist við í störfum sínum. Í öðru lagi leggja þeir áherslu á hinar sérstöku aðstæður sem brot þessi eru gjarnan framin við, sem og það sérkenni að þau koma oft ekki upp á yfirborðið fyrr en löngu eftir að þau eru framin. Í stuttu máli eru dómararnir þeirrar skoðunar að tillitið til hagsmuna brotþolans eigi að veita þyngra en hin hefðbundnu rök fyrir fyrningu brota. Þessi mikla áhersla á brotþola og stöðu

106

hans, öndvert við áherslu á sakborning, kemur einnig vel fram þegar dómarnir eru beðnir að lýsa þeim málum sem eru þeim minnisstæðust. Þar kemur skýrt fram að það er fyrst og fremst vanmáttur og umkomuleysi brotaþolanna sem gerir málin minnisstæð. Í svörum þeirra endurspeglast sterk samúð með meintum fórnarlömbum, þótt þeir leggi um leið áherslu á skyldu sína að halla ekki á rétt sakbornings til réttlátrar málsmeðferðar. Þá eru allir dómarnir á þeirri skoðun að refsingar við brotum ættu að vera þyngri en nú er og að dómara ættu almennt að dæma í þyngri refsingu innan þeirra marka sem lög heimila. Jafnframt kom fram sjónarmið um að miskabætur séu ekki nægilega háar þegar afleiðingar brotanna eru hafðar í huga. Þessi sjónarmið koma einnig að nokkru fram þegar dómara lýsa persónulegri upplifun sinni af vinnu við mál af þessu tagi. Einn þeirra lýsir því beinlínis að þörf kunní að vera fyrir sérstaka aðstoð þeim til handa og aðrir nota sterk orð til að lýsa tilfinningum sínum og upplifun. Þá voru þeir sammála um að hagnýt þýðing breytinganna á fyrningarreglum almennra hegningarlaga sé líklega takmörkuð og hún myndi ekki hafa mikil áhrif á málafjölda í raun, einkum vegna erfiðleika við sönnun. Þá leiða viðtölin ekki í ljós merkjanlegan mun á afstöðu dómara til þessa málaflokks eftir kynferði þeirra. Þeir lýstu áhyggjum af neikvæðum áhrifum þess sem þeir telja ófaglega og óvandaða umfjöllun fjölmiðla um einstök mál. Einkum hafi þau birst í að svo virðist sem nokkuð hafi verið slakað á sönnunarkröfum í málum af þessum tagi. Telja þeir þetta vera óheppilega þróun og réttaröryggi sakborninga sé með þessu stefnt í tvísýnu. Þá má geta þess að hjá dómurum koma fram efasemdir um árangur breytinganna sem gerðar voru á meðferð þessara mála með lögum nr. 36/1999 og miðuðu að því að forða barni frá því að gefa skýrslu oftast en einu sinni, sbr. nánar VI. kafla (1) að framan. Efasemdirnar lúta að því að með því að barn, sem brotaþoli, kemur ekki fyrir dóm undir dómsmeðferðinni, hafi réttarstaða þess orðið lakari að því leyti að sönnunargildi framburðar þess verði rýrari og meiri líkur á sýknu. Lagabreytingar sem gerðar hafi verið til að bæta réttarstöðu barna sem brotaþola hafi þannig haft öfug áhrif miðað við það sem stefnt var að.

Í VIII. kafla er gerð grein fyrir dómum sem varða kynferðisbrot gegn börnum sem kveðnir hafa verið upp frá 1998. Fram kemur að þessum málum hefur fjölgað verulega síðari ár og raunar hefur fjöldi þeirra margfaldast. Því er haldið fram að dómur Hæstaréttar og upplýsingar sem í þeim er að finna séu mikilvæg heimild um stöðu þessa brotaflokks og einkenni. Af fjölda þeirra einum, sem og af fjölda þeirra mála sem kærð eru en komast ekki til dóms, sbr. II. kafla (4) hér að framan, má ráða að kynferðisbrot gegn börnum eru alvarlegt þjóðfélagsmein og mikilvægir hagsmunir því tengdir að vel takist til við meðferð

þeirra. Dómar vitna um nánari skýringu og beitingu lagaákvæða sem að þessu líta, hvernig einstök brot eru virt og þau færð til refsíákvæða, kröfur sem gerðar eru um sönnun, refsingar fyrir þessi brot, fjárhæð miskabóta og rannsókn og meðferð slíkra mála að öðru leyti. Í fjölmörgum þessara mála hafa verið lögð fram gögn um afleiðingar brotanna fyrir brotþola, til skemmri eða lengri tíma, en þau eru mikilvæg við mat á alvarleika brotanna, sem og ekki síður við mat á afleiðingum þeirra fyrir þolendur. Kemur þetta vel fram í þeim málum sem alvarlegust teljast, sem og hinum sem ekki eru metin jafnalvarleg af löggjafanum. Hér verður mat á afleiðingum brotanna aðeins rakið að því er varðar alvarlegri brot. Samkvæmt athugun höfundar eru þau eftirfarandi: Meðal *andlegra* og *tilfinningalegra afleiðinga* eru gjarnan nefndar áfallastreita (PSD), sem tekið getur mismunandi langan tíma að komast yfir, þunglyndi, geðlægð, lágt sjálfsmat, skömm og sektarkennd, reiði, erfiðleikar við að gleyma atburðum og upprifjanir í svefni eða vöku, ítrekaðir draumar og martraðir, kvíði, einbeitingarskortur, öryggisleysi, hræðsla, grátköst af litlu eða engu tilefni, alvarlegar sjálfsvígshugleiðingar, vanmáttur, sjálfsásakanir og óeðlileg kynferðisleg hegðan miðað við aldur og þroska. Þá er rætt um tilfinningalegt uppnám þegar atburðir eru ræddir eða rifjaðir upp, eða þegar slík hegðun er rædd almennt. Einnig kemur endurtekið fram að þólandi upplifi sig óhreinan eða skítugan og verri en annað fólk. Þá er oft talað um sálræna erfiðleika og almenna vanlíðan, og mikla röskun á lífi og líðan án þess að það sé sundurgreint frekar. Hvað varðar *líkamleg einkenni* eru oftast nefndir svefnörðugleikar og -truflanir, síþreyta, óskilgreindir verkir, uppköst, líkamleg kvíða- og streitueinkenni, magaverkir, svimi, skjálfti í höndum, eirðarleysi og erfiðleikar með að slaka á. Þá þurfa þolendur gjarnan að taka þunglyndislyf til skemmri eða lengri tíma og sæta meðferð á stofnunum. Þá hafa þessi brot ýmsar *félagslegar afleiðingar*. Fram kemur að hegðunin hefur áhrif á fjölskyldur og tengsl þólanda við annað fólk. Rof verður á fjölskylduböndum og trausti innan fjölskyldna, hræðsla og undrun á hegðan hins nákomna geranda (afa, föður o.s.frv.), þrýstingur innan fjölskyldu um að halda hegðuninni leyndri, ótti við að segja frá til að sundra ekki fjölskyldum. Meðal almennra einkenna af þessu tagi eru erfiðleikar við að treysta fólki og markaleysi í samskiptum við aðra. Að því er geranda varðar er reiði í garð hans meðal einkenna sem nefnd eru og hræðsla við að hitta hann. Þá er rætt um almenna hegðunarerfiðleika, námsörðugleika þólanda o.fl. *Afleiðingar koma einnig fram síðar*, einkum í tengslum við kynþroskaaldur þegar þólandi skilur betur eðli verknaðarins, erfiðleikar í kynlífi, sem og í tengslum við meðgöngu og fæðingu, erfiðleikar við að stofna til og viðhalda nánnum samböndum, þunglyndi og kvíði og alvarlegar

sjálfsvígshugleiðingar, áfengis- og/eða fíkniefnanotkun með tilheyrandi auknum erfiðleikum. Þá er með almennum hætti vísað til þess að hlutaðeigandi muni sennilega eiga við langvinn og alvarleg sálræn vandamál að stríða í framtíðinni og allt fram á fullorðinsár, og muni þurfa á áframhaldandi aðstoð að halda vegna þess. Þá koma fram efasemdir um að hlutaðeigandi muni nokkurn tímann ná sér að fullu af kynferðislegu ofbeldi í bernsku. Fram kemur að *unga þolendur skortir oft skilning á hegðun geranda*, þ.e. þeir gera sér oft og tíðum hvorki grein fyrir að hegðun geranda var röng né á alvarleika háttseminnar fyrr en síðar, t.d. í kringum kynþroskaaldur. Þeir lýsa vanmætti við að bregðast við misnotkuninni, þeir geti ekki streitst á móti og hafi ekki burði í sér til að draga skyndilega mörk og veigra sér, stundum mjög lengi, við að gera viðvart um ofbeldið vegna óvissu um hvaða afleiðingar það hefði.

X.

Helstu niðurstöður

Um meginniðurstöður þessarar ritgerðar þykir rétt að árétta helstu atriði. Frumvörpin sem þingmenn Samfylkingarinnar lögðu endurtekið fram á árunum 2003-2006 voru reist á annarri hugsun en þeirri sem lög nr. 61/2007 vitna um. Í frumvörpunum var miðað við að fyrningarfrestur vegna kynferðisbrota gegn börnum yngri en 14 ára skyldi afnuminn óháð alvarleika brotanna og þeirri refsingu sem við þeim lá. Hefði þessi tillaga orðið ofan á hefði hún falið í sér nokkuð róttækara frávik frá almennum fyrningarreglum en raun varð á. Tæplega hefði verið skynsamlegt að víkja í þeim mæli til hliðar mikilvægum almennum sjónarmiðum sem búa að baki fyrningarreglunum. Að hinu leytinu felur leiðin sem valin var í sér meiri vernd fyrir þá sem kunna að verða þolendur brota á aldrinum 14-18 ára en leitt hefði af frumvarpi þingmannanna. Sú niðurstaða að afnema fyrningarfresti í alvarlegustu brotunum, en miða upphaf fyrningar í hinum veigaminni við 18 ára aldur brotþolans, felur þannig í sér málamiðlun milli ólíkra viðhorfa sem uppi hafa verið. Þessi málamiðlun náðist eftir skoðanaskipti sem stóðu langa hríð. Um alvarlegri brotin felur breytingin í sér tiltölulega afmarkað frávik frá áður markaðri stefnu um að aðeins brot sem við getur legið ævilangt fangelsi skuli vera ófyrnanleg. Þótt hér sé um nokkurt frávik að ræða miðað við það sem talið er eiga við í löndum sem Ísland ber sig helst saman við við móttun refsistefnu og refsilöggjöf virðist sem afleiðingar breytinganna séu ekki, í veigamiklum atriðum, frábrugðnar því sem við getur átt í sumum samanburðarlandanna. Sú staðreynd vegur vissulega upp á móti þeirri röksemd sem haldið hefur verið fram gegn breytingunum, að með þeim hafi í verulegum atriðum verið vikið frá því sem á við í löndum sem fyrirmyndir eru helst sóttar til við lagasetningu á sviði refsiréttar hér á landi. Verður þar af leiðandi ekki talið að frávik frá samanburðarlöndunum sé svo mikið eða afdrifaríkt að ósamrýmanlegt sé því sem á við annars staðar.

Breytingarnar sem gerðar voru með lögum nr. 61/2007 eru í öllum aðalatriðum reistar á röksemdum sem komu fram í tillögum umboðsmanns barna frá 1997. Í síðari umræðum hefur röksemdunum fjölgað og þær hafa fengið aukna dýpki. Hér er því ekki um skyndiákvörðun að ræða, þótt svo mætti virðast af ferli málsins á Alþingi vorið 2007. Aukin umræða um eðli kynferðisbrota gegn börnum og reynslusögur fórnarlamba

kynferðisbrota og lýsingar þeirra á langvarandi og alvarlegum afleiðingum brotanna á lífshlaup sitt eiga að líkindum sinn þátt í þeim breytingum sem gerðar voru. Þær hafa gefið þeim röksemdum sem lengi hefur verið haldið fram aukið vægi, þótt skort hafi á skírskotanir til viðurkenndra vísindalegra rannsókna í umræðunni. Á hinn bóginn fer vart á milli mála að greinargerð um rannsóknir á afleiðingum brotanna sem gerð er grein fyrir í VI. kafla styðja vel við þessar röksemdir og gefur þeim aukið vægi. Sama á við um það sem fram kemur í dómunum sem raktir eru í VIII. kafla.

Í þessari umræðu hafa komið fram veigamikil mótrök gegn þeirri breytingu sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, einkum um brot sem nú fynast ekki, enda er ekki lengur deilt um réttmæti breytinga sem gerðar voru á fyrningarfrestum fyrir vægari brot. Þessi rök falla í aðalatriðum að þeim rökum sem liggja að baki fyrningarreglum almennt, en þau lúta öðru fremur að réttarstöðu meints brotamanns, þ.e. að hann þurfi ekki að standa frammi fyrir því að þurfa að svara til saka fyrir ætluð brot framin fyrir löngu síðan, jafnvel mörgum áratugum, erfiðleikum við rannsókn og því að sönnunarstaðan verður að jafnaði erfiðari eftir því sem lengri tími líður frá broti. Þau rök eru mikilvæg en löggjafinn hefur tekið afstöðu til þessa og telur að tillitið til brotaþola og að sérstaða alvarlegra kynferðisbrota gegn börnum og langvarandi afleiðingar þeirra fyrir fórnarlömbin vegi þyngra á vogarskálunum en tillit til meints brotamanns, rannsóknarhagsmuna og erfiðrar sönnunarstöðu. Nánari skoðun á afleiðingum brotanna hefur leitt í ljós þessi sjónarmið styðjast við gild rök.

Önnur rök sem lúta að samkvæmni og samræmi í refsiréttinum geta tæpast ráðið úrslitum, enda óljóst hvað í þeim felst. Sú stefnumörkun að aðeins brot sem ævilangt fangelsi liggur við skyldu ekki fynast var reist á pólitískri ákvörðun, rétt eins og sú sem hér hefur verið gerð að umtalsefni. Fræðilegar og formlegar kröfur um heildarsamræmi í refsiréttinum réðu þar tæplega úrslitum. Löggjafinn hefur í hendi sér að áréttu séreðli eða alvarleika brota með öðrum hætti en ákvörðun um tegund refsingar eða refsímörk, m.a. með sérstökum fyrningarreglum um þau, eins og þegar var gert 1998. Í sérstökum fyrningarreglum um kynferðisbrot gegn börnum fólst mikilvægt frávik frá meginreglum refsiréttar um fyrningu brota. Kröfur um samræmi í fyrningarreglum refsilaga þóttu ekki standa því í vegi og viku fyrir efnislegum kröfum um að tekið yrði tillit til eðlis þessara brota og stöðu brotaþola. Breytingar á fyrningarreglum með lögum nr. 61/2007 eru framhald af þeirri þróun.

Fallast má á að afnám fyrningar sakar vegna alvarlegra kynferðisbrota gegn börnum styðjist við marktæk rök. Þó er ekki að öllu leyti ljóst hver raunveruleg áhrif breytingarinnar kunna að verða. Má því vera, til langs tíma litið, að breytingin eigi eftir að reynast fremur táknræn en að hún hafi verulega raunhæfa þýðingu. Vegna erfiðleika við sönnun leiða breytingarnar ekki sjálfkrafa til að fleiri mál upplýsist og sakfellingum fjölgi. Vart þarf að fara mörgum orðum um að rannsókn og saksókn í málum sem kærð kunna að verða árum eða jafnvel áratugum eftir að meint brot áttu sér stað verða ýmsum örðugleikum háð, rétt eins og í öðrum tilvikum þar sem brot eru ófyrnanleg. Reynir þar á að finna eðlilegt jafnvægi milli hagsmuna brotþola, réttinda meints brotamanns og ríkisvaldsins af því að upplýsa brotin og fá fram refsingu ef því er að skipta. Eftir stendur þó að með því gera alvarleg kynferðisbrot gegn börnum ófyrnanleg hefur löggjafinn tekið þá afstöðu að brot þessi séu svo alvarleg vegna langvarandi afleiðinga þeirra að þau skuli lúta sömu fyrningarreglum og alvarlegustu glæpir sem varðað geta ævilöngu fangelsi. Í þessu atriði liggja meginskilaboðin sem felast í breytingunum sem gerðar voru á reglum um fyrningu kynferðisbrota gegn börnum með lögum nr. 61/2007.

Heimildaskrá

Alþingistíðindi, A-deild:

2007-2008, 2006-2007, 2005-2006, 2004-2005, 2003-2004, 1998-1999, 1997-1998.

Alþingistíðindi, B-deild:

1997-1998, 1996-1997.

Ágúst Ólafur Ágústsson (2006). „Um fyrningu kynferðisbrota gegn börnum.“ *Tímarit lögfræðinga* 2, 199-203.

Ársskýrsla ríkissaksóknara:

2001-2007.

Ársskýrsla Stígamóta:

2006 og 2007.

Baugalín (2000). *Launhelgi lyganna*. Reykjavík: Mál og menning.

Bárður Ragnar Jónsson og Páll Rúnar Elísson (2007). *Breiðavíkurdrengur – brotasaga Páls Elísonar*. Reykjavík: Mál og menning.

Bogdan, R.C., og Biklen, S.K. (1998). *Qualitative Research for Education. An Introduction to Theory and Methods*. 3. útg. Boston: Allyn and Bacon.

Bogi Nilsson (2007). „Rannsókn kynferðisbrota gegn börnum.“ *Afmælisrit. Jónatan Þórmundsson sjötugur, 19. desember 2007*. Reykjavík: Codex, 75-93.

Breyting á fyrningarákvæðum almennra hegningarlaga (2005). Ritstjórnargrein. *Tímarit lögfræðinga* 2, 129-131.

DV (2006, 10. janúar). *Einhentur kennari sagður nauðga piltum*. Bls. 1 og 8.

DV (2008, 21. ágúst). *Mæður vara við barnaníðingi*. Bls. 1 og 4.

Eiríkur Tómasson (2008). „Stjórnarskráin setur skoðana- og tjáningarfrelsi dómara skorður.“ Rökstólar. Þátttaka dómara í almennum umræðum um viðfangasefni dómstóla. *Úlfjótur* 2, 328-329.

Freyr Ófeigsson (2007). „Hugleiðing um refsíakvarðanir.“ Sótt 19. nóvember 2008 á <http://www.domstolar.is/greinar/nr/275/>

Gerður Kristný (2005). *Myndin af pabba – saga Thelmu*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.

Halldór Kiljan Laxness (1959). *Salka Valka*. 3. útg. Reykjavík: Helgafell.

Heimir Örn Herbertsson (2007). „Hver er svo saklaus?“ *Afmælisrit. Jón Steinar Gunnlaugsson*. Reykjavík: Lögrétta, 23-30.

Helga Jónsdóttir (2003). „Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð.“ *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri, 67-84.

Holmes, S.T., og Holmes, R.M. (2009). *Sex Crimes. Patterns and Behavior*. 3. útg. Los Angeles: SAGE.

Hrafn Bragason (2008). „Traust á dómsvaldi í skoðanakönnunum II.“ *Fréttablaðið* 11. apríl 2008.

- Hrefna Ólafsdóttir (2002). „Fimmta hver stúlka misnotuð og tíundi hver drengur.“ (Viðtal.) *Morgunblaðið* 17. september 2002.
- Íslensk orðabók (2002). Ritstjóri Mörður Árnason. Reykjavík: Edda.
- Jón Steinar Gunnlaugsson (2008a). „Mál af þessu tagi.“ *Lögrétta* 2, 97-109.
- Jón Steinar Gunnlaugsson (2008b). „Æskilegt að dómara taki þátt í almennum umræðum um verkefni dómstóla.“ *Rökstólar. Þátttaka dómara í almennum umræðum um viðfangsefni dómstóla. Úlfljótur* 2, 330-331.
- Jónatan Þórmundsson (1992). *Viðurlög við afbrotum*. Reykjavík: Orator.
- Katrín Jakobsdóttir (2008). „Upplýst umræða forsenda réttarríkis?“ *Rökstólar. Þátttaka dómara í almennum umræðum um viðfangsefni dómstóla. Úlfljótur* 2, 332-334.
- Kolbrún Sævarsdóttir (2006). „Réttarstaða brotþola.“ *Bifröst, rit lagadeildar Háskólans á Bifröst*. Bifröst: Háskólinn á Bifröst.
- Nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 (2008). *Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979*. (Skýrsla lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007-2008.) Reykjavík: Forsætisráðuneytið.
- La prescription de l'action publique en matière de viol* (2007, október). Skýrsla franska þingsins um nauðgun. Sótt 23. nóvember 2008 á <http://www.senat.fr/lc/lc178/lc178.pdf>
- Les infractions sexuelles commises sur les mineurs* (2004, mars). Skýrsla franska þingsins um kynferðisbrot gegn börnum. Sótt 23. nóvember 2008 á <http://www.senat.fr/lc/lc133/lc133.pdf>
- Mannlíf* (2007, 21. ágúst). 12. tbl., 24. árg. *Fimm hættulegustu níðingarnir. Hverjir eru þeir? Hvað gerðu þeir? Hvar búa barnaníðingarnir?* Bls. 1 og 16-24.
- Miller-Perrin, C.L., og Perrin, R.D. (2007). *Child Maltreatment. An Introduction*. 2. útg. London: SAGE.
- Morgunblaðið* (2007, 2. febrúar). *Milduðu dóminn*. Bls. 1.
- Morgunblaðið* (2008, 13. ágúst). *Talsmenn dómstóla?* Bls. 12.
- Morgunblaðið* (2008, 14. ágúst). *Dómstólar ráði til sín fjölmiðlafulltrúa*. Bls. 20.
- Morgunblaðið* (2008, 4. desember). *Sr. Gunnar ekki til starfa að svo stöddu*. Bls. 18.
- Om endringer i straffeloven og skadeserstatningsloven m m (seksuelle overgrep mot barn). Ot. prp. nr. 20 (1991-1992).
- Páll Þórhallsson (2007). „Opinber umræða um dómsmál. Hvernig endurreisum við traust til dómstóla?“ *Afmælisrit. Jón Steinar Gunnlaugsson*. Reykjavík: Lögrétta, 33-42.
- Ragnheiður Bragadóttir (2006). *Kynferðisbrot*. Ritroð Lagastofnunar Háskóla Íslands 3. Reykjavík.
- Safn greinargerða við almenn hegningarlög* (1989). Reykjavík: Úlfljótur.
- Sigrún Sigurðardóttir (2007). *Kynferðisleg misnotkun og önnur áföll í æsku og áhrif þeirra á heilsufar og líðan kvenna. Fyrirbærafræðileg rannsókn. Verkefni til meistaraþrófs í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri*.
- Skýrsla nauðgunarmálanefndar* (1989). Reykjavík: Dómsmálaráðuneytið.

- Svala Ísfield Ólafsdóttir (2007). „Fyrning kynferðisbrota gegn börnum.“ *Stjórnsmál og stjórnsýsla* 2, 39-64.
- Svala Ísfield Ólafsdóttir (1997). „*Heggur sá er hlífa skyldi*“ – skýrsla um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum. Reykjavík: Umboðsmaður barna.
- Taylor, S.J., og Bogdan, R. (1998). *Introduction to Qualitative Research Methods. A Guidebook and Resource*. 3. útg. New York: Wiley.
- Umsögn refsiréttarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, 520. mál á 130. löggjafarþingi (2004, 30. mars). Sótt 1. janúar 2009 á www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=130&malnr=520&dbnr=1638&nefnd=a

Dómaskrá

Dómar Hæstaréttar

- H 333/1998 frá 11. febrúar 1999.
- H 307/2000 frá 15. febrúar 2001.
- H 409/2000 frá 15. mars 2001.
- H 212/2001 frá 11. október 2001.
- H 454/2001 frá 14. mars 2002.
- H 460/2001 frá 18. apríl 2002.
- H 212/2001 frá 11. október 2002.
- H 420/2001 frá 28. febrúar 2002.
- H 10/2002 frá 24. apríl 2002.
- H 40/2002 frá 24. apríl 2002.
- H 83/2002 frá 16. maí 2002.
- H 196/2002 frá 3. október 2002.
- H 169/2002 frá 19. september 2002.
- H 359/2002 frá 30. janúar 2003.
- H 394/2002 frá 13. febrúar 2003.
- H 511/2002 frá 6. mars 2003.
- H 4/2003 frá 8. maí 2003.
- H 176/2003 frá 20. nóvember 2003.
- H 414/2003 frá 26. febrúar 2004.
- H 463/2003 frá 25. mars 2004.
- H 464/2003 frá 26. febrúar 2004.

H 475/2003 frá 6. maí 2004.
H 32/2004 frá 29. apríl 2004.
H 99/2004 frá 18. júní 2004.
H 215/2004 frá 16. desember 2004.
H 334/2004 frá 10. febrúar 2005.
H 335/2004 frá 10. mars 2005.
H 356/2004 frá 21. mars 2005.
H 393/2004 frá 21. mars 2005.
H 27/2005 frá 26. maí 2005.
H 148/2005 frá 20. október 2005.
H 152/2005 frá 27. október 2005.
H 284/2005 frá 26. janúar 2006.
H 472/2005 frá 6. apríl 2006.
H 220/2006 frá 26. október 2006.
H 298/2006 frá 23. nóvember 2006.
H 329/2006 frá 1. febrúar 2007.
H 36/2007 frá 24. maí 2007.
H 48/2007 frá 31. maí 2007.
H 287/2007 frá 1. nóvember 2007.
H 341/2007 frá 13. desember 2007.
H 539/2007 frá 15. maí 2008.
H 658/2007 frá 23. apríl 2008.
H 83/2008 frá 19. júní 2008.

Héraðsdómar

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra frá 7. mars 2007. Mál nr. S-438/2006.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness frá 12. september 2008. Mál nr. S-547/2008.